


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fyrirtækjagjafir








# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
11. nóvember 2010
265. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Menntaskólinn á Akureyri 80 ára

*Skemmtidagskrá í Kvosinni.*

**tímamót** 30

## Mr. Gay Europe sleginn af

*Vilhjálmur Þór fékk óvæntar sárabætur.*

**fólk** 62



## Hamarskonur á toppinn

*Hamarskonur unnu Keflavík í uppgjöri taplausu liðanna í kvennakörfunni.*

**sport** 56

## veðrið í dag




**STORMUR SA-LANDS** Í dag verður víða strekkingur eða allhvasst en stormur SA-lands fram á kvöld. Él N- og A-lands en bjartviðri SV-til. Frost 0-7 stig.

VEÐUR 4

# Segir ekkert út af borðinu

**Forsætisráðherra segir niðurstöður sérfræðinga um skuldavanda leggja grunn að endanlegri lausn. Niðurstöðurnar takmarkandi og villandi segir formaður Framsóknarflokksins. Samráðsfundur fer fram í dag.**

**EFNAHAGSMÁL** Mikilvægt er að niðurstöður sérfræðingahóps sem kortlagt hefur skuldavanda heimilanna verði grunnur að samráði sem leiði til þess að varanleg lausn finnist á vandanum segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

Sérfræðingahópurinn telur að um 10.700 heimili séu í skuldavanda vegna fasteignalána. Hópurinn reiknaði út áhrifin af ýmsum leiðum til að leysa úr vandanum.

„Þetta eru mjög athyglisverðar niðurstöður sem þarna koma fram, nú er verkefnið að vinna úr þessum niðurstöðum,“ segir Jóhanna.

„Það er ekkert út af borðinu,“ segir Jóhanna. Haldinn verður samráðsfundur með fulltrúum fjármálastofnana og öðrum hagsmunaaðilum í dag til að ræða niðurstöður sérfræðingahópsins.

Hún segir ljóst að stór hópur fólks sé í skuldavanda, og sumir í svo miklum að vart verði hægt að grípa til aðgerða til að sá hluti haldi heimilum sínum. Sá hluti gæti verið á bilinu þrjú þúsund til fimm þúsund manns, segir Jóhanna. Koma verði til móts við þennan hóp með félagslega kerfinu og kaupleigukerfi svo fólk þurfi ekki að flytja af heimilum sínum.

> Ef eitthvað er hefur niðurstaðan styrkt mig í þeirri skoðun minni að flöt niðurfærsla sé besta leiðin.
>
> MARINÓ G. NJÁLSSON
> HAGSMUNASAMTÖKUM HEIMILANNA

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með niðurstöðu sérfræðinganna.

Hann bendir á að niðurstaðan taki til dæmis ekki tillit til þess kostnaðar sem óhjákvæmilega verði til, verði ekkert að gert til að koma til móts við heimili í skuldavanda. Svo virðist sem reiknað sé með því að allar skuldir muni innheimtast að fullu, sem sé fjarri því að vera veruleikinn.

Sigmundur Davíð segist þeirrar skoðunar að almenn niðurfærsla sé enn heppilegasta leiðin til að koma til móts við fólk í skuldavanda, en til viðbótar þurfi sértækar aðgerðir fyrir þá sem dugar ekki niðurfærslan.

Einn þeirra sem sæti átti í sérfræðingahópnum, Marinó G. Njálsson, stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna, ætlar að senda frá sér sérálit þar sem meðal annars verða birtar upplýsingar sem ekki koma fram í skýrslu sérfræðingahópsins.

Marinó segir að skoða verði hvað aðgerðirnar nái til margra heimila, ekki bara hversu mörgum af þeim sem séu í brýnasta vandanum þær hjálpi. Hann segir þau neysluviðmið sem útreikningarnir miði við of lág, vandinn sé því víðtækari en skýrslan gefi til kynna.

„Ef eitthvað er hefur niðurstaðan styrkt mig í þeirri skoðun minni að flöt niðurfærsla sé besta leiðin,“ segir Marinó. Hann segir að skoða verði heildaráhrifin af slíkri aðgerð, ekki eingöngu áhrifin á þá sem séu í verstri stöðu.

- bj / sjá síðu 4



**STERKIR Á SVELLINU** Tveir búddamunkar nutu veðurblíðunnar í Reykjavík í gær. Tjörnin er ísilögð og notuðu þeir tækifærið og gengu yfir hana þvera á leið sinni niður í miðbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þrjátíu vilja í Kauphöllina:

## Stefna á skráningu Egilshallar

**VIÐSKIPTI** Færa á Smáralind og Egilshöll saman inn í Fasteignafélag Íslands og skrá félagið í Kauphöllina að ári. Ekki er útilokað að fleiri eignir fari inn í félagið, svo sem húsnæði World Class í Laugum í Reykjavík.



HELGI S. GUNNARSSON

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins ehf., dótturfélags Landsbankans, segir vinnu komna á fullt skrið, búið sé að ráða framkvæmdastjóra og fjármálastjóra til Fasteignafélagsins.

Þrjátíu fyrirtæki hafa skoðað möguleikana sem felast í skráningu á hlutabréfamarkað, samkvæmt upplýsingum úr Kauphöllinni.

- jab / sjá síðu 16

Um 15 þúsund fyrirtæki hafa enn ekki skilað ársreikningum vegna síðasta árs:

# Hótað 250.000 króna sektum

**VIÐSKIPTI** Um fimmtán þúsund fyrirtæki hafa ekki skilað ársreikningi vegna ársins 2009 og sex þúsund til viðbótar hafa trassað að skila ársreikningi vegna ársins 2008. Fyrirtækjunum verður á næstunni sent bréf þar sem sektir eru boðaðar skili þau ekki ársreikningum innan 30 daga.

„Við höfum verið að vinna í því að bæta skil á ársreikningum,“ segir Skúli Jónsson, forstöðumaður fyrirtækjaskrár. Talsverður misbrestur hefur verið á skilum ársreikninga til skrárinnar undanfarin ár, en aðeins hefur verið gripið til sekta í afar takmörkuðu um mæli.

Fyrirtækjaskrá getur sektað fyrirtæki um allt að 250 þúsund krónur skili þau ekki ársreikningum. Skili fyrirtæki ekki ársreikningum tvö ár í röð hækkar sektin í 500 þúsund krónur.

Skil á ársreikningum eru mikilvæg svo hægt sé að meta stöðu fyrirtækja, segir Tómas Már Sigurðsson, formaður Viðskiptaráðs. Hann segir ráðið leggja mikla áherslu á ársreikningaskil. - bj









## SPURNING DAGSINS



*Friðrik, þeim hefur ekki dottið í hug að kalla þig bara Fred the Viking?*

„Jú reyndar. Nemendunum fannst magnað að fá brimbrettakennslu frá Fred the Viking from Iceland."

Friðrik Guðjónsson var áður verðbréfamiðlari en fór til Havaí og tók að sér brimbrettakennslu. Hann segist ýmist hafa verið kallaður The Viking eða Fred.

Meintur svikahrappur veitir viðtal og fullyrðir að trúgjarna tónskáldið ljúgi:

# Demókratar skila styrk Helgu og Bedi

**LÖGREGLUMÁL** Helga Ingvarsdóttir og Vickram Bedi, parið sem grunað er um að hafa svikið allt að 20 milljónir Bandaríkjadala út úr bandaríska auðkýfingnum og djasspíanistanum Roger Davidson, gáfu 20 þúsund dali í kosningasjóð Demókrataflokksins fyrr í ár. Við það tækifæri sátu þau fyrir á mynd með Barack Obama Bandaríkjaforseta.

Bandarískir fjölmiðlar fjölluðu um málið í gær og höfðu samband við Hvíta húsið. Þar fengust þær upplýsingar að vegna fjársvikamálsins yrði styrkurinn látinn renna til góðgerðamála.

Parið er sakað um að spinna ótrúlega lygasögu um vírus frá Hondúras, indverskan hermann og valdasjúka pólska presta úr reglunni Opus Dei og nota hana til að hræða Davidson og fá hann til að moka í þau fé.

Bedi veitti vefnum Journal News viðtal úr fangelsinu í gær. Þar fullyrðir hann að Davidson ljúgi. Davidson sé ofsóknaróður skattsvikari og klámhundur sem hafi gefið parinu stórfé fyrir að endurheimta 30 ára tónsmíðasafn af hrundum hörðum diski. - sh



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Helga og Bedi sitja fyrir á mynd með Bandaríkjaforseta.

Vafi leikur á um lögmæti:

# Mál Betsson til lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu mun á næstunni kanna lögmæti auglýsinga veðmálafyrirtækisins Betsson.

Dómsmálaráðherra vísaði málinu til lögreglustjóra, en auglýsingar Betsson hafa birst á strætisvagnaskýlum undanfarið. Samkvæmt lögum um happdrætti er bannað að auglýsa, kynna eða miðla upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir hér á landi. Gildir þá einu hvort sú starfsemi sé rekin hérlendis eða ekki. - þj



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK** Hluti starfseminnar flutti inn í janúar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt hús HR formlega vígt:

# Loftsteinn lagður að HR

**MENNTAMÁL** Nýbygging Háskólans í Reykjavík við Nauthólsvík verður formlega tekin í gagnið í dag en öll starfsemi skólans hefur nú flust þar inn. Hornsteinn verður lagður að byggingunni af þessu tilefni – enginn venjulegur steinn heldur loftsteinn sem bakhjarlar skólans hafa gefið honum.

Ari Kristinn Jónsson rektor segir fagnaðarefni að skólinn sé nú loks fluttur að fullu í nýju bygginguna. Spurður um loftsteininn segir hann að það hafi þótt við hæfi að fá loftstein sem hornstein þar sem nöfn kennslu- og skrifstofa skólans bera nöfn úr sólkerfinu. - mþl

Kalla eftir sniðgöngu:

# Vilja að KSÍ aflýsi landsleik

**ÍÞRÓTTIR Félagið Ísland-Palestína krefst þess að Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) aflýsi fyrirhuguðum vináttulandsleik Íslands og Ísraels þegar í stað. Ástæðan er framganga Ísraelsmanna á herteknu svæðum Palestínu. Leikið verður í Tel Aviv þann 17. þessa mánaðar.**

**Í tilkynningu frá félaginu segir að KSÍ væri nær að sniðganga Ísrael á meðan „þarlend stjórnvöld stunda hernám og landrán".** - þj

# Fjórar hænur sendar fyrir dóm borgarráðs

**Guðrún Þura Kristjánsdóttir á Hjallavegi er gráti næst því umhverfissvið borgarinnar neitar henni um að halda fjórar landnámshænur í kjölfar kvörtunar frá nágrannakonu. Guðrún segir þær Lukku, Grímu, Bíbí og Gæfu yndislegar.**

**DÝRAHALD** „Þetta er hrikalega ömurlegt. Ég ætla að skjóta þessu til borgarráðs," segir Guðrún Þura Kristjánsdóttir, sem umhverfisráð Reykjavíkur hefur synjað um að halda fjórar landnámshænur við heimili sitt á Hjallavegi.

Hænurnar Lukka, Gríma, Bíbí og Gæfa eru í kofa sem Guðrún notaði áður fyrir kanínur og stendur nærri íbúðarhúsinu í stórum bakgarði. Hænurnar fékk hún í ágúst í fyrra. Þær voru inni í bílskúr í fyrravetur en hafa verið í kofanum síðan í sumarbyrjun. Hænurnar komu til kasta borgaryfirvalda þegar nágranni gerði athugasemd.

Skipulags- og byggingarsvið segir íslenska hefð að flokka hænsnfugla sem húsdýr. „Engin hefð er fyrir því að líta á hænsnfugla sem gæludýr í skilningi laga og reglugerða," segir skipulagssviðið og mælir gegn því að hænurnar fái að vera.

Umhverfis- og samgönguráð kveðst fagna því að borgarbúar vilji stuðla að sjálfbærum lífsháttum og fjölbreyttu dýralífi í borginni. „Slíkt verður hins vegar að gerast í sátt og samlyndi við aðra borgarbúa," segir ráðið og synjar Guðrúnu um leyfið með vísan til umsagnar skipulagssviðsins og til þess að „ekki virðist sátt hjá nágrönnum um hina fiðruðu íbúa".

Guðrún segir alla nágrannana jákvæða nema eina konu sem hafi kvartað. „Þessi kona býr tuttugu metra hér frá. Hún þykist finna lykt í ákveðinni vindátt. Það er meiri lykt af hænsnaskít sem maður kaupir en skítnum úr mínum hænum," segir hún ósátt.

Guðrún leggur áherslu á að hænurnar séu afar vistvænar. „Þær éta alla matarafganga og ég nota skítinn sem áburð. Þess utan gefa þær okkur frá einu upp í fjögur egg á dag," segir hún og undirstrikar jafnframt að þær Lukka, Gríma, Bíbí og Gæfa séu afskaplega skemmtilegar.

„Þær eru bæði vinalegar og sætar og flottar svona marglitar. Dóttir mín og önnur börn elska þær og nágrannarnir gauka gjarnan að þeim matarafgöngum," lýsir Guðrún og tekur að lokum fram að lítill hávaði berist frá hænsnahópnum enda sé þar enginn hani á meðal.

„Þær fara að sofa klukkan sex á kvöldin og heyrist ekki í þeim fyrr en upp úr sjö eða átta næsta morgun. Þá gagga þær dálítið fram undir hádegi ef þær eru á varptíma. Hinum nágrönnunum finnst þetta bara kósí. Manni þykir vænt um þær og þess vegna er þetta svona ömurlegt. Ég er alveg gráti næst," segir Guðrún Þura. gar@frettabladid.is



**GUÐRÚN OG HÆNURNAR** Þótt Hjallavegur sé í landnámi Ingólfs Arnarsonar eiga landnámshænur ekki heima í borgarlandinu frekar en aðrar hænur, segir umhverfisráð, sem synjar Guðrúnu Þuru Kristjánsdóttur um leyfi til að halda hænurnar Lukku, Grímu, Bíbí og Gæfu í bakgarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LONDON Í GÆR** Mótmælin í gær eru þau viðamestu gegn aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnar Davids Cameron hingað til. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæla skólagjöldum:

# Stúdentaóeirðir í Bretlandi

**LONDON, AP Tugir þúsunda háskólanema söfnuðust saman í London í gær til að mótmæla fyrirhuguðum hækkunum á skólagjöldum í breskum háskólum.**

**Ofbeldi blossaði upp þegar hluti mótmælendanna réðst gegn lögreglu og inn í höfuðstöðvar Íhaldsflokksins sem er í forystu í ríkisstjórn Bretlands. Stjórnin hefur undanfarið kynnt áætlanir um niðurskurð á ríkisútgjöldum. Samkvæmt tillögunum þrefaldast skólagjöld við breska háskóla og munu nema jafngildi 1,6 milljóna íslenskra króna.** - mþl

Um 8.500 skrifað undir:

# Sunnlendingar mótmæla

**MÓTMÆLI** Sunnlendingar munu safnast saman við Alþingishúsið í dag klukkan fjögur til að mótmæla fyrirhuguðum niðurskurði á framlögum til heilbrigðismála.

Þar verða undirskriftalistar afhentir forsætis-, heilbrigðis- og fjármálaráðherra en um 8.500 Sunnlendingar hafa skrifað undir yfirlýsingu þar sem niðurskurðinum er mótmælt, sem jafngildir því að 44 prósent kosningabærra manna í heilbrigðisumdæmi Suðurlands. Sunnlendingar óttast að niðurskurðurinn muni valda lokun sjúkrahúsa og er í yfirlýsingunni skorað á stjórnvöld að koma í veg fyrir það. - mþl




Mannréttindadómstóll Evrópu skoðar fjóra dóma yfir íslenskum blaðamönnum:

# Tvö meiðyrðamál til Strassborgar

**FJÖLMIÐLAR** Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg hefur samþykkt að taka til meðferðar tvö meiðyrðamál sem íslenskir blaðamenn hafa tapað.

Annars vegar er um að ræða svokallað Vikumál, sem blaðamaðurinn Björk Eiðsdóttir tapaði fyrir Ásgeiri Þór Davíðssyni, þekktum sem Geira á Goldfinger.

Í hinu málinu fékk eigandi skemmtistaðarins Strawberries Erlu Hlynsdóttur, þá á DV, dæmda fyrir ummæli Davíðs Smára Helenarsonar.

Íslenska ríkið hefur fengið frest til 16. febrúar til að skila inn athugasemdum um málin og svara því hvernig viðmiðin sem beitt var í málunum samræmast mannréttindasáttmála Evrópu og hvort brýna nauðsyn hafi borið til að takmarka tjáningarfrelsi blaðamannanna.

Tvö önnur mál sem Erla Hlynsdóttir tapaði eru þegar til meðferðar hjá dómstólnum. Annað þeirra vann fíkniefnasmyglarinn Rúnar Þór Róbertsson. Hann hafði verið kallaður kókaínsmyglari á forsíðu DV vegna máls sem hann síðar var sýknaður í. Rúnar var í fyrra dæmdur í tíu ára fangelsi í Papeyjarmálinu svokallaða.

Í hinu málinu fékk eiginkona Guðmundar í Byrginu bætur fyrir að vera bendluð við afbrot manns síns í DV. - sh



**ERLA HLYNSDÓTTIR** Af fjórum fréttum skrifaði þrjár þeirra Erla Hlynsdóttir, þá blaðamaður á DV en nú á Vísi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Kringlan
4 Sparidagar
Nýtt kortatímabil
Sparidagar frá fimmtudegi til sunnudags.
Frábær jólatilboð, spennandi tískusýning og skemmtiatriði.
Það er skemmtilegra að byrja snemma.
Komin í jólaskap
Opið til 21 í kvöld
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 11.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,09 | 111,63 |
| Sterlingspund | 178,34 | 179,20 |
| Evra | 153,01 | 153,87 |
| Dönsk króna | 20,525 | 20,645 |
| Norsk króna | 18,962 | 19,074 |
| Sænsk króna | 16,456 | 16,552 |
| Japanskt jen | 1,3572 | 1,3652 |
| SDR | 173,96 | 175,00 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
204,9921

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarstjóri og formaður borgarráðs funduðu með samgönguráðherra:

# Hætt við samgöngumiðstöð

**SAMGÖNGUR** Samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli var slegin út af borðinu á fundi borgarstjóra og samgönguráðherra síðdegis í gær en í staðinn ákveðið að finna aðra leið til að bæta aðstöðu farþega þar til flugvöllurinn færi.

Nýir ráðamenn Reykjavíkurborgar mættu ekki til fundar við nýjan samgönguráðherra til að fylgja eftir stefnumörkun sem fimm fyrrverandi borgarstjórar og tveir fyrrverandi samgönguráðherrar hafa staðið að; að byggja samgöngumiðstöðina, sem ríki og borg hafa undirbúið saman í sex ár. Fulltrúar borgarinnar, með þá Jón Gnarr borgarstjóra og Dag B. Eggertsson, formann borgarráðs, í broddi fylkingar, kúventu stefnu borgarinnar og sögðu nú engan vilja fyrir samgöngumiðstöð, enda væri verið að undirbúa brotthvarf flugvallarins, að sögn aðstoðarmanns borgarstjóra, Björns Blöndal.

Ögmundur Jónasson samgönguráðherra staðfestir að samgöngumiðstöðin sé nú út af borðinu. Samkomulag sé þó um að ná niðurstöðu um að bæta aðstöðu farþega innanlandsflugs enda sé ljóst að þrátt fyrir ágreining um framtíð flugvallarins verði hann þar næstu ár. **- kmu**



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Samgönguráðherra staðfestir að samgöngumiðstöðin sé nú út af borðinu.

Segir tal um kostnað villandi:

# Enn hlynntur niðurfellingu

**EFNAHAGSMÁL** Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, segist enn hlynntur almennri niðurfellingu eftir að hafa séð útreikninga sérfræðingahóps ríkisstjórnarinnar.

Hann segir kolranga framsetningu að tala um kostnað við hverja leið án þess að reikna kostnaðinn við að gera ekki neitt, sem geti orðið verulega hár.

Hann segir almenna niðurfellingu nýtast mun fleirum en þeim verst settu, fjöldi fólks geti rétt haldið sér á floti og ekki sé langt í að sá hópur gefist upp. **- bj**

Skýrsla veldur vonbrigðum:

# Takmörkuð og villandi skýrsla

**EFNAHAGSMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir skýrslu sérfræðingahóps ríkisstjórnarinnar valda miklum vonbrigðum, framsetningin sé takmörkuð og villandi.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Hann segir að reikna verði með því að kostnaður hljótist af því að gera ekki neitt, og reikna verði þann kostnað á móti kostnaðinum.

Sigmundur segist enn þeirrar skoðunar að fara eigi í almenna niðurfærslu lána, þó einnig verði að bregðast við tilfellum þar sem það dugi ekki til eitt og sér. **- bj**

Gott að kortleggja vandann:

# Engin töfralausn í boði

**EFNAHAGSMÁL** Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir mikilvægt að búið sé að kortleggja skuldavanda heimilanna. Miðað við niðurstöður sérfræðingahópsins sé ljóst að engin ein lausn dugi ein og sér, engin töfralausn sé í boði.



**ÓLÖF NORDAL**

Ólöf segir að ýmsar af þeim leiðum sem hafi verið ræddar, til dæmis almenn niðurfelling skulda, komi til móts við lítið hlutfall þeirra sem séu í mestum vanda. Ein af þeim leiðum sem skoða ætti betur er til dæmis hækkun vaxtabóta, segir Ólöf. **- bj**

# Engin ein leið bjargar öllum

**Sértæk skuldaaðlögun og hækkun vaxtabóta virðast bestu kostirnir af þeim sem sérfræðingahópur lagði mat á þegar tekið er tillit til kostnaðar. Niðurfærsla lána um 15,5 prósent kostar um 185 milljarða króna.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað kemur fram í skýrslu sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna?

Engin ein leið sem hægt er að fara til að greiða úr skuldavanda vegna fasteignakaupa dugir til að bjarga öllum sem eru í greiðsluvanda. Þetta er niðurstaða sérfræðingahóps stjórnvalda sem mat mismunandi leiðir til að leysa úr skuldavanda heimilanna.

Sérfræðingahópurinn telur í grófum dráttum tvær leiðir til að koma til móts við þá sem eru í vanda. Annars vegar sé hægt að lækka greiðslubyrði þeirra. Hins vegar megi afskrifa skuldir, sem hefði í för með sér lækkun á greiðslubyrði.

Sérfræðingarnir fóru yfir alls ellefu leiðir sem nefndar hafa verið. Þar sem því var við komið var metið hversu mörgum hver leið myndi bjarga, og hver kostnaðurinn væri við hverja leið fyrir sig. Kostnaðurinn mun falla á ríkið, íbúðarlánasjóð, bankana og lífeyrissjóðina.

Þrjár leiðir voru svo flóknar að nær útilokað var talið að meta áhrifin. Þar var um að ræða tengingu afborgana við tekjur, eignarnám og niðurfærslu skulda með gerðardómi og svokallaða tveggja þrepa nálgun.

### Sértæk skuldaaðlögun hagkvæm

Eftir stóðu átta leiðir sem starfshópurinn gerði úttekt á. Áhrifin af þeim leiðum, og kostnaðinn við hverja og eina, má sjá á meðfylgjandi mynd.

Sú leið sem virðist vænlegust þegar tekið er tillit til kostnaðar og þess fjölda sem hún getur hjálpað standist raunar þegar til boða, en það er svokölluð sértæk skuldaaðlögun. Í henni felst að kröfuhafar færa niður fjárskuldbindingar fólks í greiðsluvanda að greiðslugetu þeirra. Kostnaður við þá leið er um 10 milljónir á hvert heimili sem kemst úr skuldavandanum.

Næsthagkvæmasta leiðin virðist vera hækkun vaxtabóta, sem kostar tæpar 28 milljónir fyrir hvert heimili sem bjargast, eða um 1,3 milljónir króna á ári.

Flöt lækkun skulda um 15,5 prósent kostar margfalt meira en sértæka skuldaaðlögunin, en skilar minni árangri hjá þeim 10.700 heimilum sem sannarlega eru í skuldavanda að mati sérfræðinganna. Kostnaður fyrir hvert heimili sem kemst úr vanda er um 123 milljónir króna.

### Lækkun vaxta nær til flestra

Hægt væri að ná til flestra þeirra sem eru í vanda með því að lækka vexti af húsnæðislánum í þrjú prósent. Kostnaðurinn við það er hins vegar gríðarlegur, 240 milljarðar króna. Fyrir hvert heimili sem bjargast úr skuldavanda væri kostnaðurinn um 92 milljónir yrði sú leið farin.

Starfshópurinn mat ekki kostnaðinn af því að gera ekki neitt til að taka á skuldavandanum. Í skýrslunni kemur fram að verði ekkert gert megi annars vegar búast við því að fleiri nýti sér þau úrræði sem nú séu í boði, svo sem sértæka skuldaaðlögun. Hins vegar megi búast við að kostnaður verði til vegna gjaldþrota heimila sem ekki ráða við skuldir sínar.

**brjann@frettabladid.is**

### Greining sérfræðingahópsins á mögulegum úrræðum fyrir heimili í skuldavanda



Heimili í vanda: Vandi leystur / Enn í vanda / Kostnaður

| Úrræði | Vandi leystur | Enn í vanda | Kostnaður |
|---|---|---|---|
| Sértæk skuldaaðlögun | 19,6% | 80,4% | 18 TIL 26 MILLJARÐAR |
| Flöt lækkun skulda um 15,5 prósent | 14,0% | 86,0% | 185 MILLJARÐAR |
| Niðurfærsla skulda miðað við upphaflega lánsfjárhæð | 11,7% | 88,3% | 155 MILLJARÐAR |
| Lækkun skulda í 110 prósent af verðmæti eigna | 8,4% | 91,6% | 89 MILLJARÐAR |
| Lækkun skulda í 100 prósent af verðmæti eigna | 11,8% | 88,2% | 125 MILLJARÐAR |
| Stiglækkandi niðurfærsla skulda í 90 prósent af verðmæti eigna | 13,6% | 86,4% | 150 MILLJARÐAR |
| Hækkun vaxtabóta | 13,6% | 86,4% | 40 MILLJARÐAR |
| Lækkun vaxta af húsnæðislánum í 3 prósent | 24,3% | 75,7% | 240 MILLJARÐAR |

### Um 10.700 heimili í skuldavanda

Niðurstaða starfshóps stjórnvalda er að um það bil 10.700 heimili af þeim 72.800 heimilum sem eru með fasteignalán eigi í skuldavanda. Hlutfall heimila í vanda er því um 14,7 prósent.

Mikill meirihluti þeirra sem eru í vanda á það sameiginlegt að hafa keypt húsnæði á árunum 2004 til 2008. Vandinn er misjafn eftir fjölskyldumynstri. Þannig er fjórðungur einstæðra foreldra í vanda en aðeins um átta prósent hjóna og sambúðarfólks. Flest þeirra heimila sem eru í vanda, yfir 80 prósent, eru á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VINDASAMT** Búast má við stormi um landið suðaustanvert fram á kvöld en það verður áfram nokkuð hvasst á landinu á morgun. Á laugardag dregur smám saman úr vindi og ofankomu og á sunnudag lítur út fyrir hægan vind og bjart veður en hins vegar mikinn kulda.




**Á MORGUN** Víða allhvasst N- og V-til.

**LAUGARDAGUR** Dregur smám saman úr vindi og ofankomu.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 13° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 11° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 1° |
| París | 14° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*



# Jólahlaðborð
## HÚSASMIÐJUNNAR

**hefst í dag í Skútuvogi**
**opið alla daga kl. 18 - 20**

**Aðeins 990kr**

**Hefst kl.18:00 í dag**

### MATSEÐILL

Ekta svína pörusteik - Bayonneskinka
Reyktar medister pylsur - Kjúklinganaggar
Kjúklingalæri - Sveitapaté - Kaldir
sjávarréttir (rækjur, túnfiskur, reyktur lax)
Síldarsalat með karrí - Síldarsalat
með rauðrófum - Marineruð síld
Rúgbrauð - Flatkökur - Snittubrauð



**Meðlæti**

Brúnaðar kartöflur - Kartöflusalat
Kartöflustrá - Heit brún sósa
Waldorfsalat - Ferskt salat
Grænar baunir - Rauðkál - Kokteilsósa

blómaval

## Jólaskreytingakvöld
í Skútuvogi

**Miðvikudag 17. nóv**
**fimmtudag 18. nóv**
**kl. 20:00-22:00**



Skreytingameistarar Blómavals taka á móti gestum og sýna það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum og skrauti.

**Skráið ykkur í síma 5 800 500**
**eða á blomaval.is**

Takmarkaður sætafjöldi - Ókeypis aðgangur

HÚSASMIÐJAN

**JÓLAVERSLUNIN ÞÍN**
Í SKÚTUVOGI



# OPIÐ TIL KL. 21:00
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

## KJÖRKASSINN



*Telur þú eðlilegt að sendiráð starfræki eftirlitshópa líkt og bandaríska sendiráðið gerir?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 35,3% |
| NEI | 64,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við niðurstöður sérfræðingahóps um skuldir heimilanna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Kona sem býr á Hrafnistu í Hafnarfirði neitar að hlýða banni við að fóðra útigangsketti við stofnunina:

# Gefur köttum að éta á meðan hún á mat

**FÓLK** „Ég læt þessa menn ekki kúga mig. Ég gef þeim að éta sem ég vil – bæði fólki og köttum,“ segir Elísabet Brynjólfsdóttir, 77 ára íbúi á Hrafnistu í Hafnarfirði, sem viðurkennir ekki bann stofnunarinnar við því að íbúar fóðri villiketti.

Elísabet segir tvær læður sækja að íbúð hennar á jarðhæð Hrafnistu. Hún gefi þeim að éta svo lengi sem hún eigi mat.

„Þessir háu herrar verða að athuga að ég vil ekki mýs hérna. Ég hef fengið mús og konan við hliðina á mér flýði til mín undan músum. Er ekki betra að hafa kisurnar í hrauninu heldur en mýs eða rottur?“ spyr Elísabet ósátt við aðgerðir gegn útigangsköttunum.

„Þeir enduðu jólin í fyrra á að ná í síðasta kettlinginn þegar þeir voru búnir að drepa móðurina og systkinin,“ segir Elísabet sem skorar á stjórnendur Hrafnistu að sýna í hvaða skjóli þeir telji sig geta bannað íbúum að fóðra dýrin.

„Þeir sögðu að þetta væri stranglega bannað en ég bað þá að koma með þann lagabókstaf sem segir að ég megi ekki gefa þessum dýrum. Ég ætla hvorki að spyrja þá lægstu né hæstu á Hrafnistu hvað ég geri á meðan ég borga fyrir veru mína 130 til 140 þúsund á mánuði. Þeir verða þá bara að reka mig út.“ **- gar**



**ELÍSABET BRYNJÓLFSDÓTTIR** Hvað er svona brotlegt við það að gefa tveimur læðum dálítinn fisk og mjólkurdreitil, spyr Elísabet sem reglulega fóðrar útigangsketti sem sækja að garðhurðinni hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Telja uppsagnir geta bætt þjónustuna

**39% forstöðumanna ríkisins telja sig geta bætt þjónustu með því að segja upp hluta starfsmanna og ráða nýja í staðinn, samkvæmt könnun Ríkisendurskoðunar. Aðeins 13% telja að lagaumhverfi um ríkisstarfsmenn stuðli að skilvirkni.**

**STJÓRNSÝSLA** Aðeins 13% forstöðumanna ríkisstofnana segjast telja að lög og reglur um ríkisstarfsmenn stuðli að skilvirkum ríkisrekstri. 65% forstöðumannanna telja ekki að lagaumhverfið stuðli að skilvirkni en 21% hópsins er hlutlaust gagnvart spurningunni.

43% forstöðumanna telja sig ekki geta sagt upp starfsmönnum vegna þess að starfsöryggi sé svo stór þáttur í starfskjörum ríkisstarfsmanna. 39% forstöðumanna ríkisins telja sig geta bætt þjónustu sinnar stofnunar ef hluta starfsmanna yrði sagt upp og nýir ráðnir í staðinn.

Þetta kemur fram í könnun, sem Ríkisendurskoðun gerði í sumar á viðhorfi forstöðumanna til starfsmannamála og kynnt var á morgunverðarfundi Ríkisendurskoðunar, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála í gær. Um 80 prósent af 206 forstöðumönnum ríkisstofnana svöruðu spurningum Ríkisendurskoðunar. Ingunn Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, segir að könnunin sé þáttur í heildarúttekt á mannauðsmálum ríkisins sem Ríkisendurskoðun vinnur að og áætlar að skila viðamikilli skýrslu um mannauðsmál ríkisins í lok þessa mánaðar. „Í skýrslunni munum við koma með ábendingar sem við beinum til fjármálaráðuneytisins um hvernig á að bregðast við þessu,“ segir Ingunn.

Hún nefnir að helstu ástæður þess að þessir forstöðumenn segja ekki upp starfsmönnum þótt það geti bætt þjónustuna tengist því að lagaumhverfið um málefni starfsmanna ríkisins sé flókið, viðhorfið til áminninga og uppsagna innan opinbera geirans sé neikvætt og starfsöryggi ríkisstarfsmanna sé álitið mikilvægt. Aðeins um helmingur forstöðumanna láti fara fram reglulegt og formlegt mat á frammistöðu starfsmanna. Í því sambandi geti skipt máli að forstöðumenn séu iðulega ráðnir sem sérfræðingar á fagsviði stofnunar fremur en sérfræðingar í stjórnun.

Um 24.000 starfsmenn eru í þjónustu ríkisins og segir Ingunn að launakostnaður ríkisins hafi numið um 120 milljörðum króna á árinu 2009. **peturg@frettabladid.is**



**RÍKISENDURSKOÐUN** Viðamikil úttekt á starfsmannamálum ríkisins stendur nú yfir. Könnun meðal forstöðumanna leiðir í ljós að 61% þeirra hefur aldrei veitt starfsmanni skriflega áminningu og 79% hafa aldrei sagt upp starfsmanni í kjölfar áminningar.

**Viðhorf forstöðumanna ríkisstofnana**




Heimild: Könnun Ríkisendurskoðunar


# FJÁRÖFLUNARGLEÐI

**Félags Fulbright styrkþega á Íslandi**

verður haldin á Hótel Nordica laugardaginn 13. nóvember kl. 19.00. Boðið verður upp á glæsilegt þriggja rétta Þakkargjörðarhlaðborð.



Veislustjóri er **Þóra Arnórsdóttir,** fréttamaður.

Ræðumenn kvöldsins eru Luis E. Arreaga, nýskipaður sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og Jón Baldvin Hannibalsson, fv. Fulbrightþegi og sendiherra Íslands í Washington.

Fjölbreytt skemmtiatriði og tónlistarflutningur í boði.

Allur ágóði verður lagður í sjóð til auka við fjölda íslenskra nemenda sem hljóta árlega Fulbright styrki til náms í Bandaríkjunum.

Aðgangur er öllum opinn. Miðapantanir eru teknar með því að senda netpóst á alumni@fulbright.is eða hringja í Fulbright stofnunina í síma 552 0830. Miðar greiðast við pöntun með því að leggja upphæð inn á reikning 0301-26-10084, kt. 560169-2569. Einstaklingar geta valið um þrennar fjárhæðir; 10.000 kr., 20.000 kr. og 50.000 kr.
Maki eða gestur greiðir 6.500 kr.

Samstarfsaðilar Fulbright Alumni við skipulagningu hátíðarinnar eru Fulbright á Íslandi, bandaríska sendiráðið og The Icelandic American Business Forum (IABF).

FULBRIGHT


Landsvirkjun hyggst leggja minni áherslu á framkvæmdir og meiri á arðsemi:

# Stefnt að fimmfaldri arðsemi 2030

**ORKUMÁL** Landsvirkjun kynnti í gær drög að framtíðarsýn fyrirtækisins næstu ár og áratugi. Stefnt er að því að auka arðsemi fyrirtækisins, fjölga viðskiptavinum til muna og auka áhersla á markaðs- og viðskiptaþróun, rannsóknir og nýsköpun. Nái fyrirætlanir fyrirtækisins um aukna raforkusölu fram að ganga opnast möguleikinn á miklum arðgreiðslum til eigenda.

Landsvirkjun hefur sett sér það markmið að fjölga viðskiptavinum sínum um tíu til tuttugu á næstu tíu árum og skulu þeir viðskiptavinir vera úr iðngreinum sem greiða um 50 prósent hærra verð en áliðnaðurinn. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir þetta krefjandi en raunhæft markmið miðað við markaðsaðstæður í Evrópu. „Verð hefur hækkað og verið sveiflukenndara en áður þannig að við teljum að við getum höfðað til stærri hóps en áður,“ segir Hörður. Hann bætir við að Landsvirkjun muni nú beina sjónum sínum að viðskiptavinum sem geti verið annars eðlis en álverin. „Álverin eru traustir greiðendur með jafna notkun sem eru tilbúnir til að gera langa samninga. Nú erum við líka að líta til aðila sem eru með breytilega notkun og kannski ekki tilbúnir til að gera langtímasamninga. Það er gott að blanda þessu saman.“

Til að ná markmiðum sínum hyggst Landsvirkjun auka til muna áherslu á markaðsstarf erlendis og verður því beint að stórum en afmörkuðum hópum svo sem rekstraraðilum gagnavera. **- mþl**



**HÖRÐUR ARNARSON** Mikil stefnumótunarvinna hefur farið fram hjá Landsvirkjun frá því að Hörður tók við forstjórastöðunni fyrir um ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Make-up: Teint Parfait N°5, Touche Eclat N°2, Crème de Blush N°3, Mascara Singulier N°1, L'Eyeliner Noir, Touche Brillance N°14.

YVES SAINT LAURENT

MASCARA SINGULIER

ÝKT AUGNHÁR – DRAMATÍSK FÖRÐUN

Maskari sem þorir að gera allt – þykkir mjög mikið, lengir og sveigir – hjúpar augnhárið allt frá rótum eins og eyeliner stroka og augnaráðið verður einstakt og ómótstæðilegt.

**Tilboðsverð á Mascara Singulier kr. 3.750 – venjulegt verð 4.848.-**

**YSL KYNNINGARDAGAR 11. – 17. NÓVEMBER Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND.**

Kaupauki að hætti YSL – **JÓLAÖSKJUARNAR ERU KOMNAR**.

Verið velkomin.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

www.ysl.com



Aldrei minni lestur á Morgunblaðinu:

# Forskot Fréttablaðsins eykst

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið heldur yfirburðastöðu sinni á íslenskum dagblaðamarkaði samkvæmt nýrri lestrarkönnun Capacent. Hvern dag má gera ráð fyrir að um tvöfalt fleiri lesi Fréttablaðið að meðaltali en Morgunblaðið.

Meðallestur á hvert tölublað Fréttablaðsins mælist nú 60,9 prósent. Það er örlítið minni lestur en mældist í síðustu könnun, en þá lásu 61,4 prósent Íslendinga blaðið.

Lestur Morgunblaðsins minnkar einnig milli kannana, lækkar úr 32,1 prósenti í 31,5 prósent.

Athygli vekur að lestur Morgunblaðsins hefur aldrei mælst minni. Lestur annarra blaða er ekki kannaður af Capacent

Munurinn á lestri dagblaðanna er mestur í hópi lesenda á aldrinum 18 til 49 ára. Meðallestur á hvert tölublað í þeim hópi mælist 60,4 prósent hjá Fréttablaðinu, en 23,4 prósent hjá Morgunblaðinu.

Könnun Capacent var gerð í síma og nær yfir tímabilið 4. ágúst til 31. október. Niðurstöðurnar eru byggðar á svörum 2.408 manns á aldrinum 12 til 80 ára.

- mþl

**Meðallestur hvers tölublaðs undanfarið ár**




## Framkvæmdirnar

- Ljúka á tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Í því felst jafnframt að flytja vegstæði hennar fjær álverinu í Straumsvík. Reiknað er með að kostnaður við framkvæmdina nemi sex milljörðum króna. Áætlað er að verkið taki fjögur ár.
- Á Suðurlandsvegi eru áætlaðar umfangsmiklar framkvæmdir. Tvöfalda á veginn í þremur áföngum og byggja nýja brú yfir Ölfusá. Samtals er áætlað að framkvæmdir á Suðurlandsvegi kosti á sextánda milljarð. Fimm ár tekur að ljúka öllum köflum.
- Á Vesturlandsvegi er ætlunin að hafa 2+1 veg upp að Hvalfjarðargöngum. Lagning hans, auk mislægra gatnamóta á leiðinni, kostar á þriðja milljarð. Verkið er talið taka tvö ár.
- Þá er gert ráð fyrir að grafin verði göng um Vaðlaheiði. Kostnaðarmat þeirrar framkvæmdar er á níunda milljarð. Framkvæmdatími er talinn verða þrjú ár.



**REYKJANESBRAUTIN** Áformað er að lokið verði við tvöföldun og færslu Reykjanesbrautarinnar 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Reykjanesbrautin flutt fjær álverinu

**Áformaðar vegaframkvæmdir eru mesta átak í umferðaröryggismálum sem ráðist hefur verið í. Framkvæmdirnar verða á vegum sérstakra hlutafélaga. Ráðherra segir brýnt að fara sem fyrst af stað.**

**FRAMKVÆMDIR** Meðal framkvæmda sem ráðist verður í, þegar og ef semst um fjármögnun milli ríkisins og lífeyrissjóðanna, er að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Í því felst jafnframt að flytja vegstæði hennar fjær álverinu í Straumsvík.



KRISTJÁN MÖLLER

Að sögn Hreins Haraldssonar vegamálastjóra er í skipulagi Hafnarfjarðarbæjar gert ráð fyrir flutningi brautarinnar. Byggist það á fyrirheitum bæjarins til álversins um lóð handan núverandi Reykjanesbrautar þegar stækkun þess var áformuð.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa viðræður ríkisins og lífeyrissjóðanna um fjármögnun gengið vel og binda forvígismenn aðila vonir við að samningar kunni að vera á næsta leiti.

Kristján Möller, sem stýrir viðræðunum af hálfu ríkisins, segir ákaflega brýnt að koma framkvæmdum sem fyrst af stað. Fjöldi starfa og öryggi sé undir. „Það er algjört frost á markaðnum og því mikilvægt að geta byrjað sem fyrst. En þetta er ekki bara atvinnumál heldur líka mesta átak í umferðaröryggismálum sem ráðist hefur verið í og því afar þjóðhagslega hagkvæmt."

Framkvæmdirnar á suðvesturhorninu verða á vegum sérstaks hlutafélags í eigu ríkisins sem einnig annast rekstur og viðhald veganna. Frumvarp um heimild til að stofna slíkt félag varð að lögum í sumar. Innheimt verða veggjöld til að standa straum af kostnaði við framkvæmdir.

Annað félag verður stofnað um Vaðlaheiðargöngin. Verður það í eigu Vegagerðarinnar og sveitarfélaga nyrðra. Samkvæmt Kristjáni Möller hafa sveitarfélög heitið hlutafjárframlögum upp á um 200 milljónir króna.

Í undirbúningsvinnu vegna framkvæmdarinnar hefur verið notast við gögn Greiðrar leiðar, félags í eigu sveitarfélaga og KEA sem stofnað var fyrir nokkrum árum til að vinna að framgangi Vaðlaheiðarganga. Rukkað verður fyrir umferð um göngin.

bjorn@frettabladid.is

SIÐMENNT
KYNNINGARFUNDUR UM BORGARALEGA FERMINGU
Kynningarfundur fyrir unglinga sem áhuga hafa á borgaralegri fermingu vorið 2011 og aðstandendur þeirra verður haldinn laugardaginn 13. nóvember kl. 11 í Háskólabíói sal 1.
Skráning á eyðublaði á www.sidmennt.is
Skráningu lýkur 30. nóvember n.k.

Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is
JÓLASTELPURNAR OKKAR
VERÐ FRÁ 6.990 KR. EINTAKIÐ
Farðu inn á www.oddi.is og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.
ODDI

TILBOÐ MÁNAÐARINS
HJARTAMAGNÝL
689 KR.
Apótekið –einfalt og ódýrt
Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
vísir.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 91340
oryggi.is
Hollráð gegn innbrotum
Setjið öryggiskerfi ávallt á vörð
Jafnvel þó heimilið sé einungis yfirgefið í skamma stund. Setjið öryggiskerfi á „næturstillingu" þegar fjölskyldan fer að sofa.
Fleiri hollráð gegn innbrotum er að finna á oryggi.is
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!

Við óskum Háskólanum í Reykjavík til hamingju
með nýtt og glæsilegt húsnæði





Ístak hf. Engjateigi 7 Sími 530 2700 Fax 530 2724 istak@istak.is www.istak.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvar hefur eldra fólki verið bannað að fóðra villiketti?*

2 *Hvað heitir sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi?*

3 *Hvert er stærsta fyrirtæki landsins?*

**SVÖR**

1. *Við Hrafnistu í Hafnarfirði.* 2. *Timo Summa.* 3. *Bakkavör Group.*

Stjórnlagaþing fær fyrirspurn:

## Kirkjan vill álit frambjóðenda

**ÞJÓÐKIRKJAN** Biskupsstofa hefur sent öllum frambjóðendum til stjórnlagaþings bréf með fyrirspurn um afstöðu þeirra til sambands ríkis og kirkju.

Frambjóðendur eru beðnir um að svara því hvort þeir telji ástæðu til þess að breyta 62. grein stjórnarskrárinnar sem fjallar um samband ríkis og kirkju. Árni Svanur Daníelsson, upplýsingafulltrúi Biskupsstofu, segir könnunina til komna vegna umræðunnar í samfélaginu um samband ríkis og kirkju. Málið sé mikilvægt og skipti kirkjuna máli. Svörin verða svo öll birt á vef þjóðkirkjunnar. 62. greinin hljómar svo: „Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.“ - sv

# Ráðherra fokvondur yfir uppsögn fréttamanns RÚV

**Forkastanlegt og út í hött, segir Össur Skarphéðinsson um uppsögn Þórhalls Jósepssonar. Þórhallur vann sér það til saka að skrifa bók um Árna Mathiesen. Formaður félags fréttamanna gerir ekki athugasemd.**

**FJÖLMIÐLAR** „Mér finnst það forkastanlegt að fréttamanni Ríkisútvarpsins sé sagt upp störfum vegna þess að hann skrifar samtalsbók við fyrrverandi stjórnmálamann. Mér finnst það algjörlega út í hött.“

Svo mælti Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á Alþingi í gær. Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hóf umræðu um uppsögn Þórhalls Jósepssonar fréttamanns og lýsti furðu sinni á ákvörðuninni. Þórhalli var vikið úr starfi eftir að í ljós kom að hann hafði skrifað bók um Árna M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra.

Fréttastjórinn Óðinn Jónsson sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær. Hann kveðst aldrei hafa gefið samþykki fyrir því að Þórhallur ritaði bók um fyrrverandi ráðherra. Þórhallur hefði ámálgað það við hann, en hann ekki getað tekið afstöðu til þess þar eð Þórhallur vildi ekki upplýsa um hvaða fyrrverandi ráðherra væri að ræða. Síðan hafi hann ekkert frétt af málinu fyrr en um daginn, þegar bókin var nærri tilbúin. Vegna þess trúnaðarbrests hefði hann þurft að segja Þórhalli upp.

Í yfirlýsingu Óðins kemur fram að á því tímabili sem Þórhallur hafi verið að skrifa ævisöguna hafi Árni margoft verið til umfjöllunar og umræðu í fréttum og þáttum á vegum RÚV, eins og annarra fjölmiðla. Það gefi augaleið að starfandi fréttamaður geti ekki átt í leynilegu trúnaðar- og starfssambandi við fyrrverandi ráðherra við þær aðstæður.



**ÞÓRHALLUR OG DAVÍÐ** Hér sést Þórhallur Jósepsson bregða á leik með Davíð Oddssyni á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í september 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÓÐINN JÓNSSON

„Með þessari framgöngu fréttamannsins var vegið að trúverðugleika Fréttastofu RÚV og því trausti sem þarf að ríkja á ritstjórn þessa mikilvæga fjölmiðils í almannaeigu,“ segir í yfirlýsingu Óðins.

„Starfsmenn ríkisins hljóta eins og allir aðrir íslenskir þegnar að hafa rétt á því að tjá sínar eigin skoðanir í gegnum bók með þessum hætti,“ sagði Össur. „Ég held að þetta hljóti að vera handan við það sem rétt er og siðlegt, án þess að ég þori að fullyrða að það sé löglaust.“

„Auðvitað er þetta ömurlegt mál vegna þess að Þórhallur er vandaður drengur og góður fréttamaður. Það er gríðarleg eftirsjá að honum,“ segir Aðalbjörn Sigurðsson, formaður Félags fréttamanna, um uppsögnina.

Aðalbjörn segir að það hafi komið starfsfólki RÚV mjög á óvart þegar það frétti að Þórhallur væri langt kominn með bókina, enda telur hann það ekki samrýmast störfum fréttamanns að skrifa bók um svo áberandi persónu í þjóðlífinu. Þórhallur hefði alltaf átt að fara í leyfi frá fréttamennskunni á meðan.

„Þórhallur segist vera að skoða sína stöðu og mér skilst að það varði frekar formið á uppsögninni heldur en ástæðuna. Við munum náttúrulega standa við bakið á honum ef ekki var rétt að þessu staðið, en við ástæðuna get ég í rauninni ekki gert athugasemd,“ segir Aðalbjörn.

stigur@frettabladid.is

### Lára Hanna rekin

Láru Hönnu Einarsdóttur, sem flutt hefur reglulega pistla í Morgunútvarpi Rásar 2, hefur verið gert að hætta störfum. Að hennar sögn er ástæðan sú að hún skrifi jafnframt pistla á vefritið Smuguna, sem er að hluta í eigu Vinstri grænna. Hætta sé á að almenningur tengi hana við flokkinn.


MAGNKASSAR:

Nautahakk 3 kg (5X600 gr)
Hamborgarar 80 gr 10 stk
Hamborgarar 115 gr 10 stk
Ítalskar hakkbollur 2 x 1 kg
Sænskar hakkbollur 1 kg
Nauta gúllas 1 kg
VERÐ 13.480 (FRYSTIVARA)

Nýtt!
Lamba Helgarsteik úr læri
Beint frá bónda í Öxnadal.
Lamba Helgarsteikinni fylgir villisveppasósan okkar frítt með

Helgardesertinn
Ekta frönsk súkkulaðimousse

Gjafakort Kjötkompaní
Tilvalin lausn fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Nautahakkið og Hamborgararnir okkar eru úr 100% hreinu nautakjöti

Erum farnir að taka pantanir fyrir jólin

Kjötkompaní

Dalshrauni 13 og Grensásvegi 48, sími 578-9700










# Jóla-kaupaukinn 2010




Allir sem versla í Body Shop um þessar mundir fyrir **5490 kr. eða meira** fá í kaupbæti ilmgóða og glitrandi "Body Butter"-húðnæringu (200ml) með kókosolíu.

Þess vegna er tilvalið að kaupa jólagjafirnar í Body Shop, nú eða farða, snyrti- og dekurvörur til eigin nota. Njótið vel!

THE BODY SHOP™

Kringlunni Smáralind Glerártorgi



**HAUSKÚPA MEÐ HATT** Í Bólivíu tíðkast að halda árlega dag hauskúpunnar til að þakka látnum fyrir veitta vernd. Á þeim degi, sem nú síðast var haldinn 8. nóvember, eru hauskúpur dubbaðar upp og þeim færðar fórnir. NORDICPHOTOS/AFP

# Leita að ólöglegum leysigeislabúnaði

**Lögreglan á Akureyri leitaði í gær að ólöglegum leysigeislabúnaði sem beint hefur verið inn í íbúðarhús og að gangandi vegfarendum að undanförnu. Í fyrrakvöld var geislanum beint að flugstjórnarklefa farþegaflugvélar í aðflugi.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri leitaði í gær að ólöglegum leysigeislabúnaði sem beint hefur verið að húsum, fólki og síðast í fyrrakvöld að flugvél í aðflugi að Akureyrarflugvelli.

Flugvélin, sem er frá Flugfélagi Íslands, var að koma inn til lendingar um hálfáttaleytið í fyrrakvöld þegar beint var að stjórnklefa hennar sterkum leysigeisla. Gunnar Jóhannsson, lögreglufulltrúi á Akureyri, segir að samkvæmt lýsingum á atvikinu hafi geislinn lýst flugstjórnarklefann upp. Flugmennirnir gerðu flugturninum viðvart og hann hafði samband við lögreglu skömmu síðar.

Gunnar segir nokkurn veginn vitað um staðsetningu þess eða þeirra sem vörpuðu geislanum á flugvélina, samkvæmt lýsingum flugmannanna. Talið er að honum hafi verið beint úr bíl sem var staddur á Vaðlaheiðinni. Þar hafi fundist hjólför, en ekki hafi verið hægt að ráða af þeim hvort um fólksbíl eða jeppa hafi verið að ræða. Lögregla hafi kannað sumarhúsabyggð á heiðinni en það hafi engu skilað.

Fimm tilkynningar hafa borist lögreglu um leysigeisla sem beint hafi verið að fólki að undanförnu. Í tveimur tilvikum hafði geisla verið beint inn í hús, í tveimur tilvikum að gangandi vegfarendum og loks að bifreið í akstri. Engin tenging finnst milli málanna, að sögn Gunnars sem segir tilkynningarnar hafa sýnt að geislinn hafi borist frá mismunandi stöðum.

„Það virðist vera að þarna séu á ferðinni óprúttnir náungar með svona verkfæri undir höndum og hafi verið að beina geislanum í ýmsar áttir, að minnsta kosti í sex skipti í síðastliðnum mánuði. Gallinn við þetta er sá, að geislinn er svo sterkur og dregur svo langt að það er erfitt að gera sér grein fyrir því hvaðan hann kemur.“

Gunnar bætir við að geislinn dragi fleiri hundruð metra ef ekki kílómetra.

„Þetta er ekki talinn löglegur búnaður í almannaeigu, því tækið getur valdið ónæði og hættu, og jafnvel augnskaða og þess háttar,“ segir Gunnar. Hann bætir við að atvikið með flugvélina sé stóralvarlegt mál og algert ábyrgðarleysi. jss@frettabladid.is



**STERKUR LEISERGEISLI** Fólk á Akureyri hefur að undanförnu orðið fyrir ónæði af völdum leisergeisla sem beint hefur verið að því á heimilum eða utan þeirra.

Nöfnin tilkynnt á laugardag:

## Þrír verða í sannleiksnefnd

**ÞJÓÐKIRKJAN** Tilnefningar forsætisnefndar kirkjuþings til sannleiksnefndarinnar verður fyrsta mál á dagskrá kirkjuþings sem sett verður á laugardaginn næstkomandi. Sannleiksnefndin á að rannsaka viðbrögð þjóðkirkjunnar við kynferðisbrotum og munu þrír skipa hana. Þeir eiga að vera óháðir stofnunum og embættum þjóðkirkjunnar.

Pétur Hafstein, forseti kirkjuþings, segir nefndina fá fullan aðgang að þeim gögnum kirkjunnar sem hún telji nauðsynleg til að vinna að rannsókninni. nefndarmenn munu ekki sinna nefndarstörfum í fullu starfi, heldur meðfram þeim störfum sem þeir gegna nú þegar. Kirkjuþing þarf að samþykkja tilnefningarnar og verða þær tilkynntar á laugardag. - sv



**MATARSKAMMTAR BERAST** Farþegarnir hafa þurft að láta sér nægja naumt skammtað neyðarfæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óskemmtileg skemmtiferð:

## Dráttarbátar til bjargar skipinu

**BANDARÍKIN, AP** Meira en þrjú þúsund farþegar og hátt í 1.500 manna áhöfn á skemmtiferðaskipinu Carnival Splendor fengu loks aðstoð í gær þegar fyrstu dráttarbátarnir frá Mexíkó komu til að toga skipið til hafnar.

Skipið hefur rekið stjórnlaust út af vesturströnd Mexíkó síðan eldur braust út í vélarrúmi skipsins á mánudaginn.

Þessa daga sem síðan eru liðnir hafa farþegarnir hreint ekki fengið þann lúxus sem greitt var fyrir. Loftkælikerfi hafa ekki virkað, netsamband hefur legið niðri og farsímar virka ekki. Ekkert heitt vatn hefur heldur fengist og eini maturinn í boði eru matarskammtar sem borist hafa með þyrlum. - gb


Klingjum inn jólin

Öll gjafavara og smávara á 20-40% afslætti.
Frá fimmtudegi til sunnudags.
Flott hönnun, fágað handbragð.




menu 40% | mono 40% | RCR 30% | ROSENDAHL COPENHAGEN 20% | RITZENHOFF 20% | Rosenthal 20% | ALESSI 20% | SKAGERAK DENMARK 20% | driade 20% | Screwpull 20%

Kringlan:
Fimmtudag: 10-21
Föstudag: 10-19
Laugardag: 10-18
Sunnudag: 13-18

Casa

Skeifan 8:
Fimmtudag: 10-18
Föstudag: 10-18
Laugardag: 11-15
Sunnudag: 13-18

Úttekt Sameinuðu þjóðanna á lífsgæðum:

# Ísland fellur niður

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Lífsgæði í Noregi eru þau mestu í heimi, samkvæmt árlegri rannsókn þróunarnefndar Sameinuðu þjóðanna (SÞ). Ísland fellur úr þriðja sæti á listanum í það sautjánda. Simbabve er í neðsta sæti.

Fram kemur í skýrslu SÞ að fólk er að jafnaði heilbrigðara, ríkara og betur menntað í dag en nokkru sinni fyrr. Stjórnandi þróunardeildar SÞ, Helen Clark, tekur fram í skýrslunni að lönd geti almennt gert mikið til þess að bæta lífskjör fólks, þrátt fyrir bágan hagvöxt. „Nú er ljóst að ekki er hægt að mæla lífsgæði fólks einungis eftir fjármagni landa,“ segir Clark í skýrslunni. „Einnig verður að taka tillit til þess hvort fólk getur lifað löngu og heilbrigðu lífi og hvort allir hafa tækifæri til menntunar.“

Síðan árið 1970 hafa lífslíkur fólks í arabaríkjum aukist úr 51 ári upp í 70 ár og er það mesta framþróunin á því sviði í heiminum. Barnadauði fór úr 98 á hver þúsund lifandi fædd niður í 38 og er það minna en meðaltal heimsins, sem er 44 börn af hverjum þúsund. - sv

LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is


Íbúfen 400 mg
30 stk. Áður: ~~566 kr.~~ Nú: 499 kr.
*gildir út nóvember 2010.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 52005 10/10



**EYJAFJALLAJÖKULL** Síðasta sumar voru nokkur þúsund birkitré gróðursett við Heklu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyjafjallagos eflir skógrækt:

## Eitt tré á móti hverjum mola

**VIÐSKIPTI** Eldgosið í Eyjafjallajökli jók til muna áhrif samnings sem Hraunverksmiðjan og Hekluskógar gerðu með sér í byrjun árs. Hekluskógar áttu samkvæmt samningnum að fá eitt tré fyrir hvern seldan hraungrip frá Hraunverksmiðjunni.

„Iceland Travel ferðaskrifstofan var fljót að kveikja á perunni og ákvað að nota hraun úr eldgosinu til landkynningar og vegna samvinnu þessara og fleiri aðila, og með aðstoð sumarstarfsmanna Landsvirkjunar hafa verið gróðursett nokkur þúsund birkitré við Hald sem er norðan Heklu, í nágrenni Hrauneyja,“ segir á vefnum. - óká

Sumarhúsaeigendur sárir:

## Telja sér úthýst úr Heiðmörk

**UMHVERFISMÁL** Félag sumarbústaðaeigenda í Heiðmörk óskar eftir rökstuðningi fyrir því að fækka eigi þar sumarhúsum vegna vatnsverndarsjónarmiða.

„Við flesta þessa bústaði hafa á undanförnum árum verið settar nýjar 3.200 lítra rotþrær samkvæmt ströngustu kröfum umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar,“ segir í bréfi félagsins til borgaryfirvalda.

„Það er okkar trú að þessi litlu sumarhús og eigendur þeirra geri frístundabyggðina fjölskrúðugri og skemmtilegri,“ segir enn fremur í bréfinu. - gar

Ertu í fjáröflun?

Félagasamtök
Íþróttafélög
10. bekkjafélög

Mikið úrval af jólapappír í pökkum einnig krullubönd jólakortum og pakkamiðum

Karton Ís Art ehf
S:565 1933
karton@karton.is

Nauðsynleg handbók á hverju heimili!




Tilvitnanir fyrir öll tækifæri!

FULLT VERÐ ~~6.490,-~~
TILBOÐSVERÐ 4.490,-
Gildir til 15.11.2010

FULLT VERÐ ~~6.490,-~~
TILBOÐSVERÐ 4.490,-
Gildir til 15.11.2010

Glæsilegar gjafabækur!

Vegvísir um draumheima

Greinargóðar skýringar á um tvö þúsund draumtáknum og leiðbeiningar um það hvernig lesandinn getur sjálfur lært að skilja mismunandi boð sem draumarnir færa honum. Nýja draumaráðningabókin er aðgengilegt uppflettirit – nútímaleg fróðleiksnáma!

Frá Aristótelesi til Ásdísar Ránar

Á fimmta þúsund tilvitnanir víða að úr heiminum og frá umliðnum 3000 árum – frá Grikkjum fornaldar til stjarnanna í dægurheimi samtímans. Lífsspeki aldanna jafnt sem kaldhæðni nútímans!

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Að aka meira og meira,

## Sértilboð á **rafgeymum**, **rúðuþurrkum** og **ljósaperum**




## Ökum betur í vetur – Engin vandamál, bara lausnir

Nú er sértilboð á rafgeymum, rúðuþurrkum og ljósaperum hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi.
Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | Kópavogi | Sími: 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | Sími: 460-4300 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ | Sími: 420-6600 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | Sími: 480-8000 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | Sími: 455-4570 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | Sími: 577-7080 |
| Bílatangi Ísafirði | Suðurgötu 9 | Ísafirði | Sími: 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | Akranesi | Sími: 431-5050 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | Sími: 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstaðir | Sími: 470-5070 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**


TOYOTA
meira í dag en í gær
Bílaleiga Húsavíkur
Toyota Akureyri
Bílaverkstæði Austurlands
Reykjavíkur
Toyota Selfossi
BATTERY
Þriggja ára ábyrgð
á Toyota rafgeymum
Today
Tomorrow
Toyota

# neytendur
hagur heimilanna

**20%** **KÍLÓVERÐ Á RÆKJUM** hefur hækkað um 20% á síðastliðnum átta árum.










**NEYTANDINN:** Knútur Bruun, lögfræðingur og hótelhaldari

## *Stjarnan er eignarhlutur í Hofi*



„Ég veit alveg hver voru mín bestu kaup,“ segir Knútur Bruun, fráfarandi lögmaður Myndstefs, hótelhaldari á Hofi í Öræfum og stjórnarformaður Fjarskiptafélags Öræfinga. Hann segir gæfuna fremur hafa verið sér hliðholla í margvíslegum viðskiptum í gegnum tíðina. Höfuðverkurinn sé að finna verstu kaupin.

Margir geta fundið til einhverja ógæfu í bílakaupum. „En ég hef alltaf verið andskoti heppinn með það og hef þó átt marga bíla,“ segir Knútur og rifjar um leið upp að hann hafi einnig gert mjög góð kaup þegar hann fyrir mörgum árum festi kaup á Lækjargötu tvö í Reykjavík af Ásbirni Ólafssyni, þar sem núna er verið að endurbyggja eftir bruna. „Það voru rosalega fín kaup þótt húsið kostaði mikla peninga og ég væri rosalega hræddur við þetta. En svo gekk þetta allt mjög vel og ég átti húsið í mörg ár og rak þar Listmunahúsið,“ segir Knútur, en kveður þar samt ekki komin bestu kaupin.

„Ég held samt að stjarnan í mínu lífi sé eignarhluti í jörðinni Hofi í Öræfasveit þar sem ég er kominn með gistiheimili núna. Þar er ég að láta teikna fyrir mig einbýlishús og þangað ætlum við að flytja, ég og mín ágæta kona, Anna Sigríður Jóhannsdóttir.“

Knútur segir að þeim hjónum líði ákaflega vel á Hofi. „Og það er gott fyrir karl sem er eins gráskeggjaður orðinn og ég að halla sér þar upp að klettaveggjunum og horfa út í Lómagnúp á annan vænginn og niður í Ingólfshöfða á hinn og yfir sandana og yfir jöklana og allt saman.“

Um verstu kaupin vill Knútur ekki margt segja annað en að eitt sinn hafi hann verið hluthafi í því að kaupa skip og það hafi verið hans verstu kaup á lífsleiðinni.

# Álagningin á bensín eykst milli mánaða

**Lítraverð á eldsneyti nálgast 200 krónur í fyrsta sinn síðan í sumar. Verð nánast það sama um allt land. Álagning olíufyrirtækjanna á bensínlítrann ekki meiri síðan í vor. Skattar nema rúmum helmingi af útsöluverði bensíns.**

Útsöluverð á eldsneyti hefur hækkað nokkuð á undanförnum vikum og er nú komið rétt upp undir 200 krónur á lítrann. Nánast sama verð er á útsölustöðum um allt land. Samkvæmt vefnum bensinverd.is var ódýrast að kaupa hjá Orkunni, þar sem lítrinn kostaði 198,3 á öllum stöðvum, en dýrast var að versla við Shell þar sem lítrinn var á 199,9 krónur. Þess má geta að bæði félögin eru í eigu Skeljungs hf.



RUNÓLFUR ÓLAFSSON

Þrátt fyrir verðhækkunina er ekki að sjá að hana sé að rekja til hærra innkaupaverðs á bensíni. Samkvæmt tölum frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), sem reiknar verðið út frá verðlagi og gengi Bandaríkjadals á hverjum tíma, var innkaupaverð auk opinberra gjalda, það sem af er nóvembermánuði, 167,3 krónur og meðalverð á sama tíma var 197,6 krónur.

Miðað við þær tölur er álagningin 30,3 krónur, en hún hefur ekki verið hærri frá því í maí þegar hún var 31,7 krónur. Þá hafði álagningin ekki verið hærri frá því í febrúar 2009.

Útsöluverð hefur hækkað um rúman þriðjung frá ársbyrjun 2009, en hluti af því er mikil stígandi í skattheimtu ríkisins.

Samkvæmt tölum FÍB hafa skattar farið úr 76 krónum á lítrann upp í 103, en náðu reyndar hámarki í apríl þegar 105,6 krónur af hverjum lítra, sem þá kostaði 210 krónur, runnu til ríkisins í formi skatta.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir í samtali við Fréttablaðið að þessar tölur bendi til þess að olíufélögin séu að bæta í álagninguna og það vinni upp lækkun á álagningu sem varð í sumar.

„Það kom svolítið fjör á markaðinn í sumar þegar Orkan reið á vaðið og var með sama verð á hverju sölusvæði, sem varð síðar sama verð um allt land. Þá minnkaði líka munurinn sem hafði alltaf verið á sjálfsafgreiðslustöðvum og þjónustustöðvum niður í 30 aura.“

Runólfur segir að þetta sé virkilega áhyggjuefni fyrir bifreiðaeigendur hér á landi.

„Við sjáum að lítraverðið er komið upp undir 200 krónur og það er ekki hvetjandi. Svo kemur þetta ofan í fréttir um að enn séu hugmyndir um að setja veggjöld á vegina til og frá Reykjavík, sem við í FÍB erum alfarið á móti.“

thorgils@frettabladid.is




Engar breytingar á jólamatnum þrátt fyrir transfitusýrureglur:

# Iðnaðurinn er kominn langt

**NEYTENDUR** Íslendingar eiga ekki að þurfa að hafa áhyggjur af miklum breytingum í matarundirbúningi þrátt fyrir að magn transfitusýra í mat verði takmarkað fyrir jólin.

Laufabrauð, smákökubakstur, kleinusteikingar og hangikjöt munu halda sínu striki og hefur matvælaiðnaðurinn í landinu þróast hægt og bítandi á síðustu árum í átt að transfitusýrulausum mat.

Kjartan Snorrason, bakarameistari hjá Kristjánsbakaríi, segir að hinar nýju reglur muni hafa lítil sem engin áhrif fyrir jólin.

„Markaðslega séð hefur þetta verið jákvætt og komið hægt og bítandi án þess að nokkur verði þess var,“ segir hann. Kjartan nefnir kleinur sem dæmi um þær breytingar sem hafa orðið í bakstri á notkun transfitu.



„Þetta er langmest mjúkt jurtafeiti,“ segir Kjartan. „Fyrir tíu árum síðan var hún fullhert en nú er þessi þróun komin hér að mjög stórum hluta. Ef þú handleikur kleinur í dag þá verður smá fita eftir á fingrunum og það er vegna þess að hún er mjúk.“

Ólafur Reykdal, matvælafræðingur hjá Matís ohf., tekur í sama streng og Kjartan og telur fullvíst að matvælaiðnaðurinn eigi auðveldlega eftir að geta valið hráefni þar sem transfitusýrur eru í lágmarki. - sv

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Chaplin

Nokkur af meistaraverkum Charlie Chaplin sýnd á stóra tjaldinu í Háskólabíói við lifandi undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN VÍS Morgunblaðið



## CHAPLIN-BÍÓTÓNLEIKAR

Fim. 11.11.10 » 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
Fös. 12.11.10 » 20:00

· **Charles Chaplin:** *Borgarljós (City Lights)*

**Frank Strobel** hljómsveitarstjóri

Horfðu á eitt af meistaraverkum Chaplins og njóttu um leið lifandi flutnings Sinfóníunnar undir stjórn Frank Strobel, eins helsta sérfræðings heims á sviði kvikmyndatónlistar. **Miðaverð er 2.500 kr.**



## BARNABÍÓ MEÐ CHAPLIN

Lau. 13.11.10 » 14:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
Lau. 13.11.10 » 17:00

· **Charles Chaplin:** *Hundalíf (A Dog's Life)*
· **Charles Chaplin:** *Iðjuleysingjarnir (The Idle Class)*

**Frank Strobel** hljómsveitarstjóri

Yngsta kynslóðin á skilið að kynnast Chaplin við bestu aðstæður. Tilvalin skemmtun fyrir alla fjölskylduna. **Miðaverð er 1.700 kr.**

**Miðasala** » www.sinfonia.is » Sími 545 2500 » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17

**800** **MILLJÓNIR EVRA,** jafnvirði 123 milljarða króna, er sekt sem ellefu flugfélög í Evrópu verða að greiða vegna samráðs í vöruflutningum á árabilinu 1999 til 2006.

# Smáralind skráð í Kauphöllina

**Reginn, dótturfélag Landsbankans sem á atvinnu- og skrifstofuhúsnæði sem bankinn tók yfir í kringum bankahrun, vinnur að því að skrá Fasteignafélag Íslands á markað innan árs. Átta fyrirtæki eru að skoða skráningu á hlutabréfamarkað á næstu tólf mánuðum.**

„Með skráningu eigna á markað fer stór hluti af eignum okkar í einu vetfangi. Þessar eignir sem fóru inn í bankana þurfa að fara úr þeim sem fyrst,“ segir Helgi S. Gunnarsson, forstjóri eignarhaldsfélagsins Regins, dótturfélags Landsbankans. Hann telur dreift eignarhald sem felst í markaðsskráningu farsæla lausn.

Félagið á 32 eignir, að mestu atvinnu- og skrifstofuhúsnæði sem er í útleigu og gefur af sér fastar tekjur. Þar á meðal er Smáralind í Kópavogi og íþrótta- og afþreyingarmiðstöðin Egilshöll í Grafarvogi.

Unnið er nú að skráningu fasteignanna á hlutabréfamarkað. Fasteignafélag Íslands, sem Saxbygg, félag Nóatúnsfjölskyldunnar svokölluðu og byggingarfélagsins Bygg, stofnuðu utan um rekstur Smáralindar á sínum tíma hefur verið eignalaust frá hruni. Inn í það munu Smáralind og Egilshöll fara ásamt öðrum fasteignum. Helgi útilokar ekki að húsnæði World Class í Laugum fari þangað sömuleiðis.

Framkvæmdastjóri var ráðinn yfir Fasteignafélag Íslands í síðustu viku og tekur fjármálastjóri við í vikunni. Leitað er eftir því að fylla í fleiri stöður eftir því sem nær líður hugsanlegri skráningu. Allir framkvæmdastjórar Smáralindar eru ýmist hættir eða gera það fljótlega.



**STÝRIR TUGUM FASTEIGNA** Eigendur Regins drógu lærdóm af söluferli Smáralindar, að sögn Helga S. Gunnarssonar, forstjóra Regins ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Smáralind var boðin til sölu í apríl síðastliðnum. Tveir áttu besta boð í félagið. Þeim var báðum hafnað í september.

Helgi segir fjárfesta frá Noregi, Írlandi og fleiri löndum hafa verið áhugasama um kaup á eignum Regins í fyrrahaust og hafi allt verið sett á fullt í fjárhagslegri endurskipulagningu. „Þeir voru að horfa til verslanamiðstöðva, hótela og fleiri eigna. Skilaboðin frá þeim voru þau að þeir vildu kaupa eignir og eiga í langan tíma,“ segir Helgi og bætir við að allt hafi verið sett á fullt í fjárhagslegri endurskipulagningu eigna félagsins og söluferli skipulagt. Eftir áramótin hafi áhugi fjárfesta hins vegar tekið að dvína. Bæði hafi dregið úr trausti á íslenskt efnahagslíf, óvissa í stjórnmálum sett strik í reikninginn ofan í gjaldeyrishöft. Þá munaði um að verð á sambærilegum eignum hrundi í Evrópu í fyrravor og leituðu fjárfestar því fremur þangað en hingað.

Gangi áætlanir eftir verður þetta fyrsta fasteignafélagið sem skráð er í Kauphöll hér. Slík félög eru þekkt á mörkuðum hinna Norðurlandanna.

jonab@frettabladid.is



**DYR MARKAÐARINS** Þrjú félög hafa opinberlega lýst yfir því að unnið sé að skráningu þeirra á hlutabréfamarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þrjátíu félög skoða skráningu:

## Þrjú á leið í Kauphöllina

Þrjú félög hafa þegar boðað opinberlega skráningu á hlutabréfamarkað á næstunni og þrjátíu félög skoðað þá möguleika sem felast í Kauphallarskráningu. Átta fyrirtæki munu í pípunum og geta íhugað að stíga skrefið inn í Kauphöll á næsta ári.

Félögin þrjú sem hafa boðað skráningu eru Hagar, móðurfélag Bónuss, Hagkaupa og fleiri verslana, sprotafyrirtækið Marorka og sjávarútvegsfyrirtækið Icelandic Group.

Í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti í júní, var birtur listi yfir 21 félag sem talið var skráningarhæft. Þar á meðal voru Hagar og Icelandic Group, auk Sjóvár og Skeljungs. Búið er að selja Skeljung með manni og mús en lokaviðræður standa nú yfir á stórum hlut í Sjóvá. - jab

**Þessi gætu farið á markað**

**Rekstrarfélög, framleiðsla og iðnaður:**
66° Norður, Eimskip, Jarðboranir, Promens.

**Fjármál og tengd þjónusta:**
Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn, MP Banki, TM, Valitor, VÍS.

**Sjávarútvegur:**
Brim, Samherji.

**Fasteignafélög:**
Fasteignafélagið Reitir.

**Upplýsingatækni:**
CCP, Vodafone, Síminn.








**ICELANDAIR** Félagið ætlar að fjölga flugleiðum frá Bandaríkjunum til áfangastaða á Norðurlöndum.

Icelandair kynnir Norðurlönd:

## Flýgur að vestan á nýju ári

Icelandair vinnur að kynningarherferð ferðamálaráða í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ferðamálastofurnar kynna löndin sameiginlega sem áfangastað ferðamanna með auglýsingum á götum, svo sem á strætóskýlum og vegaskiltum í New York, Boston og Seattle.

Fram kemur í tilkynningu frá Icelandair að flugfélagið muni á næsta ári bjóða áætlunarflug frá Bandaríkjunum til fjögurra borga í Noregi, tveggja borga í Danmörku og til Gautaborgar í Svíþjóð. - jab

Peningamálastefnan rædd:

## Ráðamenn sitja fyrir svörum

**Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Már Guðmundsson seðlabankastjóri sitja fyrir svörum á fundi um peningamál og gjaldeyrishöft í hádeginu í dag, fimmtudag.**

**Fyrir fundinum stendur Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og ber hann yfirskriftina „Peningamálastefna til framtíðar – Leiðin frá höftum til hagsældar“. Fundurinn er haldinn í Víkingasal Hótels Loftleiða. Aðalræðumenn eru Már Guðmundsson og Illugi Gunnarsson alþingismaður. Auk þeirra og fjármálaráðherra sitja í pallborði Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri GAMMA, og Ragnar Árnason prófessor. - óká**

Bílasala batnar vestanhafs:

## Tekjur GM aukast á milli ára

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors hagnaðist um tvo milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 224 milljarða króna, fyrir skatta og gjöld á þriðja ársfjórðungi.

Tekjur námu 34,1 milljarði dala á fjórðungnum, sem er 35,4 prósenta aukning frá sama tíma í fyrra. Góð bílasala í Bandaríkjunum skýrir bata fyrirtækisins að miklu leyti, samkvæmt uppgjöri fyrirtækisins. Lítillega dró úr sölu í öðrum löndum. Þessu til viðbótar jókst bílasala um þrettán prósent þar í landi í október miðað við sama tíma í fyrra.

Aðrir bílaframleiðendur hafa sömuleiðis selt fleiri bíla upp á síðkastið en í fyrra, að því er fram kemur í netútgáfu tímaritsins Forbes. - jab

Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE IMAGE
Klapparstíg 29 • Sími 551 3010




FUDGE IMAGE
Hárgreiðslustofan Klapparstíg

Úrræði vantar sárlega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo:

# Tvö þúsund fyrirtæki stefna í vanskil

„Ef okkur tekst að koma fram með einhver úrræði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er ég sannfærð um að það muni draga úr alvarlegum vanskilum,“ segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi.

Nýjustu upplýsingar Creditinfo benda til að allt upp undir tvö þúsund fyrirtæki stefni í alvarleg vanskil á næstu mánuðum. Rakel bendir á að þeim geti fjölgað verði ekkert að gert. Verði spýtt í lófana geti tölurnar snúist hratt við, að hennar sögn.

Hún bendir á að fyrirtæki af þessari stærðargráðu séu um 95 prósent allra fyrirtækja landsins, hjá þeim starfi allt frá einum og upp í fimmtíu manns. „Við verðum að ná til fjöldans, að þeim verðum við að huga núna,“ segir Rakel.

Upplýsingaveitan Datamarket birti í gær upplýsingar um fjölda gjaldþrota síðastliðin fimm ár fram í september á þessu ári. Upplýsingarnar eru jafnt frá Hagstofu Íslands og Ríkisskattstjóra. Tölurnar benda til að gjaldþrot fyrirtækja hafi náð hámarki í október í fyrra þegar 108 fyrirtæki urðu gjaldþrota.

Rakel bendir á að fjöldi gjaldþrota gefi afar takmarkaða mynd af stöðunni. „Það eru fleiri fyrirtæki sem fara í greiðsluþrot með árangurslausu fjárnámi en í gjaldþrot,“ segir hún. - jab



**RAKEL SVEINSDÓTTIR** Mikilvægt er að stjórnvöld bjóði upp á greiðsluúrræði sem nái til fjöldans, segir framkvæmdastjóri Creditinfo. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðgjafaþjónusta í *skuldamálum einstaklinga*

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 52075 11/10

Við höfum *opnað* sérhæfða ráðgjafaþjónustu

*— fyrir einstaklinga í greiðsluvanda*

Við munum á næstu mánuðum hringja í þá viðskiptavini sem eiga í verulegum greiðsluvanda vegna húsnæðislána og vinna að lausn þeirra mála með ***Ráðgjafaþjónustu Arion banka*** í Garðabæ. Þegar hefur Arion banki aðstoðað um **14.000** viðskiptavini í greiðsluvanda.

Til að koma til móts við viðskiptavini okkar í greiðsluvanda höfum við nú opnað ráðgjafaþjónustu í skuldamálum einstaklinga. Þar höfum við safnað saman á einn stað helstu sérfræðingum úr öllum útibúum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

- Ráðgjafaþjónusta Arion banka í skuldamálum einstaklinga er á 2. hæð við útibú bankans við Garðatorg 5 í Garðabæ.
- Hver viðskiptavinur fær sinn eigin ráðgjafa sem vinnur með honum allt ferlið og fylgir málum hans eftir.
- Við ætlum að leggja okkur fram við að finna lausn sem hentar hverjum og einum og hrinda henni í framkvæmd.
- Okkar markmið er að allir, sem við getum hjálpað, hafi fengið lausn sinna mála innan nokkurra mánaða.
- Viðskiptavinir geta eftir sem áður einnig farið í útibú bankans og fengið ráðgjöf um þær lausnir sem í boði eru.






Opið virka daga kl. 9:00- 16:00.

*— Verið velkomin*

Ráðgjafaþjónusta **Arion banka** í skuldamálum einstaklinga er opin alla virka daga kl. 9:00–16:00. Viðskiptavinir geta komið í heimsókn, hringt í **444 7000** eða sent okkur tölvupóst á netfangið radgjafathjonusta@arionbanki.is

Arion banki

Oasis London
25–70% afsláttur af öllum vörum

Karen Millen
20% afsláttur af öllum peysum

Warehouse
20–50% afsláttur af völdum vörum

Day Birger et Mikkelsen
25% afsláttur af völdum vörum

Companys
20% afsláttur af öllu

Deres
Diesel og Sparkz vörur á 20% afslætti

Focus
20% afsláttur af ÖLLUM nýjum vörum

Galleri Sautján
20% afsláttur af öllum vörum

GS skór
15% afsláttur af öllum stígvélum

Karakter
20% afsláttur af öllu

Kultur
20% afsláttur af öllu

Kultur menn
20% afsláttur af jakkafötum og skyrtum

Smash
10% afsláttur af öllum nýjum vörum

Sparkz
20% afsláttur af öllum nýjum vörum

Urban
Cargo buxur á 9.990 kr.

Evans
25% afsláttur af öllum skóm

Topshop
25% afsláttur af öllum yfirhöfnum

Next
20% afsláttur af öllum vörum

Game Stöðin
30% hærra verð fyrir notaða leiki

Englabörnin
20% afsláttur af völdum vörum

Herra Garðurinn
20% afsláttur af Sand gallabuxum. 40% afsláttur af Van Kollem frökkum

B&S
20% afsláttur af öllum vörum frá „Sand"

Vero Moda
2 fyrir 1 af völdum undirfatnaði

Name it
2 fyrir 1 af völdum vörum

Jack & Jones
2 fyrir 1 af völdum bolum

Outfitters Nation
30% afsláttur af völdum úlpum

Aveda
20% afsláttur af öllum andlitsmöskum

Bianco Footwear
15% afsláttur af völdum vörum

Blend
50% afsláttur af völdum vörum

The Body Shop
Glitrandi kókos-olíu "body butter" þegar verslað fyrir 5490 kr. +

Joe Boxer
20% afsláttur af öllu

Lyf & heilsa Kringlunni
20% afsláttur af völdum vörum

Accessorize
50% afsláttur af völdum vörum

Zo-On Iceland
20% afsláttur af öllum barnafatnaði

L'Occitane en Provence
10% afsláttur af völdum jólapakkningum

Byggt og búið
Allt að 50% afsláttur af öllum heimilistækjum

Markaðstorgið
20% afsláttur af völdum vörum

Polarn O. Pyret
25% afsláttur af útifötum og 30% afsláttur af völdum vörum

Share
25% afsláttur af öllum vörum frá Soya og Jensen

Grand Collection
20% afsláttur

Jens / Uppsteyt
Tax free afsláttur af Uppsteyt, herra-skartgripum og dömu-hálsmenum

Levi's
Levi's stelpubuxur (529/626) 9.990 kr.

United Colors of Benetton
Jólakjólar á 4.995 kr. og jólakápur á 5.995 kr.

Bison Kringlunni
20–30% afsláttur á jólatilboðsdögum

Dýrabær
20–30% afsláttur á hunda- og katta-nammi og nagbeinum

Dogma
Allir bolir á 5.000 kr. (2 stk.) Allar peysur á 10.000 kr. (2 stk.)

Gallabuxnabúðin
20–50% afsláttur af völdum vörum. Gallabuxur frá 5.900 kr.

Krista/Quest
568-9977/533-1333
www.krista.is
Gjafapakki á 3.590 kr. (fullt verð; 7.090 kr.)

Zink
30–50% afsláttur af völdum vörum

Sokkabúðin Cobra
10% afsláttur af öllum vörum

Tuzzi Fashion & Personal
20% afsláttur af kápum. 30% afsláttur af Uldahl og Ancora

Meba
Silfur hringlokkar, 20% afsláttur

Rhodium Kringlunni & Smáralind
Silfur hringlokkar, 20% afsláttur

Friis & Company
30% afsláttur af húfum treflum og vettlingum

Tékk Kristall
Rosa flott glasatilboð í gangi.

Make Up Store
20–30% afsláttur af völdum vörum. Gjöf fylgir maskara.

Dressmann
Jakkaföt frá 12.990 kr. Stakir jakkar frá 7.990 kr.

Mýrin
Allt að 20% afsláttur af völdum vörum

La Senza
Jólagjafa-pakkningar á 990 kr.

Zik Zak
30 til 60% afsláttur af völdum vörum

Motor Reykjavík
20% afsláttur af öllum vörum

Opið til 21 í kvöld


Kringlan
4 Sparidagar
Nýtt kortatímabil
Sparidagar frá fimmtudegi til sunnudags.
Frábær jólatilboð, spennandi tískusýning og skemmtiatriði.
Það er skemmtilegra að byrja snemma.
Fimmtudagur 11. nóvember
18:30 Regína Ósk syngur
19:00 Friðrik Dór syngur
17:00–18:30 Kaffi frá Kaffitári og piparkökur
Laugardagur 13. nóvember
14:00 Stórglæsileg krakkatískusýning – Hundar sýna nýjustu hundatískuna
15:00 Íþróttaálfurinn
15:30 Meira Pollapönk spila og syngja
14:00–16:00 Kaffi frá Kaffitári og piparkökur
Krakkar fá Latabæjarvatn
Sunnudagur 14. nóvember
16:00 Borgarleikhúsið sýnir brot úr „Horn á höfði"
Komin í jólaskap
Sá sem kemur fram sem Íþróttaálfurinn er samþykktur af Latabæ. Latibær®&© 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ósveigjanleg lög um opinbera starfsmenn standa í vegi fyrir skilvirkum ríkisrekstri.

## Úrelt tvískipting

Könnun á meðal forstöðumanna ríkisstofnana, sem Ríkisendurskoðun kynnti í gær, sýnir fram á mikla óánægju þeirra með lögin um ríkisstarfsmenn, sem þeim er gert að starfa eftir. Þetta er ekki nýtt og hefur komið fram áður í sambærilegum könnunum en á ríkt erindi í umræðuna nú, þegar skattgreiðendur eiga heimtingu á að farið sé vel með hverja krónu sem þeir leggja til rekstrar ríkisstofnana.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ríkisstarfsmenn njóta margvíslegra forréttinda umfram launþega á almennum vinnumarkaði. Ríkið tryggir lífeyriskjör þeirra, burtséð frá afkomu og ávöxtun lífeyrissjóða, þeir eiga betri orlofs- og veikindarétt og njóta síðast en ekki sízt ríkrar uppsagnarverndar. Ríkisstarfsmanni er ekki hægt að segja upp nema leggja eigi starfið niður, eða þá að viðkomandi hafi fengið formlega áminningu vegna frammistöðu sinnar í starfi.

Mikill meirihluti forstöðumanna ríkisstofnana telur að lög og reglur um ríkisstarfsmenn standi í vegi fyrir því að stofnanir nái að starfa innan fjárheimilda. Skilvirkni sé látin víkja fyrir vernd í starfi. Mikill meirihluti er ósammála því að starfsmannalögin stuðli að skilvirkum ríkisrekstri. Yfirgnæfandi meirihluti er sömuleiðis ósammála því, sem stundum hefur verið haldið fram, að ef sambærilegar reglur gilti í ríkisrekstrinum og á almennum vinnumarkaði, myndi það leiða til uppsagna á grundvelli geðþótta. Enda sýnir reynslan af almennum vinnumarkaði að slíkar uppsagnir eru fátíðar. Stjórnendur reyna að forðast uppsagnir, en taka ákvarðanir með hag fyrirtækjanna að leiðarljósi.

Hátt í 40 prósent forstöðumannanna telja að þeir gætu bætt þjónustu sinnar stofnunar ef þeir segðu hluta starfsmannanna upp og réðu nýja í þeirra stað. Þetta er iðulega gert í einkafyrirtækjum, en í opinberum stofnunum er það afar flókið í framkvæmd. Ríkisstofnanir sitja með öðrum orðum margar hverjar uppi með starfsfólk sem ekki stendur sig en geta ekki losnað við það.

Forstöðumennirnir telja það hindra áminningar og uppsagnir að neikvæð viðhorf ríki í garð slíks innan opinbera geirans. Þannig er í raun ómögulegt að segja upp starfsfólki nema það geri beinlínis alvarleg mistök í starfi. Það mun til dæmis vera afar fátítt að menn fái áminningu eða uppsögn fyrir að vera verklitlir, þótt það blasi við að aðrir gætu afkastað mun meiru í starfinu.

Tvískiptingin á vinnumarkaðnum er löngu úrelt fyrirbæri. Einhverjir telja kannski að núverandi stjórnarflokkar séu ekki líklegir til að beita sér fyrir afnámi hennar. Þeir hafa hins vegar að minnsta kosti tvær ástæður til þess.

Annars vegar hefur uppsagnarverndin og skriffinnskan í opinbera geiranum í för með sér sóun á peningum skattgreiðenda, sem svör forstöðumannanna gefa vísbendingu um. Hún gerir það líka að verkum að opinberar stofnanir eru svifaseinar að bregðast við breyttum aðstæðum og eykur þrýsting á að þeim sé komið burt úr hinu þunglamalega lagaumhverfi með hlutafélagavæðingu eða einkavæðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

12 V hleðsluborvél m. höggi




PIPAR\TBWA • SÍA • 101164

Verð með vsk.
59.900

DCD945B2
Öflug 12 V borvél m. höggi
LED-ljós
13 mm patróna
3ja gíra, 0-450/1200/1800
Átak 44 Nm.
2x2,6 Ah Ni-Mh rafhlöður.

Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flott

Viðræðum um sameiningu Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík hefur verið slitið í framhaldi þess að Magnús Árni Magnússon, rektor á Bifröst, upplýsti andstöðu sína við áformin. Lengi vel var hann hlynntur sameiningu en í síðustu viku sagðist hann vera á móti. Sinnaskiptin skýrði hann með því að sameiningarviðræðurnar hefðu sveigt frá því sem lagt hefði verið upp með. Í bréfi til stúdenta á Bifröst sagði hann að upphaflega hefði verið áformað að „kampusinn á Bifröst yrði vettvangur þverfaglegs samstarfs háskólabrauta með sjálfstæðar háskólalínur“. Þetta hljómar afskaplega vel en ekki er gott að segja hvað þetta þýðir.

### Afsakið

Á þessum vettvangi í gær var Ögmundur Jónasson sagður þingmaður Suðurkjördæmis. Það er rugl, Ögmundur er þingmaður Suðvesturkjördæmis. Beðist er velvirðingar á mistökunum, sem stöfuðu af því að gömul kjördæmaskipan sat föst í blaðamanni.



### Ánægð

Tiltölulega sjaldgæft er að alþingismenn lýsi ánægju með árangur af störfum sínum. Algengara er að þeir gráti að sjaldan sé hlustað á þá. Siv Friðleifsdóttir er í fyrrnefnda hópnum. „Árið hefur verið gjöfult og árangursríkt hvað varðar málflutning minn á Alþingi,“ segir hún á heimasíðu sinni. „Á þessu ári hafa fjögur mál mín fengið afgreiðslu á Alþingi eða hjá ráðherra.“ Eru það bann við nektardansi, bólusetningar gegn pneumókokkum, áætlun um ferðamennsku á miðhálendinu og nú síðast reglur um transfitusýrur. „Finnst mér mjög líklegt að sjaldan eða aldrei hafi þingmaður fengið svo mörg mál samþykkt á svo skömmum tíma á þinginu,“ segir Siv.



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Góð ráð til að sundra samfélagi

Leikskólar



Ingibjörg Kristleifsdóttir
formaður Félags stjórnenda leikskóla



Marta Dögg Sigurðardóttir
formaður Félags leikskólakennara

1. Ráðumst á garðinn þar sem hann er lægstur. Leikskólinn er tilvalinn. Þar er smæsta fólkið, sem ver sig ekki hjálparlaust. Í góðum leikskóla er unnið að því að börn öðlist öryggi og sterka sjálfsmynd og lagður grunnur að gagnrýninni og skapandi hugsun. Markmiðið er að nemendur séu og verði gerendur í lýðræðissamfélagi. Þetta er auðvitað stórhættulegt.

2. Breytum, breytinganna vegna. Breytingar skapa óvissu og ótta. Þá er ráð að sameina litlar stofnanir og sundra stórum.

Tökum geðþóttaákvarðanir og hlustum ekki á fagfólk, sem tefur fyrir og sér ekki ótvíræða kosti þess að skemma menntun. Látum vondar ákvarðanir kvisast út. Ekki segja allan sannleikann. Orðrómur sem vekur óvissu þreytir fólk og þegar kemur að því að framkvæma óvinsælar ákvarðanir er minni mótstaða.

> Leikskólastjórnendur þekkja sitt fólk og halda utan um menningu og hefðir.

3. Sköpum álag. Ef kennarar starfa undir miklu og langvarandi álagi hafa þeir ekki orku til þess að vera málsvarar skólastarfs. Virðum ekki kjarasamningsbundinn rétt um undirbúningstíma, vökum yfir því að fag- og starfsmannafundir séu ekki haldnir. Svigrúm til samstarfs og samræðu skal forðast þar sem það eykur meðvitund.

4. Fækkum stjórnendum. Leikskóli er lifandi lærdómssamfélag þar sem haldið er utan um barnið og nánasta umhverfi þess. Hann er fastur punktur fjölskyldunnar og lifandi miðpunktur nærsamfélagsins.

Leikskólastjórnendur þekkja sitt fólk og halda utan um menningu og hefðir. Börn, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk njóta leiðsagnar, forystu, umhyggju og kennslu þeirra. Þeir eru hagsýnir rekstraraðilar og geta gert ótrúlega hluti úr litlu. Þetta skapar öryggi og festu og smitar frá sér út í samfélagið. Þetta er náttúrlega ótækt. Fækkum stjórnendum, það sundrar skólasamfélaginu og er góð leið til að láta almenning sjá að eitthvað sé verið að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Orkufyrirtæki á tímamótum

Orkumál
Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar



Miklar breytingar hafa átt sér stað í umhverfi orkugeirans á undanförnum misserum, bæði hérlendis og erlendis. Stöðug hækkun raforkuverðs í Evrópu, tækniþróun, aukin eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku og takmarkað framboð af orkulindum hérlendis eru breytingar og tækifæri sem orkufyrirtæki þurfa að bregðast við. Breytingar þessar hafa mikil áhrif á starfsemi Landsvirkjunar. Umfangsmikil umræða og stefnumótun hefur átt sér stað innan fyrirtækisins um hvernig bregðast eigi við nýjum aðstæðum. Í ljósi nýrra aðstæðna teljum við hjá Landsvirkjun það vera hlutverk fyrirtækisins að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsvirkjun leggur mikla áherslu á að nýta orkulindir með sjálfbærum hætti, með tilliti til áhrifa á efnahag, samfélag og umhverfi. Viðkvæm jarðhitasvæði er nauðsynlegt að byggja upp í þrepum og gefa tíma til þess að bregðast við nýtingu. Við viljum efla samráð og samstarf við hagsmunaaðila á svæðum þar sem uppbygging er fyrirhuguð og tryggja sem besta sátt um ný verkefni. Landsvirkjun tekur einnig þátt í alþjóðlegri innleiðingu sjálfbærnistaðals Alþjóðavatnsorkusamtakanna (IHA), en staðallinn er unninn í samstarfi breiðs hóps hagsmunaaðila, meðal annars umhverfissamtakanna Oxfam og World Wildlife Fund.

Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og náttúruverndaráætlun gegna lykilhlutverki hvað framtíðaruppbyggingu varðar.

Ákvarðanir um hvað eigi að vernda og hvað eigi að nýta eru í hendi stjórnvalda. Næstu verkefni Landsvirkjunar eru Búðarhálsvirkjun og jarðhitasvæði Þeistareykja, Kröflu og Bjarnarflags á Norðausturlandi. Rannsóknir gefa til kynna að jarðhitasvæðin á Norðausturlandi bjóði upp á mikla möguleika. Vitað

> Útlit er fyrir að Landsvirkjun muni á næstu árum ráðast í smærri verkefni en verið hefur

er með fullvissu um 100 MW en rannsóknir benda til að allt að 400 MW orkugetu svæðanna samanlagt. Eftir umfangsmikið uppbyggingartímabil í sögu Landsvirkjunar hefur fyrirtækið góðan grunn til að byggja á og leitast verður við að ná aukinni hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins. Hagkvæmni verður tryggð með öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi, þar sem bestu kostir eru hafðir að leiðarljósi. Allt útlit er fyrir að Landsvirkjun muni á næstu árum ráðast í smærri verkefni en verið hefur, bæta nýtingu núverandi kerfis, bæði með aukinni sölu úr kerfinu og einnig með fjárfestingum í tækjabúnaði núverandi aflstöðva, og kanna nýja orkugjafa. Landsvirkjun hefur gegnt mikilvægu hlutverki við uppbyggingu þekkingar hér á landi. Fyrirtækið hyggst áfram tryggja uppbyggingu og dreifingu þekkingar sem nýtist á sem víðtækastan hátt í afleiddum atvinnugreinum.

Fjárhagsstaða Landsvirkjunar er traust. Þrátt fyrir mikla skuldsetningu er sjóðstreymi gott og rekstrarkostnaður lítill. Fjárfestingar hafa einnig verið umfangsmiklar undanfarna áratugi og eru tekjur sem hlutfall af eignum því talsvert lágar. Handbært fé frá rekstri Landsvirkjunar var á síðasta ári 197 milljónir Bandaríkjadala. Miðað við önnur norræn orkufyrirtæki í ríkiseigu er Landsvirkjun skuldsettara fyrirtæki og með slakari lánshæfiseinkunn. Það er markmið Landsvirkjunar að auka verðmætasköpun fyrirtækisins verulega á allra næstu árum. Á alþjóðamörkuðum hefur verð á raforku hækkað umtalsvert á undanförnum árum. Spár gera ráð fyrir áframhaldandi hækkun. Landsvirkjun vill tengjast þróun á erlendum raforkumörkuðum þrátt fyrir að verð á Íslandi verði áfram umtalsvert lægra. Með öflugu markaðsstarfi vonast Landsvirkjun til að geta fjölgað viðskiptavinum, gert fleiri samninga við fjölbreyttan hóp viðskiptavina. Landsvirkjun hyggst bjóða nýjum viðskiptavinum samkeppnishæfa samninga og stöðugt starfsumhverfi. Verði þróun raforkuverðs á erlendum mörkuðum í samræmi við spár og takist að tengja verð á raforku hérlendis í auknum mæli við raforkuverð í Evrópu getur það falið í sér gríðarlegan ávinning fyrir íslenskt samfélag.

Mikil umframarðsemi getur myndast í raforkukerfinu. Það er markmið Landsvirkjunar að hámarka það sem er til skiptanna fyrir íslenska hagsmunaaðila. Miðað við forsendur Landsvirkjunar er til mikils að vinna og Landsvirkjun gæti eftir nokkur ár staðið í sömu sporum og orkufyrirtækin á hinum Norðurlöndunum, að geta greitt þjóð sinni verulegan arð árlega.

# Alþjóðadagur um sykursýki

Sykursýki
Júlíus Arnarson
Samtökum sykursjúkra



Miklar framfarir hafa verið í meðferð við sykursýki undanfarna áratugi og þeir sem greinast með sykursýki í dag hafa mun meiri líkur á að lifa góðu lífi en þeir sem greindust um miðja síðustu öld. Á móti kemur að tíðni sykursýki hefur aukist mikið undanfarin ár, svo mikið að Sameinuðu þjóðirnar ákváðu árið 2006 að taka frá einn dag á ári og tileinka hann sykursýki. Ályktun SÞ leggur þær skyldur á þjóðir heims að sameina krafta sína og upplýsa almenning um eina mestu heilbrigðisógn nútímans.

> Aukin þjóðfélagsvitund um sykursýki skiptir miklu máli fyrir samfélagið í heild

Sykursýki er skipt upp í tvo flokka, tegund 1 og 2. Flestir með tegund 1 greinast þegar þeir eru yngri en 20 ára og fljótlega eftir greiningu hættir brisið að framleiða insúlín, því verður fólk háð daglegum skömmtum af insúlíni. Fólk með tegund 2 greinist yfirleitt eldra og er yfirleitt með skerta starfsemi í brisinu. Mismunandi er hvort fólk með tegund 2 þurfi að gefa sér insúlín daglega. Meðferð við báðum tegundum byggist á hollu mataræði, reglulegri hreyfingu og lyfjagjöf. Þeir sem fylgja þessum lífsgildum hafa alla möguleika á að lifa heilbrigðu lífi eins og aðrir.

Aukin þjóðfélagsvitund um sykursýki skiptir miklu máli fyrir samfélagið í heild. Bæði til að koma í veg fyrir fáfræði sem getur leitt til ranghugmynda um sykursýki og einnig til að fólk geti brugðist rétt við ef einhver nákominn fær einkenni sykursýki. Rétt viðbrögð byggjast á því að fólk þekki einkennin sem helst eru: Þorsti, tíð þvaglát, þreyta, lystarleysi, þyngdartap. Einkenni vegna tegundar 1 koma fram á nokkrum vikum en þróun einkenna hjá tegund 2 á sér yfirleitt lengri aðdraganda, jafnvel nokkur ár.

Ég hvet alla til að taka frá nokkrar mínútur og fræðast um einkenni og meðferð við sykursýki. Það er okkur öllum í hag.

Nú stendur yfir átak í tengslum við Alþjóðadaginn 14. nóvember og er hægt að kaupa Bláa hringinn, sem er alþjóðlegt tákn sykursýki, í flestum apótekum til styrktar Samtökum sykursjúkra.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Þjónustufulltrúinn þinn getur aðstoðað þig ef þú ert í greiðsluerfiðleikum

Kynntu þér úrræði Íslandsbanka í næsta útibúi.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Heilbrigt byggðajafnvægi

Byggðajafnrétti



Sigmundur Ernir Rúnarsson
alþingismaður

Kynjajafnrétti hefur tekið drjúgan tíma umræðunnar á Íslandi á undanförnum árum – og er það vel. Árangurinn hefur skilað sér í samstöðu; landsmenn vilja tryggja stúlkum og drengjum sömu tækifæri til mennta, starfa og launa - og almennt gera báðum kynjum jafn hátt undir höfði í leit þeirra að lífsgæðum. Um þetta er ekki lengur deilt.

Hér verður skrifað um byggðajafnrétti – og kallað eftir þjóðarsátt um jafnan aðgang allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu. Hinn kosturinn er vissulega sá að neita dreifðum byggðum um viðunandi þjónustu á þessu sviði og skipta landsmönnum þannig í efri og neðri deild opinberrar þjónustu. En viljum við það? Ég segi afdráttarlaust nei.

Enda þótt heldur kreppi að í efnahag þjóðarinnar nú um stundir hefur hún ennþá efni á að lækna sjúka. Hún hefur ennþá ríkt efni á þessari mikilvægustu grunnþjónustu samfélagsins sem er rétturinn til heilsu. Hún verður seint eða aldrei svo blönk að hún geti ekki þjónustað verðandi mæður, aldraða, langveika og breiðan hóp fólks í endurhæfingu.

En þá er komið að lykilspurningu: Hvar á að veita þessa þjónustu? Svar mitt er skýrt; mestur hluti heilbrigðisþjónustu er í eðli sínu nærþjónusta. Í fámennu landi getur vel verið að ekki séu efni til að reka mörg sérhæfð og tæknilega burðug bráðasjúkrahús, en hitt er jafn ljóst að þjóðarbúið græðir á því að sinna endurhæfingu og umönnun heima í héraði.

Hér ber að hafa þetta í huga: Sérhæfðustu sjúkrahúsin eiga einkum og sér í lagi að sinna bráðatilfellum. Þau eiga ekki að safna legudögum. Til þess eru þau of dýr. Eftirmeðferð á að fara fram sem næst heimilum fólks, ekki síst út af heilsu-, félags- og mannúðarsjónarmiðum, en einnig til að nýta fjárfestingu í húsakosti og tækjum hringinn í kringum landið.

Eða viljum við hitt? Viljum við búa í landi sem gerir verðandi mæðrum að aka mörg hundruð kílómetra yfir allt að fjóra fjallvegi í vetrarbyljum til að ala barn sitt? Ætlum við aldraðri konu að verja síðustu æviárunum á hjúkrunarheimili í 150 kílómetra fjarlægð frá áttræðum bónda sínum sem getur ekki selt húsið? Og viljum við hreinlega draga úr lífslíkum?

> Í þessari blaðagrein er kallað eftir þjóðarsátt um aðgang landsmanna að heilbrigðisþjónustu.

Hér í þessari blaðagrein er kallað eftir þjóðarsátt um aðgang landsmanna að heilbrigðisþjónustu. Hér er kallað eftir vinnu fagmanna, ekki síst heimamanna á hverjum stað, við að skilgreina þjónustusvæði á þessu sviði. Þar þarf vissulega að taka tillit til fólksfjölda, en jafnvel enn meira til vegalengda, veðurlags og samgönguöryggis á öllum tímum ársins.

Vissulega má víða hagræða í opinberri þjónustu, en sú hagræðing verður alltaf að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað. Af þessum sökum er undarlegt að horfa til nýrra tillagna í fjárlagafrumvarpi fyrir 2011 um að skera helst niður í heilbrigðisþjónustu þar sem vegalengdir eru mestar og samgönguöryggið er minnst. Þar hefur ekki verið reiknað til enda.

Auðveldast og réttast er að koma við hagræðingu í heilbrigðisþjónustu þar sem samgöngur eru greiðastar og vegalengdir stystar. Tvöföldun Reykjanesbrautar, göng undir Hvalfjörð og bráðum tvöföldun Suður- og Vesturlandsvegar hlýtur að fela í sér mestu mögulegu hagræðinguna í heilbrigðisþjónustu á landinu. Þar eru rekin sex sjúkrahús innan 50 kílómetra radíuss.

Heilbrigðisþjónustan úti á landi getur hagrætt að sömu skilyrðum uppfylltum; með stórbættum samgöngum. Öruggari vegir munu þó aldrei stytta vegalengdir í slíkum mæli að íbúar landsbyggðar hafi sama greiða aðganginn að læknum og hjúkrunarfólki og íbúar höfuðborgarsvæðisins njóta. Öll hugsanleg göng og vegastyttingar breyta ekki landakortinu að mun.

Þessvegna þarf þjóðarsátt um viðunandi fjarlægð landsmanna frá læknis-, hjúkrunar- og umönnunarþjónustu. Hún getur verið 100 kílómetrar, svo nefnd sé til sögunnar helmingi styttri vegalengd en gildir á höfuðborgarsvæði, en vel að merkja; vegalengdin ein og sér er ekki fullnaðarsvar. Einn fjallvegur í 500 til 700 metra hæð getur hér brenglað töluna.

Ríkisvaldið ætlast til þess að landsmenn allir, óháð búsetu, greiði svipað hlutfall af launum sínum í skatta og skyldur. Að sama skapi hljóta landsmenn allir, hvar á landi sem þeir búa, að ætlast til svipaðrar þjónustu af hálfu ríkisins – og gildir það ekki síst um veigamikla grunnþjónustu; örugga vegi, menntun og tryggan aðgang að lækningu, hjúkrun og umönnun.

Heilladrýgra er að skapa þjóðarsátt um aðgang allra landsmanna að lækningu og hjúkrun heldur en að skipta þeim í fyrsta og annan flokk skattgreiðenda, allt eftir því hvað ríkisvaldinu finnst duga á hverjum stað. Og heilladrýgra er einnig að ná fram sátt á þessu sviði með samtali við heimamenn, fremur en að læða reykvísku reiknilíkani bakdyramegin inn í fjárlög.

Mest um vert er þó mannúðarsjónarmiðið; gamla fólkið okkar, sem kynntist langtum krappari kjörum en landsmenn kvarta nú yfir, á ekki að þurfa að skilja hvert við annað af því dvalarheimili í sjávarþorpi er óhagkvæm eining að mati ráðuneytismanna einnar ríkustu þjóðar heims. Þjónusta heilbrigðisstarfsfólks á að lúta íslenskum lögmálum, ekki aðeins reykvískum.

# Bjúgverpill og birtingarform ráðstjórnar

Trúboð



Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur í Neskirkju

Blessaður Guðmundur Ingi. Þessi skrif eru að hluta til svar við þinni síðustu grein en líka almennir þankar og áskorun til Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar.

Þú spyrð um trúboð og hvar það fari fram. Svar mitt er: Alls staðar. Þess vegna verður ekki sett bann á það enda er skoðanafrelsi í landinu. Við verðum að treysta því á hverri tíð að þeir, sem koma inn í skóla til að kenna eða kynna eitthvað, geri það á fræðilegan og hlutlægan hátt.

Tilburðir Mannréttindaráðs minna mig á sögur eftir Búlgakov, Kafka og fleiri sem skrifuðu um fáránleikann í tilverunni. Miðstýrt vald sem leggur stein í götu borgaranna og heftir frelsi þeirra er alltaf á villigötum. Alltaf.

Þú spyrð um mörk. Þau liggja um lendur traustsins og hvergi annars staðar nema fólk verði sett í bönd eins og Mannréttindaráð vill t.d. gera með presta. Markmið ráðsins mætti kannski umorða á tæpitungulausan hátt svona: Okkur skal takast að drepa þjóna drottins í dróma. Við ætlum okkur að hindra presta og einangra starf þeirra við kirkjuhúsin ein.

Þú nefnir dæmi um bænahald í skólum. Það gæti verið samkomulag foreldra þar sem öll börnin í einhverjum bekk eru skírð og öll í sömu kirkjudeild að þau leyfi kennara að hefja kennslu dagsins með bæn. Mannréttindaráði kemur slíkt ekki nokkurn skapaðan hlut við. En ég hef heyrt um leikskóla þar sem tíðkast að hafa kyrrðarstundir með íhugun þar sem kenndar eru t.d. yogastellingar. Í mínum huga er það trúboð, austrænt að uppruna. Á að banna slíkt?

Markmið Gídeonfélagsins er opinbert. Félagar þess vilja dreifa Nýja testamentinu til sem allra flestra enda er þeim bókin kær og dýrmæt. Engin bók í íslensku samfélagi og menningu hefur aðra eins stöðu og NT. Að dreifa Kóraninum, Mormónsbók eða ritum Votta Jehóva er alls ekki sambærilegt við dreifingu NT. Samanburðurinn er gjörsamlega út í hött og því þarf ekki að óttast neina markaðssetningu í skólum. Skólastjórnendur á hverjum stað gæta þess. Starf Gídeon og dreifing NT í skólum á sér áratuga sögu og merkilega. „Trúboðseftirlit borgarinnar“ getur vissulega bannað dreifinguna og gert sig þar með að háðsfyrirbrigði í íslenskri pólitík og sögu. Háðið rímar vel við yfirbragð Bezta flokksins en fæstir vilja nú samt láta háðið snúa til baka og lenda á sér í líki bjúgverpils.

Þú spyrð: „Er það mismunun að allir nema tveir fari í kirkjuferð? Er það rétt, með velferð barnanna

> Miðstýrt vald sem leggur stein í götu borgaranna og heftir frelsi þeirra er alltaf á villigötum. Alltaf.

í huga, að skilja þau frá hópnum?“ Svar mitt er: Það hefur alltaf haft kostnað í för með sér að tilheyra minnihlutahópi. Þessi nálgun, „vesalings ég og börnin mín“, virkar ekki sannfærandi. Þú verður bara að kyngja því að börnin þín uppgötvi að þau tilheyri minnihlutahópi ef þú hefur valið sjálfum þér og þeim lífsskoðanir minnihlutans. Kristnir menn um allan heim verða að þola hið sama.

Þú gerir mér upp skoðanir er þú segir: „Þú virðist gefa þér að þjóðkirkjufólk vilji trúboð í skólum.“ Svar mitt er: Ég hef ekki haldið því fram. Foreldrar sem biðja um frí handa börnum sínum til að fara í fermingarbúðir eru ekki að stunda trúboð í skólum, ef það er tilvísun þín.

Þú spyrð: „En eru tillögur mannréttindaráðs atlaga að mannréttindum meirihlutans?“ Ef banna á kristnum börnum t.d. að fara í tveggja daga ferð vegna fermingarundirbúnings sem er hluti af menningu langflestra Íslendinga þá er það atlaga að mannréttindum meirihlutans.

Mannréttindaráð virðist hafa lokast inn í völundarhúsi og finnur ekki útgönguleiðina. Ráðið bítur sig fast í hugmyndir sem eru allar komnar úr smiðju Siðmenntar og keyrðar inn í Mannréttindaráð vegna fordóma í garð kristni og kirkju. Meirihluti ráðsins ætlar að þrengja að kirkjunni, sama hvað það kostar. Þetta lyktar allt af þráhyggju og þröngsýni. Hér er ekki hugsað opið heldur lokað, ekki með opnum faðmi heldur herpingi og þvingun, með fjötrum í stað frelsis.

Þú segir: „Að halda því fram að mannréttindi og trúfrelsi eigi að byggjast á því hverjir ráða í hverfum borgarinnar hverju sinni stenst ekki. Mannréttindi eru almenn og yfir slíkan hverfulleika hafin.“ Í hverfum borgarinnar er samstarf kirkju og skóla víðast hvar með miklum sóma. Vitrir og vel menntaðir skólastjórar stýra sínum stofnunum víða af tærri snilld. Mannréttindi eru nefnilega almenn og þess vegna ræður upplýstur og vel meinandi almenningur. Starf kirkna er með ólíkum hætti frá einni sókn til annarrar og samstarfið við skóla með ýmsum hætti. Mannréttindaráð vill miðstýra þessu vegna þess að Siðmenntarmaður hefur plantað sér í ráðið og vill drepa kirkjuna í dróma og hefur tekist að rugla samráðsfólk sitt þannig að það virðist nú með algjöru óráði.

Mannréttindaráð! Þið sem nú viljið starfa í anda ráðstjórnar, hristið af ykkur þessa dróma þröngsýni og hafta. Hugsið opið, treystið náunganum. Hugsið eins og Þorgeir Ljósvetningagoði, heiðinginn, sem var stór og opinn í hugsun sinni. Bjúgverpill ofríkis og þröngra skoðana hittir ykkur sjálf fyrir þótt síðar verði. Forðist að varpa honum á okkur sem viljum opið þjóðfélag.

FROST
dömu hettupeysa
Verð: 22.800 kr.
(Stærðir: XS- XL)
POLARTEC® Classic 300



Aðsniðin og kvenleg hettupeysa úr Polartec® Classic® 300. Bróderað mynstur á öxlum í anda íslensku ullarpeysunnar.

FROST
hettupeysa
Verð: 22.800 kr.
(Stærðir: S- 2XL)
POLARTEC® Classic 300



Þægileg hettupeysa úr Polartec® Classic® 300. Sérmótað snið á olnbogum og bróderað mynstur á bringu.

FROST
dömu peysa
Verð: 22.800 kr.
(Stærðir: XS- XL)
POLARTEC® Classic 300



Klassísk dömu peysa úr Polartec® Classic® 300. Hár kragi sem fellur vel að hálsi og tveggja sleða rennilás að framanverðu.

66°NORÐUR

# HAUSTÚTSALA

## ETHANOL VEGGELDSTÆÐI

verð frá: **34.900.-**

- SÓTAR EKKI
- MENGAR EKKI
- ÞARF EKKI ÚTBLÁSTUR
- EINFALT Í UPPSETNINGU





## RÚM OG DÝNUR MEÐ 30% AFSLÆTTI

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



**50% afsláttur af heilsukoddum**
**Verð frá 3.500 kr**



**50% afsláttur af heilsupúðum**
**Góðir fyrir mjóbakið**



**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# Gagnrýnin hugsun og háskólastarf

Háskólastarf

**Tólf prófessorar við HÍ og HR**
svara grein menntamálaráðherra

Í Fréttablaðinu þann 21. október skrifar menntamálaráðherra meðal annars: „Menntun felst ekki aðeins í að fá þjálfun í tilteknu starfi eða verklagi. Hún felst í að efla þroska sinn og skilja hvað felst í því að vera maður. Hún felst í því að temja sér gagnrýna hugsun þannig að hver og einn geti tekið sjálfstæða og gagnrýna afstöðu í flóknum málum. Lengi vel hefur þetta verið undirstaða alls háskólanáms í Bandaríkjum Norður-Ameríku að háskólanemar taka grunn í heimspeki, listum og öðrum húmanískum fögum sem á að þjóna þessum tilgangi (undirstrikun okkar).“ Ráðherra lýsir síðan yfir áhyggjum sínum af hnignun húmanískra greina innan háskólanna og þar sé hugsanlega að leita skýringa á skorti á gagnrýnni hugsun í íslensku samfélagi í aðdraganda hrunsins.

Í þessari grein endurspeglast sú skoðun ráðherra að gagnrýnni hugsun sé fyrst og fremst (og kannski eingöngu) þjónað af húmanískum greinum. Ef það er rétt, þá er það rökrétt ályktun að leggja þurfi mun meiri áherslu á húmanískar greinar til að efla gagnrýna hugsun og þannig bæta samfélag okkar.

Við teljum hins vegar ekki rétt að undanskilja raunvísindi og rökhugsun raunvísinda frá gagnrýnni hugsun. Rökhugsun sú sem er grunnur raunvísinda byggir á gagnrýnni hugsun. Vísindaleg aðferð og sú málefnalega umræða, oft óvægin, sem tíðkast í hinni vísindalegu aðferðafræði á sér djúpar rætur innan raunvísinda. Í rökstuðningi sínum segir ráðherra að í bandarískum háskólum sé öllum skylt að taka námskeið í húmanískum greinum til að læra gagnrýna hugsun. Það er rétt að víða er gerð krafa um að raunvísindanemar taki námskeið í húmanískum greinum en það sem vantar í röksemdarfærslu ráðherra er að þetta gildir í báðar áttir. Algengast er að allir nemendur bandarískra

> Markvissasta leiðin til að efla gagnrýna hugsun í háskólastarfi er að stórefla vísinda og fræðistörf við háskólana.

háskóla verði að taka námskeið í raungreinum, félagsvísindum og húmanískum fræðum. Hugsunin á bak við þetta er fyrst og fremst að nemendur öðlist breiða menntun, en að sjálfsögðu ekki sú að fólk læri gagnrýna hugsun í einhverjum afmörkuð kúrsum í húmanísku greinunum en haldi síðan áfram að læra til síns starfs eða verklags í hinum fögunum. Gagnrýnni hugsun er þvert á móti haldið á lofti á öllum stigum náms í húmanískum greinum, félagsvísindum og raungreinum.

Markvissasta leiðin til að efla gagnrýna hugsun í háskólastarfi er að stórefla vísinda- og fræðastörf við háskólana. Húmanískar greinar, raunvísindi og aðrar fræðigreinar háskólanna munu eflast og gagnrýnin hugsun fá aukið vægi ef kennarar þessara skóla eru öflugir fræðimenn sem taka þátt í alþjóðlegum vísinda- og fræðastörfum. Án gagnrýninnar hugsunar og greiningar mun vísindum ekki vinda fram. Breið þekking eflir gagnrýna hugsun og húmanísk fræði eiga ekki einkarétt á henni.

*Anna Ingólfsdóttir, prófessor HR*
*Arnar Pálsson, dósent HÍ*
*Einar Steingrímsson stærðfræðingur*
*Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor HÍ*
*Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor HR*
*Ingibjörg Harðardóttir, prófessor HÍ*
*Karl Ægir Karlsson, dósent HR*
*Luca Aceto, prófessor HR*
*Magnús Már Halldórsson, prófessor HR*
*Ólafur Sigmar Andrésson, prófessor HÍ*
*Snorri Þór Sigurðsson, prófessor HÍ*
*Þórarinn Guðjónsson, dósent HÍ*

# „Ó borg mín borg“, hvert ert þú að fara?

Orkuveitan

**Ellen Júlíusdóttir**
félagsráðgjafi



Tilefni þessara skrifa er ákvörðun Orkuveitu Reykjavíkur að hækka raforkuverð til neytenda verulega.

Í Morgunblaðinu 31. júlí sl. er grein með yfirskriftinni: „Greiða lítinn arð til eigenda. Orkufyrirtækin hafa ekki greitt mikinn arð til eigenda sinna síðustu árin. Fyrirtækin greiða tugi milljarða í vexti á hverju ári til erlendra banka. Aðeins Orkuveita Reykjavíkur hefur greitt arð til eigenda.“ Tilvitnun lýkur.

Við lestur greinarinnar vakna ýmsar spurningar. Eins og t.d. hver á Orkuveitu Reykjavíkur? Eru það ekki þeir sem borga reikningana frá Orkuveitu Reykjavíkur, sem nú breiðir úr sér langt út fyrir borgarmörkin? Eru það ekki hinir raunverulegu eigendur sem eiga að fá greiddan arð? Hafa stjórn og starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur einkarétt á arðgreiðslum, sbr. grein í Fréttablaðinu 3. ágúst sl.: „Meðallaun í OR 470 þúsund – 16% hækkun hefur orðið á launum starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur á síðustu þremur árum.“? Tilvitnun lýkur. Ég vísa einnig í grein í Fréttablaðinu 3. sept. sl. með yfirskriftinni: „Reiðarslag fyrir garðyrkjuna.“ Tilvitnun lýkur. En hvað með heimilin, aðra neytendur og fyrirtæki?

Ég er ekki sátt og fór því á stúfana til að grennslast fyrir um hina lagalegu hlið málsins. Mig minnir nefnilega að bygging Perlunnar á kostnað orkunotenda hafi verið mjög umdeild á sínum tíma, en hún mun sennilega hafa verið upphafið að arðráni Hitaveitu Reykjavíkur, sem nú heitir Orkuveita Reykjavíkur.

Í stjórnsýslulögum og vitna ég þá til kennslubókar í norskum stjórnsýslurétti, og gildir væntanlega það sama í norrænum rétti, geta orkuveitur á vegum sveitarfélaga og á það enn frekar við um einokunarfyrirtæki, ekki innheimt samkvæmt gjaldskrá meira fé en sem nemur útgjöldum fyrirtækisins. Ef um orkufyrirtæki er að ræða þá má ekki innheimta meira fé en til að standa undir rekstri og fjárfestingum (lánum og afskriftum) vegna orkuöflunar. Fyrirtækið má innheimta fyrir óvissum útgjöldum en ekki meira en það. Svo hefur verið áratugum saman.

> Af hverju skulu Hvergerðingar og Kópavogsbúar greiða óbeinan skatt til að halda uppi rekstri Reykjavíkurborgar?

Að greiddur er virðisaukaskattur undirstrikar að verið sé að greiða fyrir vöru eða þjónustu, sem sveitarfélagið má ekki nota til óbeinnar skattheimtu. Sé hagnaður á fyrirtækinu settur í rekstur sveitarfélagsins er það ólöglegt. Ef fyrirtækið greiðir til reksturs sveitarfélagsins telst það skattheimta. Arðgreiðsla til sveitarfélagsins er því óbeinn skattur til þess og þarf lagaheimild til samkvæmt stjórnarskrá.

Arðgreiðsla til Reykjavíkurborgar er skattur sem neytendur orku þurfa að greiða og er ólögmæt greiðsla. Af hverju skulu Hvergerðingar og Kópavogsbúar greiða óbeinan skatt til að halda uppi rekstri Reykjavíkurborgar? Af hverju eiga orkunotendur almennt að greiða sérstakan skatt í formi arðgreiðslna til Reykjavíkurborgar? Að skattleggja orkunotendur sérstaklega til að halda uppi almennum rekstri höfuðborgarinnar er ólögmæt skattheimta.



„MICHELIN X-ICE ERU BESTU VETRARDEKK SEM ÉG HEF PRÓFAÐ HINGAÐ TIL...

...og hef ég þó prófað fjölda vetrardekkja gegnum tíðina, negld og ónegld, nú síðast undir EuroRAP mælingabílnum. Dekkin gefa frábært grip við allar aðstæður og eru hljóðlát og endingargóð. Best af öllu er þó að eyðslan er 0,52 lítrum minni á hundraðið en á sumardekkjunum sem bíllinn kom á frá framleiðanda.“

Ólafur Kr. Guðmundsson
tæknistjóri EuroRAP á Íslandi og dómari í Formúlu 1

**Þú færð Michelin dekkin hjá Hjólbarðaþjónustu N1, og hjá betri hjólbarðaverkstæðum um allt land.**

Kynntu þér nýja vefverslun með hjólbarða á **www.n1.is**

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

# Áfram Gillz

Símaskráin

**Óli Tynes**
fréttamaður



Ég minnist þess ekki að ég hafi hitt hinn glaðbeitta Gillzenegger. Hann verandi heimsfrægur hef ég þó auðvitað vitað af honum. Ég hef haft tilhneigingu til þess að vera sammála vini hans sem sagði að Gillz væri náttúrlega snarklikkaður, en drengur góður. Ég hélt satt að segja í fyrstu að hann væri BARA snarklikkaður. Svo datt inn á borð til mín bók sem hann hafði skrifað. Ég fletti í gegnum hana og las nokkra kafla. Og sá að hvað sem manni þótti um efnið var hún prýðilega skrifuð. Drengurinn hefur virkilega góð tök á íslensku og virðing mín fyrir honum tók skref uppávið.

Nú veit ég ekkert hvernig Gillzenegger ætlar að skreyta Símaskrána en ég er dálítið hissa á því uppnámi sem það hefur valdið. Hann mun einhverntíma hafa skrifað einstaklega ruddalega færslu á bloggið sitt og hafi hann skömm fyrir. En hann mun einnig hafa tekið færsluna út skjótlega og beðist afsökunar. Hvað sem því líður finnst mér ekki að bloggfærsla eigi að nægja til þess að mönnum sé bannað að vinna.

Látum vera skrækina í dólgfemínistum sem krefjast þess að menn séu sviptir vinnu sinni ef þeir hafa ekki nákvæmlega sömu skoðanir og dólgarnir. Mér er sama um þá. En þegar þekktir og virtir rithöfundar hefja herferð til þess að setja mann í Berufsverbot, er mér brugðið. Dinna mín og Hallgrímur frændi, hvað er næst? Á að efna til bókabrennu þegar símaskráin kemur út?

# Sjálfsvíg – hvað svo?

Sorgarviðbrögð

**Halldór Reynisson**
formaður NÝrrar dögunar



Vart er hægt að hugsa sér þyngra áfall í lífinu en þegar einhver sem maður elskar ákveður að stytta sér aldur. Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu eru sjálfsvíg á Íslandi um 12,8 sjálfsvíg á hverja 100.000 íbúa. Þessi tala sveiflast reyndar mikið milli ára og er hér miðað við nokkurra ára meðaltal. Þetta þýðir að þrír til fjórir einstaklingar að meðaltali svipta sig lífi í hverjum mánuði á Íslandi samkvæmt áðurnefndum upplýsingum. Það er mun fleira en ferst í umferðarslysum á Íslandi. Þannig lést árið 2008 að meðaltali einn í umferðinni í hverjum mánuði.

Það er varlegt að áætla að hvert sjálfsvíg snerti með þungbærum hætti tíu manns. Á hverju ári eru því nokkur hundruð Íslendingar sem þurfa að takast á við þá erfiðu reynslu að einhver þeim nákominn ákvað að enda líf sitt. Þá eru ótaldir allir þeir sem áður hafa gengið í gegnum slíkt áfall. Meðal þeirra sem sinna sálgæslu vegna sorgar og áfalla hefur verið sagt að skyndilegt ótímabært andlát geri nánustu ættingja að 50% öryrkjum næstu misserin á eftir.

Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð hefur lengi unnið að því að styðja þau sem þurft hafa að takast á við sjálfsvíg ástvina eða ættingja. Nk. fimmtudagskvöld 11. nóvember heldur sr. Svavar Stefánsson fyrirlestur á vegum Nýrrar dögunar um sjálfsvíg og þá sorgarúrvinnslu sem þarf að fylgja í kjölfarið. Sr. Svavar hefur áratuga reynslu svo og menntun í sálgæslu í kjölfar sjálfsvíga. Fyrirlesturinn hefst kl. 20.30 og er í safnaðarheimili Háteigskirkju og er öllum opinn. Þá verður einnig við sama tækifæri skráð í stuðningshóp fyrir aðstandendur en hann hefst mánudaginn 15. nóvember.

NÝTT KORTATÍMABIL

Opið
9 - 22

Frábærar jólagjafir
á dúndurtilboði

# 25% AFSL.
# AF ÖLLU*

*nema **15%** afsláttur af snyrtivörum

# Sprengidagur

## Morgunhanatilboð frá kl. 9 - 12:



Dömu-Pineapple
velour heimagalli, peysa
Stærðir 10-18
Verð áður kr. 3.990
**Verð nú kr. 2.394**



**40% afsláttur
af öllum
herra og barna
jakkafötum**



Dömu-Pineapple
velour heimagalli, buxur
Stærðir 10-18
Verð áður kr. 3.490
**Verð nú kr. 2.094**




**60%** afsláttur

Trinny og Suzanna
strokkur
Verð áður kr. 7.990
**Verð nú kr. 3.196**



**40% afsláttur
af öllum
herrabuxum**




**25% afsláttur
af öllum
ilmum og gjafakössum**





**40% afsláttur
af öllum
leikföngum**




DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# JÓLABÆKURNAR




**4.980**KR.
~~5.990KR.~~




**4.290**KR.
~~5.480KR.~~




**3.980**KR.
~~5.690KR.~~




**3.980**KR.
~~4.990KR.~~




**4.999**KR.
~~5.990KR.~~




**3.690**KR.
~~4.290KR.~~




**3.970**KR.
~~5.680KR.~~




**3.980**KR.
~~5.690KR.~~




**4.980**KR.
~~5.680KR.~~




**2.980**KR.
~~3.600KR.~~




**3.290**KR.
~~3.990KR.~~




**2.990**KR.
~~3.990KR.~~




**2.980**KR.
~~3.690KR.~~




**2.690**KR.
~~3.980KR.~~

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 14. nóvember á meðan birgðir endast.

# Á BETRA VERÐI
## Í HAGKAUP




4.690KR. ~~5.990KR.~~




3.970KR. ~~5.680KR.~~




2.890KR. ~~3.990KR.~~




3.890KR. ~~4.990KR.~~




3.980KR. ~~5.490KR.~~




4.990KR. ~~5.990KR.~~




3.980KR. ~~5.490KR.~~




3.980KR. ~~4.990KR.~~




4.980KR. ~~5.690KR.~~




4.690KR. ~~5.690KR.~~




3.480KR. ~~4.990KR.~~




3.980KR. ~~5.490KR.~~




3.890KR. ~~4.980KR.~~




4.890KR. ~~5.690KR.~~


HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MATTHÍAS JOCHUMSSON,** skáld, fæddist þennan dag árið 1835

*„Gefið gaum og þegið,
grátið ei né hljóðið.“*

## Merkisatburðir

**1725** Ópera Georgs F. Händel, Tamerlano, frumsýnd í London.

**1918** Lokum seinni heimsstyrjaldarinnar fagnað víða um lönd. Í Reykjavík blakta fánar þó í hálfa stöng vegna spænsku veikinnar sem er í algleymingi.

**1942** 745 franskir gyðingar fluttir til Auschwitz.

**1943** Pétur Hoffmann Salómonsson berst, að eigin sögn, einn við bandaríska hermenn í Selsvör í Reykjavík og hefur betur.

**1962** Leikritið Hart í bak eftir Jökul Jakobsson frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Það nýtur meiri vinsælda en dæmi eru um og er sýnt 205 sinnum fyrir fullu húsi.

**1969** Jim Morrison handtekinn af FBI fyrir drykkjuskap í flugvél.

**1994** Guðmundur Árni Stefánsson félagsmálaráðherra segir af sér vegna ásakana um mistök í embætti.

**ÞETTA GERÐIST:** 11. NÓVEMBER ÁRIÐ 1503

## *Júlíus II. kjörinn páfi*



Þennan dag árið 1503 var Giuliano della Rovere kjörinn páfi og tók sér nafnið Júlíus II.

Giuliano, sem var fæddur árið 1443, var páfi í tíu ár eða til dauðadags 1513. Hann var umsvifamikill á páfastóli og hlaut viðurnefnin „Skelfilegi páfinn“, Il Papa Terribile, og „Stríðspáfinn“, Il Papa Guerriero. Páfadómur hans einkenndist af miklum stríðsrekstri, metnaðarfullum byggingarverkefnum og stuðningi við listamenn.

Þótt stríðsrekstur og pólitík Júlíusar II. myndi nægja til að veita honum sess á meðal mikilfenglegustu páfa sögunnar, er hans þó helst minnst fyrir stuðning hans við myndlist og bókmenntir síns tíma. Auk þess átti hann stóran þátt í því að auka mikilvægi og fegurð Rómar. Árið 1506 lagði hann hornstein að nýju Péturskirkjunni og hann var náinn vinur listamanna á borð við Raphael og Michelangelo, en sá síðarnefndi málaði loft Sixtínsku kapellunnar að beiðni Júlíusar.

Rex Harrison túlkaði Júlíus II. með eftirminnilegum hætti í kvikmyndinni The Agony and the Ecstasy, sem byggir á bók Irvings Stone.



**DAGSKRÁ Í HÖNDUM NEMENDA** Sverrir Páll Erlendsson, íslenskukennari við MA, og Óli Dagur Valtýsson, formaður skólafélagsins Hugins, sem hefur veg og vanda af skemmtidagskránni. MYND/HEIDA.IS

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI 80 ÁRA: SKEMMTIDAGSKRÁ Í KVOSINNI Í DAG

# Tvíheilagt á afmælisdegi Matthíasar

Í dag verður þess minnst með dagskrá í Kvosinni, sal Menntaskólans á Akureyri í nýju byggingunni Hólum, að á þessu ári eru 80 ár liðin síðan skólinn varð menntaskóli með full réttindi til að brautskrá stúdenta. Raunar er tvíheilagt vegna þess að þess er einnig minnst að 130 ár eru liðin síðan norðlenskur skóli var endurreistur á Möðruvöllum í Hörgárdal.

„Það hafði náttúrulega verið skóli á Hólum í Hjaltadal alveg frá 1106 og fram undir 1800,“ segir Sverrir Páll Erlendsson, íslenskukennari við MA. „Norðlenskt fræðasetur var síðan endurvakið á Möðruvöllum í Hörgárdal 1880 og sá skóli var rekinn sem gagnfræðaskóli, eins og það hét á þeim tíma, til 1902 þegar skólahúsið brann. Þá flutti skólinn hingað til Akureyrar og var í bráðabirgðahúsnæði í gamla barnaskólanum þangað til hann flutti inn í gamla skólahúsið okkar, sem allir þekkja að minnsta kosti á mynd, sem byggt var 1904. Í fyrstu hét hann Gagnfræðaskólinn á Akureyri og það er ekki fyrr en 1930, eftir margra ára baráttu á Alþingi, sem skólinn fær leyfi til að útskrifa stúdenta og kalla sig menntaskóla,“ segir Sverrir Páll. „Það hafði reyndar verið heimilt í nokkur ár þar á undan að kenna nemendum til stúdentsprófs en þeir þurftu að fara suður í MR til að taka prófið.“

Afmælisdagskráin í tali, tónum, texta og myndum er öll í höndum nemenda. Hún er í umsjón stjórnar Hugins, skólafélags MA, með þátttöku nokkurra af þeim undirfélögum sem virkust eru í skólalífinu. „Nemendur munu safnast saman í Kvosinni í löngu frímínútunum um hálf tíu leytið og þar verður byrjað á því að borða köku og drekka kakó,“ segir Sverrir Páll. „Síðan hefst dagskrá sem er alveg í höndum nemenda. Þar munu nokkur félög sem eru undir regnhlíf skólafélagsins flytja atriði. PRIMA verður með danssýningu, leikfélag skólans, LMA, flytur sýnishorn úr nokkrum leikverkum sem flutt hafa verið á löngum ferli þess, skólablaðið Muninn ætlar að gefa út smáblöðung með ýmsum upplýsingum um sögu skólans, FÁLMA, sem er félag áhugaljósmyndara í skólanum, verður með myndasýningu, myndbandafélagið, sem er kallað MÝMA verður þarna með myndband sem gert er sérstaklega af þessu tilefni og fleira og fleira,“ segir Sverrir Páll.

En hvers vegna var ákveðið að fagna afmælinu 11. nóvember? „Vegna þess að 11. nóvember er gamall dagur úr sögu skólans. Þannig var að þegar heimilt var í skólum að hafa mánaðarfrí, eins og þau voru kölluð, var nóvemberfríið gjarnan sett á 11. nóvember vegna þess að það var fæðingardagur Matthíasar Jochumssonar, sem kom mjög við sögu skólans og orti til dæmis skólasöngva sem voru mikið sungnir hér í eina tíð,“ segir Sverrir Páll Erlendsson.

fridrikab@frettabladid.is

---



*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur einstakan hlýhug og virðingu við andlát og útför bróður okkar,*

**Ólafs Kristófers Bjarnasonar**

frá Þorkelsgerði í Selvogi,
Reykjabraut 21, Þorlákshöfn,

er lést 17. október síðastliðinn á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fór fram í Strandakirkju í Selvogi þann 27. október síðastliðinn, í kyrrþey, að ósk hins látna.

Guð blessi ykkur öll.

**Þóra Lilja, Valgerður, Eydís og Marta Bára Bjarnadætur.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Odds Geirssonar**

pípulagningameistara, Sléttuvegi 19, Rvk, (áður Holtagerði 64, Kópavogi).

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Hjartadeild E-G LSH, Heimaþjónustu og Heimahlynningu fyrir einstaka umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Margrét Einarsdóttir**
**Einar Oddsson** **Eva Österby**
**Sigríður Sesselja Oddsdóttir**
**Erna Oddsdóttir**
**Sigrún Oddsdóttir** **Vilmundur Gíslason**
**Geir Oddsson** **Ragna Björg Guðbrandsdóttir**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Benedikts Bjarnasonar**

fv. kaupmanns og útgerðarmanns,
í Bolungarvík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur fyrir frábæra umönnun.

**Hildur Einarsdóttir**
**Einar Benediktsson** **María Guðmundsdóttir**
**Halldóra Benediktsdóttir** **Sören Pedersen**
**Bjarni Benediktsson**
**Ómar Benediktsson** **Guðrún Þorvaldsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hannes Flosason**

fv. tónlistarskólastjóri og tréskurðarmeistari, Fannafold 187, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 6. nóvember s.l.

**Kristjana Pálsdóttir**
**Páll Hannesson** **Sarah Buckley**
**Haukur F. Hannesson** **Jörgen Boman**
**Elín Hannesdóttir**
**Ingibjörg Hannesdóttir**
**og barnabörn**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hekla Árnadóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 12. nóvember kl. 13.00.

**Geir Guðmundsson**
**Margrét Geirsdóttir** **Gestur Jónsson**
**Árni Jón Geirsson** **Sigríður Þ. Valtýsdóttir**
**Guðrún Geirsdóttir** **Jón Friðrik Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Eitthvað fyrir alla

# Við bjóðum til bókajóla...






**3.970,-**
Fyrirgefning
Fullt verð 5.680,-




**3.490,-**
Skáldsaga um Jón
Fullt verð 4.990,-




**3.980,-**
Snjóblinda
Fullt verð 5.690,-




**3.980,-**
Furðustrandir
Verð áður 4.290,-




**6.860,-**
Sveppabókin
Fullt verð 9.800,-




**9.090,-**
Sturlunga
Fullt verð 12.990,-




**3.980,-**
Þóra biskups
Fullt verð 5.690,-



**3.490,-**
Mér er skemmt
Fullt verð 4.990,-




**4.190,-**
Eldað um veröld víða
Fullt verð 5.990,-




**1.600,-**
Fyrstu 100 orðin - Klár kríli
Fullt verð 2.290,-




**2.090,-**
Goðheimar 1 - Úlfurinn bundinn
Fullt verð 2.990,-




**2.790,-**
Þór - Leyndarmál guðanna
Fullt verð 3.990,-

***Athugið að kynningarverð gilda aðeins í fimm daga.***

Skiptimiðinn

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Markús Hjálmarsson**

frá Lækjarbakka í Vestur-Landeyjum,

sem andaðist 18. október sl., verður jarðsunginn frá Akureyjarkirkju laugardaginn 13. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á PKU-félagið á Íslandi, s: 552 4242.

**Hjálmar Markússon**
**Þorgeir Markússon** **Álfheiður Árnadóttir**
**Grétar Markússon** **Sigurbjörg Á. Ólafsdóttir**
**afabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Árni Vilhjálmsson**

bifreiðastjóri, Hólmavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 5. nóvember, verður jarðsunginn frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Aðalheiður Ragnarsdóttir**
**Elsa Björk Sigurðardóttir** **Ólafur Björn Halldórsson**
**Bryndís Sigurðardóttir** **Ingvar Þór Pétursson**
**Jón Vilhjálmur Sigurðsson** **Júlíana Ágústsdóttir**
**Hrefna Sigurðardóttir** **Ásgeir Andri Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gestheiður Jónsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 6. nóvember. Útförin fer fram föstudaginn 12. nóvember kl. 15.00 frá Fossvogskapellu.

**Sigríður Pálsdóttir Eikaas** **Leif Magne Eikaas**
**Jón Grímkell Pálsson**
**Anna Margrét Kristjánsdóttir** **Kristmundur Hrafn Ingibjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar frænku okkar,*

**Sigþrúðar Rannveigar Stefánsdóttur**

frá Grund, Kópaskeri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu að hjúkrunarheimilinu Sólvangi, 2. hæð fyrir góða umönnun.

**Arnþrúður G. Björnsdóttir**
**Stefanía Björnsdóttir**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

# Solla og Dorrit með sýnikennslu á Gló

Solla Eiríks hráfæðisgúrú og Dorrit Moussaieff forsetafrú þjófstarta alþjóðlegu athafnavikunni með léttri sýnikennslu í matargerð með nýsköpunarívafi á veitingastaðnum Gló í Laugardal kl 18. í kvöld. Þær ætla að bjóða upp á heilsudrykk og nota afgangana sem til falla við gerð drykkjarins til að gera glútenfrítt heilsukex.

„Ég var valin talsmaður alþjóðlegrar athafnaviku sem hefst í næstu viku og hefur þemað matur," segir Solla spurð hvernig þetta hafi komið til. „Og Dorrit er fastagestur hjá okkur svo mér datt í hug að fá hana með mér í að gera eitthvað skemmtilegt. Hún var meira en til í það, vildi endilega fá að skella á sig svuntu og skera gúrkur með mér. Hún hafði hins vegar öðrum hnöppum að hneppa í athafnavikunni sjálfri svo við ákváðum að taka forskot á sæluna. Vonandi verður þetta inspírasjón fyrir fólk til að þora að gera tilraunir með hráfæði." - fsb



**HRÁFÆÐI** Forsetafrúin ætlar að skella á sig svuntu og hjálpa Sollu Eiríks við matargerð á Gló í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**JÖKLAR HIMALAJAFJALLA** Þeir bráðna þrisvar sinnum hraðar en aðrir jöklar vegna hlýnunar jarðar. NORDICPHOTOS/AFP

# Bráðnun jökla í Himalajafjöllum

Nepalski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Kunda Dixit fjallar um áhrif loftslagsbreytinga á Himalajafjöllin í fyrirlestri á Háskólatorgi klukkan 16.30 í dag.

Dixit útskýrir hvernig hlýnun jarðar er að bræða þessa miklu vatnsturna Asíu og sýnir myndir frá Nepal. Á þeim sést glögglega að sífrerar Himalaja eru að hverfa um þrisvar sinnum hraðar en á öðrum stöðum í heiminum.

Spurningar sem Dixit varpar fram eru meðal annars: Hvaða áhrif hefur þessi þróun á Nepal og svæðið sem heild? Hvernig geta fátæk lönd tekist á við vandamál sem þau áttu engan þátt í að skapa? Hvernig fjalla fjölmiðlar um þetta ástand?

Fyrirlesturinn verður eins og áður segir í stofu 105 á Háskólatorgi í dag og hefst klukkan 16.30. - fsb



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Ragnar Björnsson**

matsveinn

andaðist á Hrafnistu, Hafnarfirði, þriðjudaginn 9. nóvember.

**Jóna Ásgeirsdóttir**
**Gunnar Ingi Ragnarsson** **Valdís Bjarnadóttir**
**Ragnheiður Ragnarsdóttir** **Egill Þórðarson**
**Anna Birna Ragnarsdóttir** **Snorri Sigurjónsson**
**Ásgrímur Ragnarsson** **Unni Larsen**
**Einar Ragnarsson** **Hafdís Erla Baldvinsdóttir**
**Ingibjörg Ragnarsdóttir** **Lúther Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



**ÞAÐ GÓÐA FUNDIÐ** Sigríður Arnardóttir, Sirrý, verður með fyrirlestur í Heilsuborg í kvöld sem ber yfirskriftina „Að laða til sín það góða".

# Fyrirlestur um lífið og drauma

Félags- og fjölmiðlafræðingurinn Sigríður Arnardóttir, Sirrý, hefur síðustu misserin farið víða með fyrirlestur sem ber yfirskriftina „Að laða til sín það góða". Fyrirlesturinn fjallar um hvað skiptir máli í lífinu, hvernig hægt er að stjórna því, öðlast bjartsýni og koma draumum sínum í verk.

Í kvöld, 11. nóvember, mun Sirrý flytja fyrirlesturinn í Heilsuborg í Faxafeni 14 en Sirrý segist, að því er fram kemur í tilkynningu, fjalla „á einlægan og hvetjandi hátt um það hvað skiptir í raun máli í lífinu, hvernig við finnum hvað við viljum og hvernig við löðum til okkar".

Fyrirlesturinn hefst kl. 20 og stendur til 22. Aðgangseyrir er 2.000 krónur og í boði eru léttar veitingar frá veitingastaðnum Gló. - jma

# Írskar sjóræningjaballöður

Heldur sérstakir tónleikar verða haldnir í Víkinni - Sjóminjasafninu í Reykjavík í kvöld og annað kvöld. Robbie O´Connell, þekktur írsk-amerískur þjóðlagasöngvari og lagahöfundur mun ásamt Dan Milner, sem starfað hefur meðal annars við varðveislu írskra þjóðlaga og texta, munu flytja írsk þjóðlög er tengjast hafinu. Síðasta plata Milner, Irish Pirate Ballads and Other Songs of the Sea, var styrkt af Þjóðminjasafni Bandaríkjanna og hefur fengið lofsamlega dóma.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30. - jma




**TÓNLEIKAR Í VÍKINNI** Nú í kvöld og annað kvöld verða írsk-amerísk þjóðlög flutt í Víkinni.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jórunn Guðrún Rósmundsdóttir**

Grundarlandi 12, Rvk,

andaðist fimmtudaginn 4. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju 18. nóvember kl. 13.00.

**Jón Bjarni Jónsson** **Janna Jónsson**
**Rósa G. Jónsdóttir** **Helgi E. Kolsöe**
**Sigurður P. Jónsson** **Annette Nielsen**
**Árni P. Jónsson** **Ásta Emilsdóttir**
**Nanna Jónsdóttir** **Óskar Guðmundsson**
**Sveinn E. Jónsson** **Guðlaug Harðardóttir**
**Soffía V. Jónsdóttir** **Hafsteinn Ó. Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



**Tískumerkið Marc by Marc Jacobs** heldur upp á tíu ára afmæli um þessar mundir. Marc er „systurmerki“ Marc Jacobs-merkisins, og höfðar til yngra fólks með lægra verði. Í tilefni af afmælinu verða valdar bestu flíkurnar í gegnum árin og endurframleiddar.

# ;ALLT


FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Skór & töskur í miklu úrvali

www.gabor.is



Sérverslun með

Gabor xena

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060

Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Eirberg

**Rakatæki frá AIR-O-SWISS**

- Auka gæði loftsins
- Hljóðlát og sparneytin
- Auðveld í notkun
- Fást einnig í hvítum lit

Hefur hlotið reddot hönnunarverðlaunin



Opið virka daga kl. 9 - 18
og á **laugardögum** kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is



20% afsláttur
af öllum úlpum og kápum

Frábært úrval og gott verð!

Stærðir 36-52

hjá Hafnhildi

**Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is**


**Tíu mínútur til að hafa sig til gæti mörgum þótt knappur tími. Sumir vinna þó betur undir pressu.**



# Á meðan bíllinn bíður

Margt getur orðið til þess að menn verða seinir fyrir þegar búið er að mæla sér mót. Hver mínúta er því dýrmæt ef útlitið á að vera í lagi. Fréttablaðið fékk fjóra annálaða snyrtipinna til að segja frá því hvernig þeir myndu verja tíu dýrmætum mínútum í að taka sig til, meðan leigubíllinn biði fyrir utan.


;TÍSKA | 2



6 mánaða vaxtalausar greiðslur

**Gerið gæða- og verðsamanburð**

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

SVEFNSÓFAR



Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



**Tískan er oft áhugaverðari** á tímum efnahagsþrenginga að mati Karls Lagerfeld. Í viðtali við útvarp BBC sagði Lagerfeld ástæðuna vera þá að hönnuðir tækju frekar áhættu á erfiðum tímum.









Framhald af forsíðu



Þorbjörn er hrifinn af vestum og aðsniðnum jakkafötum. „FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tímaþröng ekki nægjanleg afsökun

**Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður á Stöð 2, segir góðan klæðaburð snúast um virðingu fyrir náunganum og sjálfum sér.**

„Tímaþröng er engin afsökun fyrir því að vera illa til fara, „segir Þorbjörn Þórðarsonar, fréttamaður á Stöð 2. „Mark Twain sagði að fötin sköpuðu manninn því nakið fólk hefði lítil eða engin áhrif í samfélaginu. Það var rétt hjá honum. Það skiptir í raun og veru ekki máli þótt tíminn sé naumur, það er engin afsökun fyrir því að vera illa til fara, enda eru karlmenn yfirleitt snöggir að hafa sig til.“

Sjálfur segist Þorbjörn ekki þurfa mikið meira en fimm mínútur í að taka sig til áður en hann fer út. „Maður klæðir sig vel ekki síst til að sýna náunganum virðingu, maður færi til dæmis aldrei illa til hafður í matarboð til ættingja sinna. Ef manni líður vel í fallegum fötum, þá hættir maður sjálfur að veita þeim athygli, og getur farið að hugsa um eitthvað annað sem skiptir meira máli.“

Þorbjörn er með klassískan stíl og er hrifinn af vestum og aðsniðnum jakkafötum. „Af þeim jakkafötum sem ég er með í notkun núna er ég með þrenn „three-piece“ jakkaföt. Vestið getur líka gengið við flottar gallabuxur. Ef maður vill vera flottur í vesti en ekki of uppstrílaður þá sleppir maður bindinu og hefur eina til tvær tölur fráhnepptar á skyrtunni.“ *- jma*

# Flott hár og hálstau gera gæfumuninn

**Fatahönnuðurinn Guðmundur Jörundsson þarf ekki langan tíma til að líta út eins og breskur aðalsmaður.**

Guðmundur Jörundsson, fatahönnuður og starfsmaður í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, er snyrtimennskan uppmálið og þykir ávallt vera óaðfinnanlega til fara, minnir stundum eilítið á breskan lávarð. Inntur út í hvort aðeins tíu mínútur dygðu til að dressa sig upp fyrir kvöldið er hann ekki lengi til svars. „Ég myndi líklegast greiða mér, fara í fallega skyrtu og setja upp hálstau,“ svarar hann hress í bragði og bætir við eftir stutta umhugsun: „Svo fengi ég mér eitt skot af Prins Póló og svo annað af Supertramp. Þá er G. Jör mættur á svæðið,“ segir hann og telur ekki meira þurfa til að líta vel út áður en haldið er út á lífið. *- rve*



Ótrúlegt en satt þá þarf Guðmundur aðeins fáeinar mínútur til að líta út eins og fyrirsæta úr tískublaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI












# Heillandi Hermés

**Zorró og bresk yfirstétt nýttust sem skáldagyðjur nýjustu línu Hermés fyrir vor og sumar næsta árs.**

Fyrir vor- og sumarlínu Hermés var það meistarinn Jean Paul Gaultier sem þar stóð að baki. Gaultier sótti innblástur sinn auðsjáanlega til breskra reiðmanna með göfugan uppruna enda fötin afar elegant. Sumir myndu jafnvel meina að hinn suðræni Zorró hefði komið við sögu þar sem fötin voru kynþokkafull með afar kvenlegu sniði. Leður og fínt silki voru áberandi auk fylgihlutanna sem settu punktinn yfir i-ið; svartir hattar, flott belti, reiðstígvél og hanskar úr leðri.



Fylgihlutirnir í línu Hermés settu punktinn yfir i-ið.

# Kalt vatnsglas á leiðinni út

**Teitur Þorkelsson kemur miklu í verk á tíu mínútum. Hann nær jafnvel að slappa örlítið af áður en hann rýkur af stað.**

„Af þessum tíu mínútum fara fimm í ýmislegt, afslöppun og kalt vatnsglas, jafnvel tannburstun, líklega eru fötin önnur fimm mínútna aðgerð: Svört eða hvít skyrta, svartur jakki og bindið um hálsinn. Má alltaf grípa til þess ef aðstæður krefja. Þetta virkar við allt, gallabuxur og meira að segja ljósar stuttbuxur, neongræna sokka og götuskó. Stuttbuxnaútgáfan vekur alltaf kátínu. Svo er það bara „franskur þvottur“ og út ég fer, til í hvað sem er.“ *- rat*



Það tekur Teit ekki nema fimm mínútur að taka sig til. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hristir sig og sleppir brók

**Ef einkaþjálfarinn Arnar Grant hefði allan tíma í heimi til að taka sig til fyrir djammið myndi hann í mesta lagi taka sér þrjátíu mínútur. Hann segir tíu mínútur vel geta dugað.**

„Ef maður er þokkalega vel klipptur þarf ekki mikið lengri tíma,“ segir hann og lýsir því hvernig hann myndi bera sig að ef hann hefði einungis tíu mínútur til að taka sig til fyrir rúnt í bænum:

„Ég myndi byrja á því að stökkva í sturtu. Það tekur tvær mínútur. Til að flýta fyrir myndi ég hrista mig eins og hundarnir á eftir og spara þannig tímann sem fer í að nota handklæði. Að því loknu myndi ég setja svitalyktareyði undir hendurnar og gel í hárið. Það tekur samtals tvær mínútur og fara ein og hálf í hárið. Ef mér skyldi hins vegar mistakast með hárið þyrfti ég að skola úr því og byrja aftur. Því næst myndi ég hoppa í síðerma skyrtu. Ég er alltaf tilbúinn með straujaðar skyrtur inni í skáp. Ég myndi hins vegar ekki hafa tíma til að hneppa henni mikið en það er bara kúl. Ég myndi síðan fara í gallabuxur en gleyma viljandi að fara í brók – svona til að spara tíma. Síðan færi ég í sokka og strigaskó í fínni kantinum og gripi með mér jakka í stíl við veðrið. Ég held að á heildina séu þetta ekki mikið meira en sjö mínútur en ef ég væri að fara eitthvað aðeins fínna myndi ég setja á mig bindi sem þýðir ein og hálf mínúta til viðbótar.“ *- ve*



Arnar Grant á ekki í vandræðum með að gera sig tilbúinn á innan við tíu mínútum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI














FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

TVEIR ALVEG HRIKALEGA FLOTTIR



teg. FALLON - push up í A,B,C,D
skálum á kr. 7.680,-
buxur í stíl á kr. 2.990,-



teg. FALLON - push up í D,DD,E,F,FF,G
skálum á kr. 7.680,-
buxur í stíl á kr. 2.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



Mesta fatabylting síðari hluta fimmta áratugarins varð þegar Christian Dior kynnti nýju fatalínuna sína, New Look, árið 1947. Hún sló rækilega í gegn nánast á einni nóttu. Aðskorinn jakki úr hvítu silki og svart ökklasítt og plíserað ullarpils var og er táknrænt fyrir þennan nýja stíl.

Tíska aldanna



Katrín Ósk Guðlaugsdóttir, meistaranemi í hárgreiðslu, sótti innblástur í Eyjafjalla- og Vatnajökul og lenti í öðru sæti Wella Trend Vision-keppninnar. Eva Katrín Baldursdóttir var módel Katrínar í keppninni. MYND/WELLA

# Á heima á síðum Vogue

**Katrín Ósk Guðlaugsdóttir, meistaranemi í hárgreiðslu, vann til silfurverðlauna í Wella Trend Vision-keppninni í París en keppnina hafa virtustu tískublöð valið „Event of the year" síðustu tvö ár í röð.**

„Þetta var algjör draumur og yndisleg upplifun," segir Katrín Ósk Guðlaugsdóttir, meistaranemi í hárgreiðslu, en hún vann til silfurverðlauna í lokakeppni Wella Trend Vision-keppninnar sem fram fór í París nú um helgina. Katrín keppti við hárgreiðslufólk frá 46 þjóðlöndum.

„Þetta þykir mikill heiður. Ég geri mér kannski ekki grein fyrir því enn þá hvaða áhrif þetta mun hafa. Keppnin sjálf var svo miklu stærri en ég átti von á og allt mjög vel skipulagt."

Katrín sótti innblástur í íslenska náttúru í útfærslu sinni. Liturinn og greiðslan á hári módelsins, Evu Katrínar Baldursdóttur, minnti á logandi hraun og kjóllinn á hvítar snjóbreiður. „Ég var með Eyjafjallajökul og Vatnajökul í huga. Kjóllinn er gamall brúðarkjóll sem ég keypti í vintage-verslun í Reykjavík. Ég sá einnig sjálf um förðun Evu sem var óvenjulegt en nánast allir keppendurnir voru með förðunarfræðing með sér," segir Katrín en þær stöllur vöktu óskipta athygli.



„Þetta þykir mikill heiður," segir Katrín sem hér er við verðlaunaafhendinguna í París.

„Við fengum nánast engan frið. Allir vildu taka myndir og urðu hissa að heyra að við værum frá Íslandi, bjuggust kannski ekki við að við værum mjög „trendy" hér," segir Katrín hlæjandi en hún fékk oft að heyra að útfærsla hennar ætti heima á forsíðum fagtímarita eins og Vogue. „Við vorum kallaðar „Wonderland" eða Undralandið, hárið þótti svo nýtískulegt."

„Árangri Katrínar má líkja við silfurverðlaun íslenska handboltalandsliðsins á Ólympíuleikunum, þetta er það stór og mikilvæg keppni," útskýrir Ásgeir Sveinsson, framkvæmdastjóri Halldórs Jónssonar sem fer með umboð Wella á Íslandi. „Keppnin hefur meðal annars verið valin „Event of the year" af virtum tískublöðum eins og Vogue og það blað kennir sig ekki við allt. Katrín vann faglega og stóð sig svo frábærlega vel að það kom mörgum á óvart að hún skyldi ekki ná fyrsta sætinu."

Dómarar í keppninni voru Eugene Souleiman, listrænn stjórnandi hjá Wella Professionals, Cyrill Brune, aðalstílisti hjá Wella Professionals, Olivier van Doorne, forseti dómnefndar og listrænn stjórnandi, og Rita Balestriero frá ritstjórn Vogue. Eins giltu atkvæði áhorfenda 20 prósent.

Þrátt fyrir að hafa náð einum glæsilegasta árangri íslenskra þátttakenda í hárgreiðslukeppni af þessari stærðargráðu er Katrín með báða fætur á jörðinni. „Já já, ég fer ekkert á flug, held bara áfram að veita mínum viðskiptavinum persónulega og góða þjónustu. Ég er bara rosalega ánægð með að hafa náð þessum árangri."

Á slóðinni http://live.event.wella.com/ má horfa á myndskeið frá keppninni. *heida@frettabladid.is*

Barnafatnaður frá *Ej sikke lej*, *Mini A Ture*, *Bifrost* og *Danefae*. Sokkabuxur frá Melton og íslensku merkin *Rendur* og *Sunbird*.
*20% afsláttur á öllum vörum frá Ej sikke lej, Mini A Ture og Bifrost.*
Rumputuski
Laugavegi 61 - 101 Reykjavík - S: 552 7722




Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Vorum að taka upp mikið af **Soyja** vörum og jólakjólum í stærðum 42-56

20% afsláttur af öllum buxum

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is



25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM KJÓLUM
Fimmtudag, föstudag og laugardag
NÝTT KORTATÍMABIL
Kíkið á heimasíðuna okkar
www.rita.is

Opið virka daga kl. 10-18
Opið laugardaga,
í Bæjarlind kl. 10-16
í Eddufelli kl. 10-14.

Ríta
Bæjarlind 6, Eddufelli 2,
S. 554 7030 S. 557 1730

FJÁRÖFLUN
fyrir félög og hópa
frábært úrval pakka sem innihalda jólapappír og skraut



Margir möguleikar - hafið samband
DANCO HEILDVERSLUN
Melabraut 19
220 Hafnarfirði
Sími: 575 0200
danco@danco.is
www.danco.is

# fyrirtækjagjafir

FIMMTUDAGUR 11. NÓVEMBER 2010

KYNNING



NORDICPHOTOS/GETTY



Tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Ostakarfa frá Ostahúsinu

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum.
Útbúum allar körfur með vínflösku sé þess óskað.




-gjöf sem gleður

Nánari upplýsingar og pantanir á vefsíðu okkar
www.ostahusid.is, í síma 565 3940
eða á netfangið ostakorfur@ostahusid.is





„Grunnurinn í körfunum er ostar, kex og sulta, segir María sem bætir hinum ýmsu matartegundum við og jafnvel víni ef óskað er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjölbreytnin eykst eftir því sem körfurnar stækka

**Körfur með ostum og kexi koma sér ávallt vel og laða fram vatn í munn. Því eru þær meðal vinsælustu jólagjafa. Ostahúsið sem nú heitir reyndar Í einum grænum – Ostahúsið hefur verið leiðandi fyrirtæki í gerð ostakarfa um árin. María Ólafsdóttir er sölustjóri.**

„Við komum alltaf með ákveðnar tegundir af ostum fyrir jólin. Það höfum við gert í mörg ár. Við fáum nýjar tegundir af brie, til dæmis brie með piparrönd og jólaostinn góða sem er ostarúlla með villijurtum og púrtvíni. Hann er mjög vinsæll yfir hátíðina, meðal annars í rjúpna- og hreindýrasósur. Svo erum við með einn glænýjan með rommrúsínum og ristuðum möndlum. Hann er sætur og góður. Alger nammiostur,“ segir María Ólafsdóttir sölustjóri brosandi, innt eftir nýjungum í Ostahúsinu.

María segir ostakörfurnar fastan punkt í starfsemi fyrirtækisins og sérstök áhersla sé á þær fyrir jólin. „Grunnurinn í körfunum er ostar, kex og sulta en eftir því sem körfurnar stækka eykst fjölbreytnin. Við erum þar með graflax eða reyktan lax, salami og síðan förum við yfir í hamborgarhrygg, parísarkartöflur – tilbúnar til að brúna – tómata og allt mögulegt,“ lýsir hún.

Ostahúsið var stofnað 1992 og var lengi vel við Strandgötuna í Hafnarfirði. „Við erum búin að vera með ostakörfur frá byrjun og auðvitað langmest fyrir jólin,“ segir María. „Svo árið 2006 sameinuðumst við fyrirtækinu Í einum grænum og fórum að vinna líka með grænmeti. Þá breyttist nafn fyrirtækisins í Í einum grænum – Ostahúsið.“

Framleiðslan er óbreytt í ostahluta fyrirtækisins hvað varðar hinar sívinsælu vörur, brie með rönd, ostarúllurnar, rjómaostana og rifinn ost, að sögn Maríu.

„Ostakörfur og stóra brie búum við til eftir pöntunum og grænmetishlutinn er viðbót,“ segir hún. „Það sem hefur breyst er að Ostahúsið er ekki smásöluverslun lengur, heldur seljum við í búðir og svo beint til fyrirtækja.“

Grænmetisbuff, gratín og forsoðnar kartöflur eru meðal þess sem framleitt er í fyrirtækinu. „Þetta er samtvinnað,“ segir María. „Sumt af grænmetinu nýtist okkur í körfurnar þegar um er að ræða matarkörfur, til dæmis litlir tómatar og forsoðnu parísarkartöflurnar. Sumir óska eftir að hafa líka vín í körfunum en langmest er um hefðbundnar ostakörfur. Minnstu körfurnar eru þær sem eru í verslunum. Þar er ostur, kex og sulta. En þær sem eru sérpantaðar fyrir fyrirtæki eru fylltar í samráði við þann sem pantar. Við erum með heimasíðu www.ostahusid.is. Þar getur fólk glöggvað sig á hvað er í boði og í framhaldinu valið það sem það vill.“

# Öskjur með ýmsu góðmeti

Gjafaöskjur í tveimur stærðum, með ostum og öðru góðmeti, er ein af nýjungum Ostahússins fyrir jólin í ár. Þær eru með glugga í lokinu sem hægt er að gægjast inn um og forvitnast um innihaldið.

„Svona öskjur eru heppilegar fyrir fjölmenn fyrirtæki sem kaupa gjafir fyrir sitt starfsfólk. Þetta er útfærsla sem ég er viss um að hentar mörgum því það er mun auðveldara að geyma öskjurnar en körfur,“ segir María Ólafsdóttir sölustjóri. Hún bendir líka á að öskjurnar séu mun handhægari í afgreiðslu en körfur því hægt sé að stafla þeim á bretti ef því sé að skipta. Að því leyti líkist þær konfektkössum. En hvert er innihaldið? „Innihaldið er það sama og í ákveðnum stærðum af ostakörfum. Það geta verið fimm til sex ostar, kex og sulta. Við getum boðið upp á vín í stærri tegundinni af öskjunum líka. Þetta er bara nýbreytni í pökkun.“



Girnilegum ostum og öðru fíneríi raðað í öskju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439 og Ruth Bergsdóttir ruth@365.is s. 512 5469.

# Allir ánægðir með gjafakort

**Í Smáralind geta allir fundið eitthvað sem þá langar í. Því er gjafakort Smáralindar hentug gjöf til starfsmanna fyrirtækja.**


Lovísa Anna Pálmadóttir verkefnastjóri með hið vinsæla gjafakort Smáralindar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við byrjuðum með rafræn gjafakort árið 2002 en þá urðu kortin eins og debetkort bæði í útliti og notkun,“ segir Lovísa Anna Pálmadóttir, verkefnastjóri markaðsdeildar Smáralindar.

Gjafakortin hafa alla tíð síðan notið mikilla vinsælda bæði meðal einstaklinga og fyrirtækja. „Kortin eru vinsælar gjafir við hin ýmsu tækifæri en í kringum hátíðir eins og jólahátíðina sem nú fer að höndum eru þau sérstaklega vinsæl meðal fyrirtækja,“ segir Lovísa en meirihluti kortanna sem keypt eru fyrir jólin panta fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Innt eftir algengustu upphæðunum svarar Lovísa að það sé frá 20 til 50 þúsund krónum. „En að sjálfsögðu sjáum við líka hærri og lægri upphæðir, það er misjafnt eftir fyrirtækjum.“

Smáralind hefur fastan kúnnahóp sem kaupir kort fyrir hver jól enda segir Lovísa kortin mælast sérlega vel fyrir hjá starfsmönnum fyrirtækja. „Ég fékk einmitt símhringingu frá manni um daginn sem sagði að besta jólagjöfin sem hann hefði fengið sem starfsmaður væri gjafakort í Smáralind. Nú væri hann í þeirri stöðu að þurfa að kaupa jólagjafir handa starfsmönnum og Smáralind var fyrsta símtalið,“ segir Lovísa glaðlega og bendir á að í Smáralind sé enda hægt að fá eitthvað fyrir alla, sama fyrir hvaða aldur.




„Ég held að enginn geti verið óánægður með svona gjöf enda geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, eða jafnvel notað kortið til að kaupa í jólamatinn,“ segir Lovísa og telur að nú vilji menn gefa eitthvað sem komi sér vel fyrir starfsfólkið.

Fyrir þessi jól býður Smáralind nýja þjónustu sem er fyrirtækjum að kostnaðarlausu. „Það er að sérmerkja gjafakortin með kveðju eða logói fyrirtækisins. Svo bjóðum við upp á tvenns konar gjafaöskjur, annars vegar kort sem nýtist þá líka sem jólakort eða fallega gjafaöskju,“ upplýsir Lovísa en afgreiðslutími kortanna er að sögn hennar einnig skjótur og því lítið fyrir þessu haft.

Gjafakort Smáralindarinnar virka í öllum verslunum en ekki í söluvögnum eða í Vínbúðinni. Hægt er að kaupa kortin hjá þjónustuborði Smáralindar eða í gegnum netið á www.smaralind.is.

# Jólaævintýri í Vetrargarðinum



Jólaævintýri Smáralindar heitir að þessu sinni „Leitin að jólaandanum“.

Sögumaður er Örn Árnason sem tekur einnig lagið með börnunum.



Edda Björgvinsdóttir leikur konu jólasveinsins en á sviðinu verða einnig tveir galvaskir jólasveinar sem munu með hjálp áhorfenda leita að jólaandanum. Komast þau síðan að því að jólaandann er ekki að finna á neinum einum stað heldur kemur hann að innan þegar fólk gefur af sér, til dæmis þegar það óskar öðru fólki gleðilegra jóla.

**DAGSKRÁ:**
4. des. – kl. 14.00
5. des. – kl. 14.00
11. des. – kl. 14.00
12. des. – kl. 14.00
18. des. – kl. 14.00
19. des. – kl. 14.00
21. – 23. des. kl. 17.00

Selma Björnsdóttir kemur einnig að uppsetningunni en hún mun syngja fyrir og eftir leikritið og ná upp stemningu.

Öll fjölskyldan getur haft gaman af en gaman er að geta þess að jólaleikritið er sýnt fyrir opnum tjöldum og því aðgangur alveg ókeypis.




**● GÓÐAR HUGMYNDIR**
Jólagjafahandbók Smáralindar kemur út 25. nóvember. Þar er hægt að fá yfirlit yfir það helsta sem er í boði í verslunarmiðstöðinni og fá góðar hugmyndir að jólagjöfum.

Handbókin er rúmlega 160 síður af hugmyndum fyrir hann, hana, þau, barnið og unglinginn.



Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000

**● LEYNIVINIR Á AÐVENTUNNI** Til að létta andrúmsloftið á vinnustaðnum í svartasta skammdeginu er sniðugt að koma upp leynivinakerfi eða leynijólasveinum. Leynivinur hefur það hlutverk að gauka smágjöfum eða litlum orðsendingum að vinnufélaga sínum alla aðventuna til að gleðja hann. Glaðningurinn þarf ekki að vera dýr eða stór, góður súkkulaðimoli sem bíður á borðinu eða falleg orðsending er allt sem þarf.

Nöfn allra starfsmanna eru skrifuð á miða og svo dregur hver og einn úr hattinum nafn eins vinnufélaga sem hann á að gleðja. Rétt er að sammælast um grundvallarreglur, svo sem verð og umfang gjafanna, svo enginn gangi of langt. Enginn veit hver á hvaða leynivin og geta spunnist skemmtilegar umræður um leynivinagjafirnar við kaffivélina.










Ávextir voru lengi vel munaðarvara sem aðeins fékkst fyrir jólin á Íslandi. Hér er íslensk skólastofa árið 1973 þar sem kennari færir börnum epli á bakka. Sum fyrirtæki gáfu starfsfólki sínu epli og appelsínur fyrir jólin á áratugum áður.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/365

# Ávextir, sælgæti og bækur en helst ekki áfengi

**Jólagjafir fyrirtækja og stofnana til starfsmanna sinna hafa á síðustu áratugum færst smám saman í vöxt og í dag eru slíkar gjafir orðnar nær algildar. Í byrjun voru gjafirnar gjarnan ávextir eða sælgæti og sérstaklega veglegar gjafir innihéldu bækur.**



Sælgæti, svo sem konfekt, hefur gjarnan fylgt í jólapökkum til starfsmanna.

Í föstum dálki Alþýðublaðsins árið 1964, Hannesi á horninu, sem Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, fréttastjóri á blaðinu, skrifaði meðal annars, gefur að líta ein fyrstu blaðaskrif um gjafir fyrirtækja til starfsmanna. Jólagjafir höfðu þá tíðkast í einhvern tíma og að sögn blaðsins heldur færst í vöxt síðustu árin þar á undan, þótt gjafir væru þá alls ekki orðnar að viðtekinni venju.

Jólagjafirnar sem taldar eru upp sem algengar gjafir eru meðal annars ávextir, vindlar, sælgæti og bækur enda var kassi af eplum og appelsínum gulls ígildi. Hannes á horninu er hins vegar ekki alls kostar ánægður með það uppátæki fyrirtækja að gefa áfengi því þótt margir kunni vel með vín að fara kunni aðrir það ekki. Allt of oft „stafar geigvænleg hætta af því“ er skrifað í dálkinum og bendir höfundur jafnframt á að mikið úrval sé til af góðum bókum.



Vinsælt var að gefa starfsmönnum vindla í jólagjöf.



Fyrirtækjagjafir eru margbreytilegar í dag en bækur voru með veglegri fyrirtækjagöfum fyrir góðærið.

Þrjátíu árum síðar, árið 1994, birtir Frjáls verslun úttekt á ýmsu sem fyrirtæki og stofnanir taka upp á í aðdraganda jóla, allt frá jólaböllum og upp í jólagjafir. Samkvæmt þeim skrifum eru fyrirtækjagjafir ekki heldur orðnar að staðlaðri venju og mörg fyrirtæki láta duga að senda hverjum og einum starfsmanni persónulegt jólakort enda er gildi þeirra „meira en margan grunar“ að sögn blaðsins. Þau fyrirtæki sem gengu lengra á þessum tíma en að gefa jólakort gáfu þá til að mynda konfektkassa, bók, leikhúsmiða eða vínflösku – þrátt fyrir fortölur Hannesar á horninu nokkrum áratugum fyrr. Í greininni er mælt með jólagjöfum til starfsmanna og sagt að smáglaðningur til starfsmanna í jólamánuðinum skili sér til baka „í bættum vinnuanda – og þá er mikið fengið“.

*-jma*











**● HVAÐ ÞAÐ VERÐUR VEIT NÚ ENGINN...**

Í hinu sígilda jólalagi Bráðum koma blessuð jólin eru góðar gjafir nefndar í fyrsta erindinu. Það er að segja kerti og spil. Hvað er þjóðlegra og þarfara en einmitt þetta tvennt? Kerti til að lýsa upp myrkrið í skammdeginu og spil til að stytta sér stundir við. Algerlega sígild jólagjöf sem ávallt hittir í mark.



dfgs

# FULLKOMNAR GJAFIR

# *fyrir sælkera*

## Jólaglaðningur fyrir samstarfsfólkið




## Gleðileg jól með SS góðgæti!

SS útbýr jólagjafir fyrir fyrirtæki, fullar af hátíðarmat og góðgæti sem tilheyra jólaborðinu. Jólaglaðningur sem þessi hefur notið mikilla vinsælda. Hægt er að velja um ýmsar samsetningar og magn. Pakkarnir eru afgreiddir í fallegum kössum með rauðum borða og ekið til fyrirtækisins sem gefur gjafirnar tímanlega fyrir jól.

*Pantanir í síma 575 6000 og 892 7063 eða í tölvupósti jolagjafir@ss.is*



SS fremstir fyrir bragðið

Fíton/SÍA F1035252

## BESTA OG VERSTA GJÖFIN

# Gjafakort í Kringluna kemur sér best

**Hver er besta/nytsamlegasta fyrirtækjajólagjöfin sem þú hefur fengið?** „Langnytsamlegasta gjöfin hefur alltaf verið gjafakort í Kringluna upp á 10.000 krónur. Það hefur alltaf verið notað í Bónus.

Ein jólin fékk ég svo flísteppi sem mér fannst ansi snautlegt. En það átti svo eftir að verða eitt af stofustássunum."

**Hver er versta fyrirtækjagjöfin? (ef einhver)** „Ég man svei mér þá ekki eftir neinu. Maður er alltaf svo glaður þegar einhver gefur manni eitthvað og tekur bara það sem að manni er rétt."

**Hver er draumagjöfin?** „Ég væri bara til í að fá nóg af súkkulaði. Fimm kíló af Toblerone í einu stykki til dæmis. Ég hef séð svona kvikindi, líklega metri á lengd."

***Arnar Eggert Thoroddsen***
tónlistarblaðamaður á Morgunblaðinu.





# Langar í dekur

**Hver er besta/nytsamlegasta fyrirtækjajólagjöfin sem þú hefur fengið?**
„Það mun vera Tivoli-útvarp sem ég fékk frá Skjá einum á sínum tíma."

**Hver er versta fyrirtækjagjöfin? (ef einhver)**
„Ætli það sé ekki konfektkassi sem gleymdist og rann út og endaði í ruslinu. Mér finnst konfekt ekkert gott."

**Hver er draumagjöfin?**
„Ég væri alveg til í gjafakort í dekur."

***Þórunn Högnadóttir***
stílisti og blaðamaður á Birtíngi.



# Dúnúlpa hitti beint í mark

**Hver er besta/nytsamlegasta fyrirtækjajólagjöfin sem þú hefur fengið?**
„Canada Goose dúnúlpa sem ég fékk fyrir mörgum árum og er enn að nota. Æðisleg flík í vetrarkulda."

**Hver er versta fyrirtækjagjöfin?**
„Árið 1999 var ég að vinna á DV. Þá fengu starfsmenn sérhannað glas sem merkt var árinu 2000. Enginn vissi hvað hann átti að gera við eitt stakt glas á ljótum fæti sem passaði hvergi inn. Þetta var mjög misheppnuð jólagjöf og starfsmenn almennt svekktir yfir valinu."

**Hver er draumagjöfin?**
„Kaffi, konfekt og annað sem hægt er að borða fellur alltaf vel í kramið. Annars finnst mér að fyrirtæki ættu bara að gefa starfsmönnum sínum ávísun eða gjafakort í stað þess að eyða tíma og peningum í misvel heppnaðar jólagjafir."

***Snæfríður Ingadóttir***
rithöfundur og umsjónarmaður Ferðapressunnar á Pressan.is.








**● GAMAN SAMAN** Erfitt getur verið fyrir eigendur fyrirtækja að finna gjöf sem höfðar til allra á vinnustaðnum. Vandamálið er ekki eins óyfirstíganlegt þar sem starfsmenn eru fáir. En veraldlegir hlutir eru oft ekki nauðsynlegir til að gleðja starfsmenn og þakka vel unnin störf á árinu. Til dæmis mætti brydda upp á skemmtilegum uppákomum í hádeginu á aðventunni til að gleðja starfsfólk. Lítið mál er að ljósrita jólalagatexta og fá einhvern sem kann vinnukonugripin á gítar til að spila undir fjöldasöng eftir matinn. Eins er skemmtilegt ef forstjórinn dreifir mandarínum á borð starfsmanna með jólahúfu á höfði eða þá smalar öllum út í göngutúr þegar veðrið er gott til að skoða jólaskreytingar í gluggum. Þá er alltaf vinsælt að bjóða upp á eitthvað gott með kaffinu eins og hnausþykkan súkkulaðimola.





**TÍVÓLÍ-TÆKI OG PLAYSTATION 3** Á góðærisárinu mikla 2007 voru Tívolí-útvörp vinsæl jólagjöf en fjögur fyrirtæki sem Fréttablaðið skoðaði eftir jólin 2007 gáfu starfsmönnum sínum Tívolí-útvörp. Starfsmenn EJS, Glitnis, Símans og Vodafone fengu allir slík útvörp í jólapakkann. Tívolí-tækin kostuðu þá um tuttugu þúsund krónur út úr verslun. Meðal annarra fyrirtækja sem blaðið skoðaði má nefna tölvufyrirtækið CCP sem framleiðir leikinn EVE Online. Starfsmenn þess fyrirtækis fengu Playstation 3 tölvu upp úr jólapakkanum það árið, en tölvan kostaði þá um 40 þúsund krónur út úr verslun. Starfsmenn CCP voru um þrjú hundruð talsins um jólin 2007.





Boðið er upp á samsettar gjafakörfur og körfur að eigin vali hjá Kokkunum að sögn framkvæmdastjórans Rúnars Gíslasonar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hráskinka, ostar og aðrar kræsingar í sælkerapakka

**Veisluþjónustan Kokkarnir býður upp á staðlaðar og sérsniðnar gjafavörur, sem eru tilvaldar til að gleðja ýmist viðskiptavini, starfsfólk eða sína nánustu. Rúnar Gíslason eigandi veit allt um málið.**

„Við kappkostum að bjóða upp á úrvalsvöru sem við útbúum að okkar hætti og er því ekki endilega hægt að nálgast svo glatt annars staðar, svo sem valhnetuhunang, piparrótarsósu, villibráðarpaté og aðra sælkeravöru í bland við gæðaosta, kjöt og kex,“ segir Rúnar Gíslason, eigandi veisluþjónustunnar Kokkarnir, um gjafakörfur sem fyrirtækið hefur boðið upp á frá 2003.

Kokkarnir selja bæði samsettar og sérvaldar gjafakörfur og fæst hvort tveggja í nokkrum stærðum. „Við bjóðum upp á þrettán tilbúnar útgáfur í mismunandi stærðar- og verðflokkum, á allt frá 2.990 krónum og upp í 14.990 krónur, eftir því hvað fólk sækist eftir miklum lúxus, sem getur farið upp í hamborgarhrygg, pylsur, foie gras, hágæða súkkulaði og blínis með laxi og þess háttar munúðarvöru,“ segir Rúnar og getur þess að körfur í millistærð séu þó einna vinsælastar.

„Þær innhalda osta eins og Camembert, piparost, Dalabrie, Höfðingja, líka ítalska bruschettu með papriku, spænska hráskinku, jarðarberjasultu, rifsberjasultu og kex,“ telur hann upp og bætir við að miðað við innihald sé karfan seld á sanngjörnu verði, eða á 5.990 krónur.



„Hvað sérvöldu körfunum viðvíkur, þá er algengt að fólk geri kröfu um að þær uppfylli ákveðnar verðhugmyndir. Síðan getur það valið af handahófi vörur frá okkur sem sumar hverjar er hægt að skoða á heimasíðunni okkar, kokkarnir.is, og við getum veitt ráðgjöf við valið. Sá listi er þó engan veginn tæmandi og hreinlega hægt að spyrjast betur fyrir út í úrvalið með því að hafa samband í síma 511 4466, senda tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða heimsækja okkur í osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum í Kringlunni,“ útskýrir Rúnar.

# Alhliða veisluþjónusta

Kokkarnir sérhæfa sig í alhliða veisluþjónustu, allt frá litlum brauðveislum upp í margrétta stórveislur bæði með og án þjónustu að sögn eigandans Rúnars Gíslasonar. Hann getur þess að einna mest sé að gera í jólahlaðborðum um þessar mundir.

„Við erum í síauknum mæli að þjónusta fyrirtæki og hópa sem taka sig saman í tengslum við haustfagnaði, jólahlaðborð og árshátíðir,“ segir hann og getur þess að í tilfelli jólahlaðborða sé nú hægt að velja um fimm matseðla. „Þeir samanstanda allir af köldum forréttum, heitum aðalréttum og eftirréttum og svo er hæglega hægt að komast að samkomulagi um að víxla réttum milli matseðla sé þess óskað. Sem dæmi er hægt að panta forrétti af matseðli eitt, aðalrétt af númer tvö og eftirrétti af matseðli fjögur og þar fram eftir götum,“ bendir hann á og bætir við að matseðlana sé hægt að nálgast á heimasíðunni kokkarnir.is.



Hægt er að velja um nokkrar gerðir matseðla í tengslum við jólahlaðborð og víxla réttum milli matseðla sé þess óskað.

Rúnar tekur fram að auk þjónustu útvegi Kokkarnir borðbúnað, taki við honum óhreinum og geti útvegað veislustjóra og jafnvel skemmtikrafta ef út í það er farið. „Við erum líka með sali sem við sendum veitingar í, Fóstbræðrasalinn að Langholtsvegi, sem tekur frá 50-120 manns í sæti og allt að 300 manns standandi, og svo nýjan sal á 7. hæð í Cabin Hótelinu í Borgartúni sem við leigjum út með veitingum.“





Camembert – Villibráðarpaté – Cumberlandsósa
Valhnetuhunang – Kex




Villibráðarpaté – Cumberlandsósa – Camembert –
Valhnetuhunang – Reyktur lax - Piparrótarsósa – Kex




Hamborgarhryggur – Serrano hráskinka –
Cumberland Piparrótarsósa – Reyktur lax –
Blinis – Villibráðarpaté – Kex




Camenbert- Brie (erlendur) –Brie ostur Montana (erlendur)
Ostur (erlendur) – Höfðingi – Andalifur (Foi Gras)
Súkkulaði hazel & currant – Serrano hráskinka
Pepperonipylsur – Cumberlandsósa – Piparrótarsósa
Reyktur lax – Blinis – Rifsberjasulta – Kex Carrs - Paté – Kex

Hafðu samband í síma 511 4466 eða skoðaðu heimasíðuna okkar og fáðu upplýsingar um verð og hvaða körfur henta þér.

**www.kokkarnir.is**

KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

# HITAVEITA



**ELMA**
Dúnúlpa með 90% dún og
10% fiðri og ekta skinni á hettu.

Stærðir: XS-3XL | **54.990 KR.**



**ELMAR**
Dúnúlpa fyrir herra með 90% dún
og 10% fiðri og ekta skinni á hettu.

Stærðir: S-3XL | **59.990 KR.**



**ANDRI**
Flottur Primaloft Eco® jakki með hettu, fyrir herra.
Flísfóður innan í hettu. Tveir vasar að framan.

Stærðir: S-3XL | **29.990 KR.**



**ELÍSABET**
Dúnúlpa með hettu og ekta loðkraga.
Úlpan er aðsniðin og mjög kvenleg.

Stærðir: XS-3XL | **32.990 KR.**

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GAR ABÆ, S. 533-3805

CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, S. 533-3003

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVÍK, S. 517 8088



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Gestaleikari í aðalhlutverki

Tískuhús koma og hverfa stundum eins og dögg fyrir sólu. Önnur lifa sína gullöld en hverfa svo smám saman af yfirborði jarðar. En í tískuheiminum þekkist það sömuleiðis að eiga sér glæsilega endurkomu og annað líf. Carven er gott dæmi um hátískuhús sem mátti muna sinn fífil fegri en Madame Carven vildi ekki setja sköpunarverk sitt í hendurnar á einhverjum öðrum þegar hún hætti en þetta tískuhús hefur nú í nokkur misseri verið endurlífgað með góðum árangri. Dior er einnig gott dæmi um endurkomu.

Í byrjun tuttugustu aldar var Jeanne Lanvin einn fínasti hönnuður samtímans í hátískunni í París og braut blað í kvenfatnaði til dæmis með hinu fræga jersey-efni í buxum og kjólum. Hún var einnig ein sú fyrsta í þessum geira að blanda ilmvatn með sínu nafni. Með árunum dofnaði þó yfir Lanvin og má segja að ekki hafi lengur staðið steinn yfir steini hjá Lanvin þegar Alber Elbaz tók við hönnuninni fyrir nokkrum árum. Síðan hefur leiðin legið upp á við hjá Lanvin og þykir fátt fínna síðustu ár en hönnun Albers Elbaz en nú heldur Lanvin innreið sína á Ítalíu og opnar í Mílanó og Róm.



Það þarf því ekki að koma á óvart að í ár er Alber Elbaz í gestahlutverki hjá verslunarkeðjunni H&M og 23. nóvember kemur á markaðinn tískulína Lanvin hjá H&M. Alber Elbaz fylgir þar í fótspor Karls Lagerfeld, Stellu McCartney og Jimmy Choo svo einhverjir séu nefndir. Það er því líklegt að það verði líflegt í verslunum H&M á næstunni því kjólarnir eru svo sannarlega áhugaverðir. Þeir bera að sjálfsögðu sérkenni bæði tískuhúss Lanvin og stjórnandans, Albers Elbez. Til dæmis má nefna stórrósótta kjóla í svörtu og rauðu, með fellingum að ofan og neðan. Svo eru það stórglæsilegir svartir kvöldkjólar með púffermum og slaufum og ekki má heldur gleyma herrajakkafötunum, smókingskyrtum og blazer-jökkum. Öll herlegheitin á afskaplega hóflegu verði sem aðeins er brot af því sem flík frá Lanvin kostar. Flestir kjólarnir eru á um 150 evrur en finnast þó á 100 evrur. Hjá Lanvin getur byrjunarverðið hæglega verið um 2.000-3.000 evrur. Á síðasta ári þurfti að girða af inngang verslana H&M sem og sölusvæðið þegar fylgihlutir Jimmy Choo komu í verslanir H&M í fyrra og viðskiptavinirnir tilbúnir til að láta hendur skipta. Líklegt að sama verði uppi á teningnum að þessu sinni því hver vill ekki lítinn svartan kjól frá Alber Elbez fyrir jólin og það á gjafverði?

*bergb75@free.fr*

# Gaultier og Stardust í eina sæng

JEAN PAUL GAULTIER LEITAÐI Á NÁÐIR ZIGGY STARDUST FYRIR VOR- OG SUMARLÍNU SÍNA, EN LÍNAN VAR ÁBERANDI LÍK HUGARBURÐI DAVIDS BOWIE.

Allt það sem Jean Paul Gaultier kemur að er fyrirfram vitað að verður einstakt og jafnvel skrítið. Á tískusýningu hans á haustdögum var engin breyting þar á og sló hann upp heljarinnar partíi á tískupöllum Parísarborgar. Hönnun Gaultiers minnti um margt á gleðskap í byrjun áttunda áratugarins með Ziggy Stardust í fararbroddi fyrirsætnanna, sem báru úfna hanakamba í stíl við litskrúðug föt. Stór og skemmtileg munstur prýddu föt Gaultiers auk áberandi litasamsetningar og oft á tíðum óvenjulegrar samsetningar.















PVC - U
PLAST GLUGGAR
& HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

Verklist
Smíðavinna – Þakviðgerðir
Pípulagnir – Stíflulosun
Múrviðgerðir – Flísalagnir
Málingavinna – Sprunguviðgerðir
Jarðvegsvinna – Hellulagnir
Trjáfellingar – Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Upplýsingar í s. 820 8888

Smíðum eftir máli!
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
— Sérhæfð trésmiðja! —
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • eljo@internet.is
www.hurdirogggluggar.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Vegna hækkunar hjá Orkuveitunni
Fáðu sem mest út úr ofnakerfinu þínu og fáðu okkur til að jafnvægistilla það fyrir þig
Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

THE BEST!!! TANTRIC MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!8698602

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

NEW NEW NEW!!!LUXURY MASSAGE. IN DOWN TOWN ANYTIME!! S. 8924018 ALISIA

**NUDD - TILBOÐ - NUDD**

**Dekur f. 2 kr. 9900,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Nudd í boði. S. 844 0253.

Whole body massage. S. 849 5247.

## Spádómar

**Spásími 908 6060**

**Tarot, miðlun, trúnaður.
Er byrjuð á fullu aftur.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro**

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Símaspá 859 9119**

**Tilfinningamál, fjármál, ársspá, andleg hjálp, bein miðlun og tarot. Laufey spámiðill.**

**Löng reynsla.
Opið frá kl. 20.00 - 24.00 visa/euro.**

# Sími 512 5407

Italiano
Pizzeria
2 fyrir 1 af bjór alla föstudaga með mat!
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

Selenit
Saltkristall
Steinasteinn
Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík
Sími: 551 5720
Ormsvelli 1, 860 Hvolsvöllur
Sími: 487 7752, 6998352
Sendum um land allt
steina steinn
www.steinasteinn.is

Allt fyrir hunda og ketti
Hundasnyrtistofa og gæludýravörur
DÝRABÆR
Dýrabær Hlíðasmára 9, Kóp. sími 553-3062
Dýrabær Smáralind sími 554-3063
Dýrabær Kringlunni sími 511-2022 • www.dyrabaer.is

OSEA Öryggiskerfi
Öryggiskerfin frá OSEA eru þægileg og henta öruggleg vel fyrir þig.
Margar gerðir af skynjurum.
Tilboðsverð kr. 45.174
1 stk. hreyfiskynjari
1 stk. hurðaskynjari
2 stk. fjarstýringar
Hugna.is
Dalvegur 16b s: 554-2727

Glæsilegur undirfatnaður frá Vanity Fair og Lauma.
Ynja
UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

Hinn eini sanni
Maxiwell III
nuddpúði
4 ár á Íslandi
Þýsk gæði
Pöntunarsími 661 2580
logy@logy.is • www.logy.is
LOGY.IS

Bekkjarparty - Afmælis veislur
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!
Stúdíó 29
Laugavegur 101
Sími 511 3032 & 861 2319

TROPHY 4.6 TRUGGY
HPI Trophy Truggy 4,6
Öflugur fjarstýrður bensíntrukkur.
Tómstundahúsið
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

XPRENT
Nóvembertilboð!
2 fyrir 1
af strigaprentun og blindramma
• 3 stærðir í boði
meira um okkur á heimasíðunni okkar eða á facebook.
Nóvembertilboðið er einnig á:
facebook og 2fyrir1.is
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

• Mikið úrval af nýjum • blómavörum • gjafavörum • jólavörum •
Nytjamarkaðurinn
TIL STYRKTAR ABC BARNAHJÁLP
Mikið úrval af nýjum og notuðum hlutum í verslun okkar á frábæru verði.
Dæmi: Föt (peysur, buxur, skór o.fl.) - algengt verð 100 - 900 kr.
Fullur poki af völdum fötum 500 kr.
Búsáhöld og gjafavörur - algengt verð 50 - 600 kr.
Bækur, DVD, CD, Vinyl - algengt verð 100 - 350 kr.
Húsgögn ýmiskonar - algengt verð 200 - 15.000 kr.
Vertu velkomin í heimsókn í verslunina okkar.
Nytjamarkaðurinn - Skútuvogi 11a (á móti Húsasmiðjunni)

ditto.is
Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum.
ditto.is
Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060
www.ditto.is

FJARÐARBÓLSTRUN ehf
Sími 864 - 4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Eigum eingöngu 2 stk. eftir af þessari vinsælu tegund.
Verð áður 298 þúsund
Nú á úsöluverði á
!!! aðeins 214 þúsund !!!
Motor sport
Síðumúla 34 • 567 1040

# Alla fimmtudaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Símaspá og ræð einnig drauma. Ekkert mínútugjald. Tímapantanir í S. 891 8727, Stella.

## Rafvirkjun

Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
kboga@simnet.is

## BÍLAR & FARATÆKI

HEIMSBÍLAR



Coleman Sedona 10 feta fellihýsi til sölu, ísskápur, eldavél, vaskur, miðstöð, geymslukassi. vel með farið. ásett verð 1.150.000. fæst núna á 850.000, TRYGGÐU ÞÉR FELLIHÝSI FYRIR NÆSTA SÚMAR.. uppl. í s. 567-4000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



**VW Passat Comfort**
Árgerð 11/2004, ekinn 70þ.km, ssk, lúga, nýleg tímareim, fallegur bíll! Tilboðsverð aðeins 1.490.000kr! Raðnúmer 150917. Nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

TOPPBÍLAR bílasala



FORD EXPLORER XLS. Árgerð 2002, ekinn 142 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Skoðar skipti á ódýrari.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

100bílar.is bílasala



Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á planið hjá okkur, Skráið bílinn frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

Breiðan ehf
821-6292



Ford Transit Mini Bus 15 manna árgerð 2005, diesel, ekinn 145 þús.km., topplúga, dráttarbeisli, Webasto miðstöð, þjónustubók, sk.'11, verð kr. 3.150.000,- 821-6292



Hyundai H1 árg.'02, diesel, 7 manna, ek. 130þús.km., nýleg tímareim, dráttarkúla, nagladekk, aukadekk, sk.'11, 100% lánað, verð kr. 1.590.000,- 821-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
vísir.is

bílaborg.is



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX DIESEL . Árgerð 10/2005, ekinn 79 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 6.800.000. Rnr.132818 Bakkmyndavél og fl. Uppl. síma 517-1111.



TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI. Árgerð 5/2006, ekinn 87 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1590 þús. Tilboðsverð stgr.1290 þús. Rnr.132562 uppl. síma 517-1111 eða 696-1001.



RENAULT MASTER GRIND,TVÖFALD HÚS. Árgerð 12/2006, ekinn 103 þ.km, DÍSEL, 6 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.132474 Uppl. síma 517-1111.



M.BENZ E 200 CGI AVANTGARDE 2010 ÁRG. Árgerð 2010, ekinn 29 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.132899 uppl. síma 517-1111 www. bilaborg.is



LEXUS IS200. Árgerð 10/2004, ekinn 98 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.930.000. Rnr.124064 uppl síma 517-1111 Ath skipti. eða gott stgr verð. www.bilaborg.is



LAND ROVER RANGE ROVER SUPERCHARGED . Árgerð 3/2007, ekinn 87 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.132624 Umboðsbíll. Vel búin bíll. uppl. síma 517-1111 eða 696-1001.



BMW M6. Árgerð 2007, ekinn 39 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 13.900.000. Rnr.125316 Uppl síma 517-1111 ath ýmis skipti eða gott stgr verð. Glæsilegur bíll. www.bilaborg.is



ATVINNUHÚSNÆÐI KRÓKHÁLS 12 C.A 120 FM Verð 26 millj. Ath. ýmis skipti uppl. síma 696-1001 517-1111 www. bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

## Bílar til sölu



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



Isuzu Crew Cab 35" breyttur árg. 09/'01. Sk. ,10. Ek. 212 þús. Disel, sjsk. Ásett v. 1.490þ. Tilboð 1.190þ. S. 772 1616.



**4X4 TILBOÐ 365 ÞÚS !!!**
Daihatsu terios 98" ekinn 134þ. bsk , dráttarbeisli , skoðaður 2011 nokian vetrardekk , nýtt í bremsum pústi , hjólalegur ofl , 100% bíll uppl. s. 777-3077.



Opel Astra ,99 til sölu. 2. dyra, í toppstandi. V. 320 þús. S. 868 9663.



HONDA CRV ÁRG. 1998, SJÁLFSK., EK. 171 Þ.KM., SUMAR OG VETRARD. Á FELGUM, DRÁTTARKRÓKUR, SMURBÓK , SKOÐAÐUR. VERÐ 550 Þ. S. 895 8956.



**Útsala, 135þ.**
Ford Escord árg. ,97 5g., 5d., ek. 135 þús. S. ,11. Polo árg. ,95, 3ja dyra. V. 90þ. S. 891 9847.

## 0-250 þús.



**TILBOÐ 190 ÞÚS!**
Kia clarus 2.0 árg.'99 ek. 125 þús. skoðaður 2011, beinskiptur ásett verð 390 þús. TILBOÐ 190 ÞÚS! S.841 8955.

## 250-499 þús.



**TILBOÐ TILBOÐ!!!**
Mitsubishi Carisma 1600 Sport árg.'00 ek.140 þús. sjálfskiptur, skoðaður 2011, góður bíll sem eyðir litlu! ásett verð 580 þús. TILBOÐ 420 ÞÚS. S.841 8955.



Toyota corolla 95 ssk. ný tímareim, skoðaður 11, glæ ný nagladekk fylgja og ný sumar dekk á felgum. V. 280Þús. Uppl. í síma 615 2929.

## 500-999 þús.



**!!! glæsilegur bíll !!!**
VW Golf 1.6 highline, árg ,02, ekinn aðeins 104þús, recaro stólar, topplúga, spoiler, álfelgur, geislaspilari, filmur í rúðum, beinskiptur, nýleg vetrardekk, skoðaður 2011, virkilega fallegur bíll í góðu standi, ásett verð: 890þús, Tilboðsverð aðeins: 690þús stgr, uppl í síma 659-9696.

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Mig vantar diesel bíl bara Japanska eða þýska. Ekki jeppa. Verð allt að 1m. Uppl : 842 6522.

**Vantar bíl, 0-200 staðgr.**
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má vanta smá lagfæringar. Sími 857 9326.

## Vörubílar



Man 19414 árg. ,00 4x4+2. Ek. 277þ. Pallur og krani. Snjómokstursbún. + undirtönn. Uppl: 892 1755.

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
**Eina sérhæfða hjólasmíðastofa landsins!**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.659 159 eða 664 6440 kriacycles.com

## Mótorhjól

MOTOR HARLEY-DAVIDSON COMPANY

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

**Harley-Davidson umboðið**
**Grensásvegi 16, 108 Reykjavík**
**Sími: 510 9090**
**http://www.harley-davidson.is**

## Fjórhjól

2 Can am Renegade 500 & 800 cc, fjórhjól til sölu. 2 gangar af dekkjum,annað með spili , einnig kerra. Uppl. í s. 867 2113.

## Vinnuvélar



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

## Lyftarar

Til sölu snúningur Meyer fyrir 2,0-2,5t lyftara 360° Uppl.í síma 660 9552.

## Bátar

Strandveiðibátar til sölu - skiptatilboð - til sölu hraðfiskibátar - vantar grásleppuleyfi - hafðu samband - SAFIR skipasala - www.safir.is

## Hjólbarðar

Til sölu Toyo jeppa dekk nelgd. 235-60 R18. Lítið notuð. Uppl í s. 893 2429

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

ÓDÝRARI VARAHLUTIR AUKAHLUTIR
Komdu og láttu okkur gera tilboð í varahluti í bílinn þinn!
Afhending á sérpöntunum frá USA tekur 4-7 vinnudaga. Hraðþjónusta líka í boði.
Getum útvegað hluti í m.a.:
- Toyota
- BMW
- Mitsubishi
- Nissan
- GMC
- Dodge
- Chevrolet
- Pontiac
- Ford
- Dodge
- Chrysler
- Jeep
- Cadillac
- Mercedes

Jeep PONTIAC GMC Ford

Bílabúð Benna
Stofnuð 1975
www.benni.is
590 2000

NET-PARTAR
PARTASALA - NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA



486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

## Þjónusta

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG sími 896 4661**

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

3 herb. 92fm kj. íbúð í raðhúsi í Seljahverfi (109) verð 120.000, laus strax. s: 691-4242.

**Leigjendur, takið eftir!**
Það eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Nýleg 26m2 studióíbúð miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni" við Iðnskólann. Eldhúskrókur og baðherbergi í íbúð, húsaleigubætur fást á þessa íbúð. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 16:00 og 18:00

Til leigu lítil falleg 3herb íbúði tvíbíli í rólegu hverfi í hafnarfirði (norðurbæ). Hentar einstaklega vel fyrir fjölskyldufólk. Aðeins traust og reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. s: 899-6699.

Til leigu 4. herb. 97,6 fm íbúð í Hraunbæ á 2. hæð. Laus strax. Umsóknir sendist á sigurros@isloft.is

Norðlingaholt Til leigu 96 fm 3 herb íbúð á jarðhæð m/ geymslu og stæði. Laus strax. S: 892 0669 / 554 6555

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

## Húsnæði óskast

Vantar 3 - 4 herb. íbúð á svæði 109,108,104 eða 103. Öruggar greiðslur í boði. S. 868 5171.

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir; geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731**
**klettar@heimsnet.is**

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH! Upphitað, gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Auka eða Aðalvinna**
Vantar fólk til vinnu á veitingahúsi 105,108. Rvk vinnutími 12-16 eða 18-22. Íslensku kunnátta skilyrði. 896 3536.

Vantar þig aukavinnu eða aðalvinnu. Okkur vantar fólk á norðurlandi til markaðs og sölustarfa. Uppl. í s. 894 0339.

## Atvinna óskast

Viltu gefa stutt vídeó um fjölskylduna í jólagjöf? Geri tilboð. Sími 891 7074.

Get bætt við mig verkefnum í textaskrifum; persónuleg jólabréf, þýðingar og greinargerðir. Smekkleg uppsetning, skemmtilegur texti. 891 7074.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Fyrirlestur á stofu,**
Tryggva Jónassonar kíropraktors,
fimmtudaginn 11. nóv. kl. 20:00
**Titillinn er:**
„Hvernig bakveiki og verki eru einstaklingar með í meðferð á kíropraktorstofunni."
**Aðgangur frír**
kirotj@simnet.is – Háleitisbraut 58–60

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Hæ strákar hringið í okkur.**
**Opið þegar ykkur langar.**

## Atvinna

**Næringarfræðingur óskast í fagteymi**

Fyrirtæki óskar eftir næringarfræðingi í ráðgjafavinnu.
Um er að ræða afmarkað verkefni. Það að vera með reynslu af að tala fyrir framan hóp af fólki.

Góð laun í boði.

Upplýsingar í síma 862-4714 eða info@sidelinesports.com

## Fundir / Mannfagnaður

**Hestamannafélagið Andvari Garðabæ**

Aðalfundur Andvara fyrir árið 2010 verður haldinn í félagsheimili Andvara á Kjóavöllum fimmtudaginn 18. nóvember nk. kl. 20.00.

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundastörf.

Önnur mál.

Stjórnin.

ANDVARI

## Styrkir

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

# Styrkir til úrbóta á ferðamannastöðum

*Ferðamálastofa byggir umhverfisstefnu sína á sjálfbærri og ábyrgri ferðamennsku enda er náttúra Íslands sú auðlind sem ferðaþjónustan á Íslandi byggir á til framtíðar. Mikilvægt er að byggja upp innviði sem geta tekið á móti vaxandi fjölda ferðamanna, tryggt öryggi þeirra eftir bestu getu og boðið upp á nauðsynlega þjónustu. Jafnframt þarf að gæta þess að allar áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknum og unnar af mikilli varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru Íslands og sögu. Hönnuðir og skipuleggjendur ferðamannastaða þurfa því að hafa næmt auga fyrir því hvort, og þá hvar og hvernig, mannvirkjum er valinn staður þannig að þau skerði ekki ásýnd hans en ýti fremur undir sérstöðu staðarins og þá upplifun sem ferðamaðurinn sækist eftir.*

**Ferðamálastofa auglýsir styrki til úrbóta í umhverfismálum fyrir árið 2011. Sérstök áhersla verður lögð á öryggismál á ferðamannastöðum, verkefni þar sem heildrænt skipulag og langtímamarkmið eru höfð að leiðarljósi og aðgengi fyrir alla.**

**UMSÓKNARFRESTUR:**
Umsóknarfrestur er til og með **20. desember 2010.** Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar.

**1. STYRKIR TIL SMÆRRI VERKEFNA:**
Veittir verða styrkir til smærri verkefna til úrbóta í umhverfismálum. Hámarksupphæð hvers styrks verður 500 þúsund krónur og er hann ætlaður fyrir efniskostnaði, áætlanagerð og/eða hönnun. Ekki er veittur styrkur fyrir eldsneyti, fæðiskostnaði eða vinnuframlagi við framkvæmdir.

**2. STYRKIR TIL STÆRRI VERKEFNA:**
Veittir verða styrkir til úrbóta í umhverfismálum á ferðamannastöðum og uppbyggingar á nýjum svæðum fyrir ferðamenn. Styrkupphæð getur að hámarki orðið 50% af kostnaðaráætlun, þó aldrei hærri en 10 milljónir. Hægt verður að áfangaskipta verkefnum og styrkveitingu í 3-5 áfanga á jafnmörgum árum. Hægt er að sækja um styrki fyrir áætlanagerð og/eða hönnunarvinnu ásamt undirbúningsrannsóknum.
Við skipulag og hönnun mannvirkja er höfð til hliðsjónar „Menningarstefna í mannvirkjagerð" sem gefin var út af Menntamálaráðuneytinu í apríl 2007 og skipulagslög nr. 123/2010. Ef sótt er um styrk fyrir byggingu mannvirkja eða aðrar framkvæmdir verður skipulag, fullnaðarhönnun og framkvæmdaleyfi að liggja fyrir. Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi og rekstri svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi verkefni eftir að framkvæmdum lýkur (sjá nánari leiðbeiningar).

**ALLAR UMSÓKNIR SKULU INNIHALDA:**

- **a.** Hnitmiðaða en vandaða verkefnislýsingu sem lýsir hugmyndinni með rökstuddum og skýrum hætti
- **b.** Kostnaðar- og verkáætlun
- **c.** Afrit af skipulagi svæðis og/eða skriflegt samþykki viðkomandi yfirvalda vegna verkefnisins
- **d.** Teikningar af mannvirkjum, þar sem það á við, og/eða skriflegt samþykki byggingarfulltrúa
- **e.** Skriflegt samþykki allra landeigenda og húsráðenda

**Ath! Nánari leiðbeiningar og umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is.**

**HVERJIR GETA SÓTT UM:**
Öllum sem hagsmuna eiga að gæta er frjálst að sækja um styrk að uppfylltum ofangreindum skilyrðum. Við úthlutun verður m.a. tekið mið af ástandi og álagi á svæði, og mikilvægi aðgerðanna út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Einnig verður tekið tillit til þess hvort viðkomandi verkefni nýtur þegar fjárstuðnings opinberra aðila. Ekki verður sérstaklega litið til dreifingar verkefna eftir landshlutum.

**HVAR BER AÐ SÆKJA UM:**
Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is. Þar eru jafnframt leiðbeiningar um hvernig skal sækja um.
Nánari upplýsingar veitir Sveinn Rúnar Traustason, umhverfisstjóri Ferðamálastofu í síma 535-5500 eða með vefpósti, sveinn@icetourist.is.

**Ferðamálastofa starfar samkvæmt lögum nr. 73/2005 um skipulag ferðamála.** Helstu verkefni stofnunarinnar eru einkum: 1. Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt. 2. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf. 3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu (innanlands), í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni.

**www.ferdamalastofa.is**

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 | Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 | Netfang: upplysingar@icetourist.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

**m.visir.is**
Fáðu Vísi í símann og iPad!



# MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

## Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins




Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

**Meiri Vísir.**

vísir.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** lýð, **6.** bardagi, **8.** ung stúlka, **9.** bein, **11.** voði, **12.** bani, **14.** matarsamtíningur, **16.** átt, **17.** sjáðu, **18.** mál, **20.** stöðug hreyfing, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** borg, **3.** hljóm, **4.** fugl, **5.** knæpa, **7.** andsvar, **10.** ágæt, **13.** framkoma, **15.** tolla, **16.** stykki, **19.** fíngerð líkamshár.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fólk, **6.** at, **8.** mær, **9.** rif, **11.** vá, **12.** ólífi, **14.** snarl, **16.** sv, **17.** sko, **18.** tal, **20.** ið, **21.** króm.

**LÓÐRÉTT: 1.** faró, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** krá, **7.** tilsvar, **10.** fín, **13.** fas, **15.** loða, **16.** stk, **19.** ló.




# Þú færð það sem þú óskar þér…

**BAKÞANKAR**
**Charlotte Böving**



Það vex og dafnar sem við einbeitum okkur að. Flestir vita það, en samt gleymum við því reglulega.

**FLEST** höfum við lesið bókina eða séð myndina um Leyndarmálið, eða a.m.k. heyrt um fyrirbærið (og hafi maður ekki kynnt sér það, gæti verið sniðugt að gera það). „Kenningin“ gengur út á að maður geti fengið allt það í lífinu sem maður óskar sér, ef maður hugsar jákvætt og af einbeitingu um það. Þannig virkar maður eins og segull og laðar að sér það sem maður er að hugsa um.

**OG SATT** að segja hef ég reynslu af Leyndarmálinu. Þegar ég óskaði mér að eignast barn númer tvö, hafði Leyndarmálið einmitt tröllriðið þjóðinni, svo við beittum aðferðinni og óskuðum okkur barns af slíkri einbeitingu og jákvæðni að við eignuðumst tvíbura.

**Í DAG** get ég ekki ímyndað mér líf mitt án beggja þessara tveggja ára stelpna, en ég verð að viðurkenna að tvíburar voru ekkert á óskalistanum.

**UPPLIFUN** mín er því að aðferðin virkar. Við löðum að okkur það sem við viljum, en við ráðum því ekki fyllilega hversu mikið við fáum.

**ÆTLUNIN** er reyndar ekki að tala um þessa bók/mynd. En mig langar að minna okkur á að það sem við fókuserum á vex og dafnar. (Af sömu ástæðu borgar sig ekki að hugsa of mikið um aukakílóin, ef maður ætlar sér að losna við þau).

**ÞAÐ KREFST** aga að forðast þær hugsanir sem gera okkur leið, spæld eða reið og sem færa okkur ekki nær því sem við óskum okkur: „Ég á aldrei krónu,“„ég er alltaf svo óheppin(n),“„ég er bara svo vitlaus, mikill klaufi, asni, leiðinleg(ur), ómöguleg(ur)“ o.s.frv. Það er með ólíkindum hvað fólki dettur í hug að hugsa um sjálft sig. Og samt er ég sannfærð um að enginn óski sér að lifa í reiði, þunglyndi eða á mörkum fátæktar.

**EN TIL** þess að geta nært það sem við óskum okkur meira af, verðum við að gefa sjálfum okkur tíma og rúm til þess að finna það í hjarta okkar hver óskin er. Þegar einlæg óskin er fundin eigum við að trúa á að við getum fengið hana uppfyllta, vera hugrökk og grípa tækifærið þegar það gefst.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HINN EINI SANNI

# RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR




## AÐEINS 4 DAGAR EFTIR

NÝTT KORTATÍMABIL

## NÚ AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

*við hliðina á Dýraríkinu*

**Opið alla daga**
**frá 12:00 til 18:00**

**Mikið úrval af útivistarvörum, fatnaði og skóm**

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is

ecco
NIKE
adidas
PUMA
hummel

Reebok
BLEND
ORGINAL
SKECHERS

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL í dag




**TOLLI LANDSLAG HUGANS** GLÆSILEG LISTAVERKABÓK 250 BLS. Í VERSLUNUM BÓNUS **kr. 4990.-**

85 KR.1000g
ES HVEITI 1000g

195 KR.1000g
ES SYKUR 1000g

249 KR.500g
BÓNUS RÚSÍNUR 500g

259 KR. 300g
SUÐUSÚKKULAÐI 300g

298 KR. 250g
KAKÓ 250g

229 KR.kg
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g

ILMKERTI
98 KR.stk
ILMKERTI Í ÁLDÓSUM

498 KR.200g
KÓKOSOLÍA 200g

359 KR. 1 kg
SPELTHVEIT FÍNT -GRÓFT 1 kg

598 KR. 425ml
AGAVE SÝRÓP 425ml

FERSKT PIZZADEIG 400g **259 kr.**
PIZZU SKINKA 125g **98 kr.**

ALGJÖRT SÆLGÆTI
598 KR.600g
NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR

279 KR. 250g
BÓNUS FETI 250g

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL í dag
898 KR.kg
BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR
898 KR. kg
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
Ferskt lambakjöt
1298 KR.kg
K.S FERSKT LAMBLÆRI
2598 KR.kg
NAUTA Veisla
FERSK NAUTASTEIK RIBEY
PRÓFAÐU AÐ MATBÚA ÓSVIKIÐ ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE www.bonus.is/uppskriftir
SPAGHETTI
798 KR. kg
FERSKT BLANDAÐ HAKK
159 KR.1 kg
ES SPAGHETTI 1 KG.
TILBOÐ 25% afsláttur
Heimilisostur með
25% afslætti
Merkt verð 1186 kr.kg
890 kr./kg.
GRÍSA Veisla
BACON Í SNEIÐUM
998 KR.kg
Robin klementínur 2,3 KG
Toppurinn í klementínunum
759 KR. 2.3 kg
BÓNUS GJAFAKORT
Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við skrifstofu Bónus og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.
4FYRIR3
Coca-Cola
759 KR.4x2 ltr
4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX
695 KR.4x2 ltr
BÓNUS APPELSÍN
169 KR.2 ltr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

! **ÁRÁSIN Á GOÐAFOSS** Heimildarmyndin komin út á DVD með miklu aukaefni.

## Síðustu Sirkusar ársins

Síðustu sýningar Sirkus Íslands á Sirkus Sóley í Tjarnarbíói á þessu ári fara fram sunnudagana 14. og 21. nóvember. Sýningin var sett upp í Salnum í Kópavogi og Hofi á Akureyri fyrr á árinu við góðar undirtektir.

Um er að ræða sirkussýningu með jafnvægislistum, loftfimleikum og fleiri áhættuatriðum, auk þess sem trúðar sprella eins og tilheyrir í þeirri starfsstétt.

Sýningunni er ætlað að höfða til allra aldurshópa.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**03.11.10 - 09.11.10**




**1** Furðustrandir – Arnaldur Indriðason




**2** Spegill þjóðar – Njörður P. Njarðvík




**3** Hreinsun – Sofi Oksanen




**4** Danskennarinn snýr aftur, kilja - Henning Mankell




**5** Fleiri prjónaperlur – Ýmsir höfundar




**6** Stóra Disney matreiðslubókin




**7** Sokkar og fleira – Kristín Harðardóttir




**8** Stelpur! - Þóra Tómasdóttir og Kristín Tómasdóttir




**9** Þú getur eldað – Annabel Karmel




**10** Einfalt með kokkalandsliðinu

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Hef illan bifur á brúðkaupum

**Hjónavígslan með öllu sínu tilstandi er Sigurbjörgu Þrastardóttur yrkisefni í nýjustu ljóðabók hennar, Brúður. Hún segir brúðkaup að mörgu leyti ævintýralegar og skrýtnar uppákomur.**



**SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR** „Það er margt skrýtið sem mætir manni í brúðkaupum; ákveðnar endurtekningar sem helgast ekki endilega af hefðum heldur tískustraumum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brúður er safn sextíu texta um giftingar, „víraðir og fagrir“ eins og segir á bókakápu. Hér er rýnt í brúðkaupið og allt tilstandið í kringum það frá ýmsum sjónarhornum, skyggnst í huga brúðarinnar, dregnar upp myndir sem sumar hverjar eru sorglegar en aðrar fullar af von.

Sigurbjörg segist hafa farið í afar mörg brúðkaup í gegnum tíðina, bæði hérlendis og erlendis, og sankað að sér mörgum hugmyndum úr ólíkum áttum.

„Textarnir komu smátt og smátt, sumir úr draumum og aðrir úr veruleika. Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur bauð mér til dæmis einu sinni að hirða af sér nokkrar bækur því hann stóð í flutningum. Þar fann ég hollenska ljósmyndabók um útibrúðkaup með stórkostlegum myndum sem rötuðu í ljóðin. Ég ritstýrði líka brúðkaupsblaði Morgunblaðsins tvívegis og ræddi af því tilefni meðal annars við heyrnarlausa brúði, sem gaf mér líka hugmynd að ljóði. Þegar ég tók eftir því hvað ég var óvart komin með marga texta um þetta þema fór ég að raða þessu saman í eina bók.“

En hvers vegna er yrkisefnið Sigurbjörgu svona hugleikið?

„Ég hef stundum sagt að ég hafi illan bifur á brúðkaupum,“ segir hún og hlær. „Það er vissulega dálítið harkalega að orði kveðið en það er margt skrýtið sem mætir manni í brúðkaupum; ákveðnar endurtekningar sem helgast ekki endilega af hefðum heldur tískustraumum, sem setja æ meira mark á athafnirnar og umbúnaðinn í kringum þær. Það er eitthvað ævintýralegt við brúðarskrúðann og allt tilstandið í aðdraganda brúðkaupsins, sem er yfirleitt miklu meira af hálfu brúðarinnar og vinkvenna hennar en brúðgumans.“

Viðfangsefni bókarinnar er kvenlegt; fjallar um brúðir eða brúður, eftir því hvernig lesandi vill túlka titilinn, en þetta er þó ekki endilega „kvennabók“ að sögn Sigurbjargar. „Þetta er bók fyrir gifta, fyrir þá sem geta ekki hugsað sér að gifta sig, fyrir fráskilda og marggifta. Þetta eru ekki hefðbundnir bragir sem eru fluttir til heiðurs hjónum á brúðkaupsdegi, heldur eru dregnar upp ýmis konar myndir, sumar þess eðlis að bókin er ef til vill ekki heppileg gjöf á brúðkaupsdaginn, þegar fólk er viðkvæmt og allt á helst að vera fullkomið. Fyrst og fremst er þetta bók fyrir fólk sem ann ljóðum.“

### ÚR BRÚÐI

hún ræskir sig hljóðlega,<br>
segir:<br>
einu sinni sá ég heyrnarlausa<br>
stúlku gifta sig, hún<br>
var<br>
eins og aðrar brúðir<br>
að öllu<br>
öðru leyti - táknmálskórinn söng

hann finnur hvernig pungurinn

liggur skakkur í smókingbuxunum<br>
og hann togar<br>
í skálmina og það lagast og hann<br>
horfir á rjómann og hugsar: ég verð<br>
að hætta að<br>
kjaftbrosa núna, annars trúir mér<br>
ekki sála



**ÓDAUÐLEG VERK** Ódauðlegt verk um draum og veruleika er fjórða verkið af fimm sem fjalla um mannlegt eðli og varpa upp tilvistarlegum spurningum.

# Ódauðlegt verk í Útgerðinni

Tvær sýningar eru eftir af sýningum Áhugaleikhúss atvinnumanna á sjónleiknum Ódauðlegt verk um draum og veruleika í Útgerð Hugmyndahúss háskólanna. Verkið var frumsýnt 27. október en síðustu sýningar eru á sunnudaginn klukkan 21 og á sama tíma fimmtudaginn 18. nóvember.

Ódauðlegt verk um draum og veruleika er fjórða verkið af fimm undir yfirskriftinni Ódauðlegt verk, sem öll eiga það sameiginlegt að fjalla um mannlegt eðli og tilvist. Í þessu verki er spurt hvort sé raunverulegra, það sem fer fram í huga fólks eða það sem sýnilega hendir í veraldlegum heimi.

Áhugaleikhús atvinnumanna er hópur atvinnufólks í sviðslistum sem setur upp framsækin sviðslistaverk. Hópurinn leggur áherslu á að hann er ekki markaðsdrifinn og setur upp sýningar án endurgjalds.

Leikstjóri og höfundur verksins er Steinunn Knútsdóttir en leikarar eru Aðalbjörg Árnadóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hannes Óli Ágústsson, Lára Sveinsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Ólöf Ingólfsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson. - bs

# HVAÐ GERÐI HALLGRÍM PÉTURSSON AÐ STÓRSKÁLDI?



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




Í skáldsögu sinni *Heimanfylgju* fylgir Steinunn Jóhannesdóttir drengnum Hallgrími frá fæðingu og þar til hann heldur af landi brott sem unglingur. Af alúð og hugkvæmni nýtir hún stopular heimildir um sálmaskáldið og þá hörðu öld sem fóstraði hann.

Eftir höfund metsölubókarinnar
*Reisubók Guðríðar Símonardóttur*




Fimmtán mínútna lestur á dag styrkir barnið þitt í námi.

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

Bókatíðindi koma út 15. nóvember.

# Caput-hópurinn í japönskum gír hjá Naxos

Caput-hópurinn efnir til tónleika í Norræna húsinu á sunnudag. Tilefnið er væntanlegur geisladiskur frá Naxos-útgáfunni, þar sem Caput og Kolbeinn Bjarnason flytja tónlist japanska tónskáldsins Toshio Hosokawa. Á tónleikunum verða leikin verk eftir Hosokawa sem og annan japanskan meistara, Toru Takemitsu, sem hefði orðið áttræður hinn 7. október síðastliðinn. Takemitsu var eitt litríkasta tónskáld 20. aldarinnar og sameinaði vestræna framúrstefnu og fornan japanskan tónlistararf í verkum sínum. Einna þekktastur er hann fyrir verkið November Steps, sem hann samdi fyrir Fílharmóníuhljómsveitina í New York árið 1967 og er álitið tímamótaverk í tónlistarsögunni. Toshio Hosokawa er sporgöngumaður Takemitsu en hefur með árunum tekið enn stærri skref en fyrirrennari sinn inn í veröld fornrar japanskrar tónlistar og nýtur tónlist hans hylli um allan heim. Hann hefur tvívegis komið til Íslands til að vinna með Caput, Kolbeini Bjarnasyni og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Tónleikarnir í Norræna húsinu á sunnudag hefjast klukkan 15.15. Geisladiskur Kolbeins og Caput með verkum Hosokawa kemur út í desember.



**CAPUT-HÓPURINN** Geisladiskur með flutningi Kolbeins Bjarnasonar og Caput-hópsins á verkum japanska tónskáldsins Toshio Hosokawa kemur út hjá Naxos-útgáfunni í næsta mánuði.




Bækur ★★

**Fyrirgefning**
Lilja Sigurðardóttir

**Bjartur**

## Faðir, fyrirgef þeim … ekki




Lilja Sigurðardóttir vakti töluverða athygli og hrifningu í fyrra með sinni fyrstu sakamálasögu, Sporum. Í Fyrirgefningu er söguhetjan sú sama, ástarsöguþýðandinn Magni, sem nú hefur tekið að sér að skrifa viðtalsbók við nokkra þolendur ofbeldis. Fleiri persónur úr fyrri bókinni koma einnig við sögu, Iðunn fyrrverandi kona Magna, Fríða ástkona hans og AA-félagi og fleiri.

Bókin er byggð upp á sama hátt og Magni hyggst byggja tilvonandi samtalsbók, hver kafli ber nafn eins þolanda og harmsaga hans/hennar er lauslega rakin. Fljótlega eftir að viðtölin hefjast fara þeir sem hafa beitt viðmælendur Magna ofbeldi að týna tölunni með voveiflegum hætti og böndin berast að sjálfshjálpargrúppu sem hittist vikulega í Hallgrímskirkju. Inn í er svo blandað daglegu lífi Magna, AA-fundum, endalausri matargerð og samskiptum þeirra Iðunnar, sem flytur til hans kasólétt, án þess þó að þau endurveki sambandið, samskiptum hans við ástkonuna og Fríðu og peningagíruga útgefandann, sem reyndar er skemmtilegasta persóna sögunnar.

Þetta er fínasta hugmynd en hefði þurft mun betri úrvinnslu til að ná tökum á lesanda. Rétt er tæpt á sögum fórnarlambanna, lesandinn kynnist þeim lítið og hefur ekki með þeim þá samúð sem nauðsynleg væri til að réttlæta plott sögunnar. Spennan verður fyrir vikið lítil og alltof snemma verður lesandanum ljóst hvernig í pottinn er búið. Gamla morðið, sem einn viðmælanda Magna lýsir á hendur sér, peppar söguna upp um tíma en lausn þess máls er ansi klén, svo gripið sé til velþekktra gagnrýnendafrasa.

Veikasti hlekkur sögunnar er þó söguhetjan sjálf. Magni er daufleg söguhetja, hringsól hans á milli eldhúss, AA-funda og sjálfshjálparhópsins lítið spennandi og sambönd hans við ástkonurnar tvær afskaplega yfirborðsleg.

Yfirborðsleg er reyndar fyrsta orðið sem kemur upp í hugann eftir lestur bókarinnar. Hér er fjallað um harmsögur og rústuð líf með sama hætti og Magni hyggst greinilega nota við sín bókarskrif; hann skrifar inngang viðtalanna áður en hann hittir viðmælendur og lætur nægja að taka tvö stutt viðtöl við hvern þeirra. Ekki við því að búast að slík vinnubrögð skili mikilli dýpt.

Lilja er lipur penni, en tilþrifum í máli og stíl er ekki fyrir að fara og textinn verður á köflum svo marflatur að það er eins og hann hafi verið straujaður. Ýmislegt bendir þó til þess að hún gæti gert miklu betur ef hún gæfi sér meiri tíma til að vinna persónur og plott.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Fín hugmynd en útfærslan ekki nógu vönduð, sagan nær ekki tökum á lesandanum og lítið fer fyrir spennunni.



Bækur ★★

**Kallinn undir stiganum**

Marie Hermanson

**Uppheimar**

## Vínberjarunnar og vitfirring

Marie Hermanson nýtur töluverðra vinsælda í Svíþjóð og bók hennar um Kallinn undir stiganum var valin besta skáldsaga ársins 2005 af sænskum bóksölum. Ekki veit ég hvers vegna. Kannski er þýðingunni þar um að kenna, en hún virðist þó ágætlega unnin, fyrir utan glappaskot eins og að tala sí og æ um vínberjarunna í stað rifsberjarunna og svalirnar sem „lágu ofan á veröndinni“ (bls. 7). Sagan, sem kynnt er á kápu sem „ágeng og ögrandi spennusaga“, lýsir baráttu sænsks heimilisföður við kall nokkurn sem tekið hefur sér bólfestu undir stiganum í húsi hans og gerir honum ýmsar skráveifur. Fljótlega liggur þó ljóst fyrir í huga lesandans hvað um er að vera og sagan nær því aldrei að verða spennandi. Aðalpersónan nær heldur ekki að vekja samúð og lesandanum er því slétt sama um stigvaxandi andlega upplausn hennar. Fyrir spennusögufíkla eins og þennan lesanda hér veldur lesturinn miklum vonbrigðum.




**Friðrika Benónýsdóttir**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 11. nóvember**

### ➜ Tónleikar

**20.00 Sjónvarpslaust fimmtudagskvöld** verður haldið í kvöld í sjöunda skiptið í **Slippsalnum** að Mýrargötu 2. Fram koma **Friðfinnur, Anna Jónsdóttir, Soffía Björg** og hljómsveitin **Korka.** Aðgangseyrir er 1.000 krónur, 500 námsmenn.

**21.00** Tríóið **ASA** spilar djass á **Græna hattinum**, Akureyri, í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

**21.00 Magnús Einarsson** og **Tómas Tómasson** leika tónlist eftir **Bítlana** á **Ob-La-Dí-Ob-La-Da**, Frakkastíg 8. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er enginn aðgangseyrir.



**21.00 Andrea Gylfa** og **Eddi Lár** verða með tónleika á **Gallerý-Bar 46** að Hverfisgötu 46. í kvöld klukkan 21. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**22.00 Eyþór Ingi og félagar** halda **Deep Purple tribute** tónleika á skemmtistaðnum **Sódóma Reykjavík** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og kostar 1.200 krónur inn.

### ➜ Upplestur

**18.00** Í tilefni af **Norrænu bókasafnsvikunni** standa **Norræna félagið í Hafnarfirði** og **Bókasafn Hafnarfjarðar** fyrir upplestri í **setustofu bókasafnsins** kl. 18. Lesnir verða norrænir textar úr völdum bókum.

### ➜ Opið hús

**15.00 Opið hús** verður í **Sigurhæðum** á Akureyri frá kl. 15-17 í tilefni þess að 175 ár eru liðin frá því **Matthías Jochumsson** fæddist. Hátíðardagskrá hefst kl. 20.30 í Ketilshúsi um kvöldið.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.30 Þjóðmálastofnun, Edda - öndvegissetur** og **Framkvæmdafélag listamanna** standa fyrir gestafyrirlestri í tengslum við **Eilífðarvélina**. Fram kemur **Luis de Miranda**. Fyrirlesturinn hefst kl. 12.30 og er haldinn í HÍ, Háskólatorgi í stofu 105.

### ➜ Kvikmyndir

**20.00 Kínó klúbburinn** og **Listasafn Reykjavíkur** efna til kvikmyndasýninga á verkum **Jennifer Reeder** í Hafnarhúsinu kl. 20 í kvöld. Allir velkomnir.

### ➜ Tónlist



**21.00 Árleg Tónlistarveisla** verður haldin hátíðleg á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar í kvöld kl. 21 í göngugötunni á **Garðatorginu** í Garðabæ. **Hjálmar** troða upp og gestir geta keypt sér veitingar.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**








MESTA ÚRVALIÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI
TM85
FARTÖLVA Á TILBOÐI
149.900
LM85
169.900
TM81
FARTÖLVA Á TILBOÐI
114.900
5336
79.900
HVERGI BETRA VERÐ!
4GB MINNISLYKILL
2.990
500GB
14.900
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM
GLÆSILEGAR VERSLANIR
4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
1TB
FULL HD MEDIA PLAYER
29.900
GTS450
24.900
79.900
54.900
OneTwo
154.900
2TB
49.900
MG5150
19.900
24"LED
GIGABYTE UPPFÆRSLA 2
24.900
M7700
4.990
LEIKJA HEYRNARTÓL
7.990
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.

# Canon DAGAR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF SPENNANDI TILBOÐUM

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CANON VÖRUM



HVERGI BETRA VERÐ

### IXUS 105 MYNDAVÉL

12.1 MP stafræn Canon myndavél hlaðin allri nýjustu og bestu tækninni

**34.900**

CANON MYNDAVÉLAR



ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:)

ÞRÁÐLAUST WiFi NETKORT

### MP495 MEÐ WiFi

Einstök fjölnota græja frá Canon sem prentar, skannar og ljósritar, allt í einu tæki

**14.900**

FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI




### JÓLAKORTIN Í ÁR

Í Tölvutek færðu allt sem til þarf til að prenta jólakortin í ár, pappír og blek í úrvali

**ÚRVAL**

10% AF PAPPÍR OG BLEKI

GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI









acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA


ÓMAR GUÐJÓNSSON


RAY DAVIES

## > Í SPILARANUM

Ómar Guðjónsson - Von í óvon
Kid Rock - Born Free
Ensími - Gæludýr
The Walkmen - Lisbon
Ray Davies - See My Friends

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Metallica vaknar til lífsins

Rokkararnir í Metallica ætla að byrja að semja efni á sína tíundu hljóðversplötu á næsta ári. Tvö ár eru liðin síðan Death Magnetic kom út en á henni mátti greina afturhvarf til fyrri verka sveitarinnar.


**METALLICA** Rokkararnir ætla að semja efni á nýja plötu á næsta ári.

Metallica er þessa dagana að ljúka við tónleikaferð sína um heiminn vegna Death Magnetic. Trommarinn Lars Ulrich hlakkar til að kíkja í hljóðverið á nýjan leik til að leggja grunninn að enn einni plötunni. „Það er margt í bígerð árið 2011 en það helsta er að við viljum byrja að semja aftur,“ sagði Ulrich. „Við höfum ekkert samið síðan 2006 eða 2007 og við viljum fara að skapa eitthvað á nýjan leik. Núna erum við bara að slaka á en síðan förum við á fullt í mars eða apríl.“ Trommarinn bætti því við að hljómsveitin vildi halda áfram að stíga á svið með Slayer, Anthrax og Megadeth. Þeir tónleikar hafa hingað til verið haldnir í Evrópu en Ulrich vonast til að ferðinni verði næst heitið til Bandaríkjanna.




## > Plata vikunnar

XIII - Black Box

★★★★

„Glæsileg yfirlitsútgáfa sem allir íslenskir rokkhundar ættu að eiga í safninu.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Goð og garpar*



**MEISTARAVERK** SH Draumur spilar Goð og fleira á tónleikum á Akureyri 20. nóvember og í Reykjavík 4. desember.

Það hefur verið vinsælt undanfarin ár að hljómsveitir haldi tónleika og spili einstaka plötur í heild sinni. Oft eru þetta gömul meistaraverk og tónleikarnir í senn upprifjun fyrir gamla aðdáendur og tækifæri fyrir unga áhugamenn að upplifa snilldina. Í fyrra var blásið til tónleikaraðarinnar Manstu ekki eftir mér. Fyrstu tvennir tónleikarnir tókust vel (Ensími með Kafbátarokk og Megas með Millilendingu), en síðan hefur lítið gerst.

Nú dregur hins vegar til tíðinda. Hljómsveitin SH Draumur kom nýlega saman og spilaði á Airwaves við góðar undirtektir. Um svipað leyti kom út tvöföld yfirlitsútgáfa af meistaraverki Draumsins, Goð, sem kom út 1987. Þetta er sérstaklega eigulegur pakki með öllu útgefnu efni sveitarinnar, sjaldgæfum og áður óútgefnum hljóðritunum og hnausþykkum bæklingi með sögu bandsins og myndefni.

Til að fagna útgáfunni ætlar SH Draumur að halda tvenna tónleika þar sem platan verður flutt í heild ásamt öðru efni. Þeir fyrri verða á Græna hattinum á Akureyri 20. nóv., en þeir seinni á Sódómu 4. des. Að hluta til er Draumurinn að svara óskum aðdáenda, en Facebook-síða með áskorun um tónleika var stofnuð fyrir nokkrum mánuðum. Hljómsveitin var drulluþétt á Airwaves þannig að það má reikna með hörku tónleikum. Miðasala er hafin á midi.is.

Erlendis er líka verið að rifja upp flottar plötur á tónleikum. Primal Scream er þessa dagana á tónleikaferð að spila Screamadelicu og miðasala er hafin á stórtónleika í Alexandra Palace í London 1. júlí 2011. Þar mætast þrjár kynslóðir: Flaming Lips spilar The Soft Bulletin (1999), Dinosaur Jr. tekur Bug (1988) og Deerhof flytur Milk Man (2004).






# Rihanna horfir til framtíðar

**Rihanna gefur eftir helgi út sína fimmtu plötu, Loud. Söngkonan hefur engan áhuga á að endurgera hina vinsælu Good Girl Gone Bad sem kom út 2007.**

Þrátt fyrir ungan aldur gefur söngkonan Rihanna út sína fimmtu hljóðversplötu eftir helgi. „Ég trúi því varla að þetta sé fimmta platan mín,“ sagði hin 22 ára Rihanna í viðtali við BBC. „Það er ótrúlegt ef maður hugsar til þess. Ég hef aldrei verið eins spennt yfir neinu sem ég hef búið til. Þetta er ekta Rihönnuplata og hvert einasta lag er klæðskerasniðið fyrir mig.“

Rappararnir Eminem og Drake eru á meðal gesta auk þess sem hluti af lagi Avril Lavigne, I'm With You, af fyrstu sólóplötu hennar er notaður í laginu Cheers (Drink to That). Eins og á síðustu plötum Rihönnu kemur norska upptökudúóið Stargate einnig við sögu.

Rihanna sló rækilega í gegn árið 2007 með plötunni Good Girl Gone Bad sem hafði að geyma hið gríðarvinsæla Umbrella. Söngkonan er meðvituð um vinsældirnar en vill líta fram á veginn í tónlistinni. „Ég vildi ekki líta um öxl og endurgera Good Girl Gone Bad. Mig langaði að taka næsta skref í þróunarsögu Rihönnu og þessi plata er sú rétta fyrir okkur.“

Rihanna fæddist á Barbados í Karíbahafi. Eyjan var bresk nýlenda til ársins 1966, þegar hún öðlaðist sjálfstæði. Nú búa þar innan við 300 þúsund manns. Sextán ára fluttist Rihanna til Bandaríkjanna til að einbeita sér að sólóferli sínum og hún var ekki lengi að heilla menn upp úr skónum. Eftir að hafa farið í áheyrnarprufu hjá rapparanum Jay-Z, þáverandi forstjóra Def Jam Recordings, gerði fyrirtækið útgáfusamning við hana og sér varla eftir því. Hún hefur selt plötur sínar í hátt í tuttugu milljónum eintaka og þar af seldist Good Girl Gone Bad í um tíu milljónum. Eins og áður sagði var Umbrella aðalsmellurinn, þar sem Jay-Z var einmitt gestasöngvari.



**RIHANNA** Þrátt fyrir ungan aldur er söngkonan að gefa út sína fimmtu plötu, Loud.
NORDICPHOTOS/GETTY

Rihanna lenti í erfiðleikum í einkalífinu í byrjun síðasta árs þegar þáverandi kærasti hennar, rapparinn Chris Brown, lagði hendur á hana. Hún komst yfir það og gaf út fjórðu plötu sína, Rated R, síðar sama ár. Hún seldist ekki næstum því eins vel og Good Girl Gone Bad og því má segja að tölu verð pressa sé á Rihönnu að auka við fylgi sitt á nýjan leik með Loud.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 4. - 11. nóvember 2010

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Páll Óskar og Memfismafían | *Það geta ekki allir...* |
| ▲ | 2 | Cee Lo Green | *Forget You (F U)* |
| ▼ | 3 | Kings Of Leon | *Radioactive* |
| ▼ | 4 | Hjálmar | *Gakktu alla leið* |
| ▶ | 5 | Bruno Mars | *Just The Way You Are* |
| ▲ | 6 | Blaz Roca og Ragga Bjarna | *Allir eru að fá sér* |
| ▲ | 7 | Hurts | *Wonderful Life* |
| ▼ | 8 | Lifun | *Ein stök ást* |
| ▲ | 9 | Jón Jónsson | *When You're Around* |
| ▲ | 10 | Rihanna | *Only Girl In The World* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 4. - 11. nóvember 2010

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Prófessorinn og Memfismafían | *Diskóeyjan* |
| ▲ | 2 | Hjálmar | *Keflavík Kingston* |
| ▲ | 3 | Sálin hans Jóns míns | *Upp og niður stigann* |
| * | 4 | Baggalútur | *Næstu jól* |
| ▼ | 5 | Helgi Björnsson og reiðmenn... | *...Þú komst í hlaðið* |
| ▲ | 6 | GRM | *MS* |
| ▼ | 7 | Ingó og félagar | *Buddy Holly* |
| ▼ | 8 | Friðrik Dór | *Allt sem þú átt* |
| ▲ | 9 | Cliff Clavin | *The Thief's Manual* |
| ▼ | 10 | Retro Stefson | *Kimbabwe* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

# Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934





## Jólakjólar





## Laugavegi 7

Sími: 5526066

Nýtt kortatímabil hefst í dag

Opnunartímar:
mánud.-fimmtud. 11-18
föstud. 11-18:30
laugard. 11-17






## > DE NIRO HEIÐRAÐUR

**Robert De Niro** fær hinn virtu Cecil B. DeMille verðlaun þegar Golden Globe verðlaunin verða afhent í janúar næstkomandi. De Niro er þá kominn í hóp með þeim Martin Scorsese, Steven Spielberg og Anthony Hopkins en Golden Globe eru verðlaun erlendra blaðamanna í Hollywood.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Ósáttur Oplev

Neils Arden Oplev, leikstjóri upprunalegu myndanna um tölvuþrjótinn Lisbeth Salander sem finna má í bókum Stiegs Larsson, er ósáttur við að Hollywood skuli vera að endurgera myndirnar sínar. Og hann segist vera þrumu lostinn yfir því að Noomi Rapace, sem lék Salander í sænsku myndunum þremur, skuli ekki hafa fengið hlutverkið í amerísku útgáfunni. „Þetta er hennar hlutverk, hennar arfleifð,“ segir Oplev í samtali við kvikmyndasíðuna wordandfilm.com.



**VILDI SJÁ NOOMI** Leikstjóri Millennium-þríleiksins vildi sjá Noomi í hlutverki Lisbeth Salander í amerísku endurgerðinni.

# Denzel hinn mikli

**Denzel Washington er einn af merkilegustu og fremstu svörtu leikurunum í sögu Hollywood og verður eflaust minnst í sömu andrá og Sidney Poitier, sem ruddi brautina upp á silfurtjaldið fyrir þeldökka Bandaríkjamenn.**



**STÓRLEIKARI** Denzel Washington er skærasta blökkumannastjarnan í kvikmyndaheiminum. Hann var fyrsti blökkumaðurinn í 38 ár til að hljóta Óskarsverðlaun fyrir leik í aðalhlutverki og hefur um árabil verið í fremstu röð kvikmyndaleikara í Hollywood.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýjasta kvikmynd Denzel, Unstoppable, er dæmigerð amerísk hasarmynd þar sem Tony Scott er lestarstjóri. Mótleikari Washington og lærlingur í myndinni er Chris Pine, stjarnan úr síðustu Star Trek-mynd.

Unstoppable segir frá tveimur starfsmönnum járnbrautarfyrirtækis sem taka að sér það hlutverk að koma í veg fyrir að stjórnlaus lest, full af eitur- og sprengiefnum, valdi eyðileggingu í nálægum smábæjum. Myndin er innblásin af sannsögulegum atburðum sem áttu sér stað árið 2001 í Ohio þegar vörulest keyrði stjórnlaus eftir lestarteinum með stórhættulegar eiturgufur innanborðs.

Kvikmyndir eins og Unstoppable hafa hins vegar ekki gert Denzel Washington að einum áhrifamesta blökkumanninum í Hollywood. Denzel byrjaði eins og flestir leikarar í Ameríku, í sjónvarpi. Hann vakti fyrst athygli í sjónvarpsseríunni St. Elsewhere þar sem hann lék dr. Phillip Chandler. En árið 1987 varð flestum ljóst að ferli Denzel í sjónvarpi var að ljúka. Þá lék hann suður-afrísku frelsishetjuna Steven Biko í Cry Freedom á móti Kevin Kline. Hann fylgdi þeirri frammistöðu eftir með stórleik í Glory en fyrir túlkun sína á strokuþrælnum Trip fékk Denzel Óskarsverðlaun fyrir bestan leik í aukahlutverki. Þar með var ferill hans næstum gulltryggður, hann fékk stór hlutverk í rándýrum hasarmyndum á milli þess sem hann túlkaði sögufræga menn á borð við blökkumannaleiðtogann Malcolm X, Rubin „Hurricane“ Carter og heróín-innflytjandann Frank Lucas í American Gangster.

**27** Denzel hefur verið giftur Paulette Pearson í 27 ár. Saman eiga þau fjögur börn en Denzel er með ba-gráðu í blaðamennsku.

Denzel þykir mikið kyntákn, hann ratar yfirleitt hátt á lista yfir kynþokkafyllstu kvikmyndastjörnur allra tíma. Persónur hans eru yfirleitt með ríka réttlætiskennd og leikur hans þykir oft vera nokkuð „dramatískur“. Denzel veit yfirleitt alltaf best á hvíta tjaldinu og lætur ekki bjóða sér neitt kjaftæði eða vaða yfir sig. Það kemur því kannski ekkert á óvart að pabbi leikarans skuli vera þekktur prestur og mikill predikari í hvítasunnusöfnuði í New York, sá bakgrunnur er oft augljós þegar persónur hans eru skoðaðar. Hins vegar verður það aldrei tekið af Denzel að hann var fyrsti svarti karlleikarinn í 38 ár til að hljóta Óskarsverðlaun fyrir leik í aðalhlutverki, árið 2002 þegar hann lék spilltu lögguna Alonzo Harris í Training Day. Sidney Poiter hafði fengið styttuna góðu fyrir leik sinn í kvikmyndinni Lilies of the Field árið 1964. Og slíkur árangur er varðveittur í réttindabaráttu svartra.

freyrgigja@frettabladid.is

# Gróa á Leiti á hvíta tjaldinu

Kvikmyndin Easy A gæti, miðað við söguþráðinn, heitið Gróa á Leiti enda fjallar myndin um áhrifamátt lyga- og kjaftasagna í unglingasamfélagi. Hin unga Olive Penderghast ákveður að sleppa tjaldferðalagi með bestu vinkonu sinni til að geta verið ein heima og lesið skáldsöguna The Scarlet Letter. Þegar hún er síðan spurð að því hvað hún hafi gert þessa helgi lýgur Olive því að hún hafi átt eldheita nótt með ungum háskólanema. Þessi saga breiðist fljótt út meðal strangtrúaðra skólafélaga Olive, sem kynnist áður óþekktum vinsældum. Lygarnar verða sífellt fleiri og flóknari þar til heimur Olive er að hruni komin.

Easy A hefur fengið afbragðsgóða dóma, fær meðal annars 7,7 á imdb.com. Hún fær 87 af hundrað á Rotten Tomatoes en afar sjaldgæft er að unglingamyndir nái slíkum einkunnum. Aðalstjarna myndarinnar er Emma Stone; hana ættu margir að kannast við úr Superbad og Zombieland og þá ættu einhverjir að kannast við unglingastjörnuna Amöndu Bynes sem lék meðal annars stórt hlutverk í endurgerðinni af Hairspray.



**FÆR GÓÐA DÓMA** Emma Stone og kvikmyndin Easy A hafa fengið fína dóma hjá gagnrýnendum, 7,7 hjá imdb.com og 87 á Rotten Tomatoes.


GNARR
ALLSKONAR í SAMVINNU VIÐ ENJOY & 10FILMS KYNNA GNARR
JÓN GNARR HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR ÓTTAR PROPPÉ
EINAR ÖRN BENEDIKTSSON ÞORSTEINN GUÐMUDSSON
FRAMLEIÐENDUR SIGVALDI J. KÁRASON & BJÖRN ÓFEIGSSON MEÐFRAMLEIÐANDI RAFN RAFNSSON
HLJÓÐHÖNNUN NICOLAS LIEBING HLJÓÐUPPTAKA BOGI REYNISSON
KVIKMYNDATAKA BJÖRN ÓFEIGSSON KLIPPING SIGVALDI J. KÁRASON LEIKSTJÓRI GAUKUR ÚLFARSSON
ALLSKONAR © 2010 ALLSKONAR FILMS WWW.GNARRTHEMOVIE.COM
FYRSTA MYNDIN Í
ADHD
Frumsýnd 12. nóvember
fjarkinn
stefánsson & stefánsson
ALLSKONAR
enjoy
10FILMS
SAMBÍÓIN



36 **LEONARDO DICAPRIO** fagnar 36 ára afmælinu sínu í dag. Hann sást síðast í hinni frábæru mynd Inception. Næst sjáum við hann í Hoover eftir Clint Eastwood. Þar fer DiCaprio með hlutverk J. Edgar Hoover.

# Plötusnúðar á námskeiði



**BENNI B-RUFF** Benni B-Ruff og Guðni Impulze hafa umsjón með plötusnúðanámskeiði á Akureyri á laugardaginn.

Plötusnúðanámskeið verður haldið í Tónlistarskóla Akureyrar á laugardaginn. Farið verður yfir öll mikilvægustu atriði plötusnúðatækninnar og hentar námskeiðið vel fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í faginu. Námskeiðið verður í umsjón Benna B-Ruff og Guðna Impulze, sem hafa báðir verið starfandi plötusnúðar um árabil. Innritun fer fram í Tónastöðinni á Akureyri og er þátttökugjald sex þúsund krónur.







# Páll Óskar stundum alveg á túr í myndatökunum

**Páll Óskar og listamaðurinn Oddvar Örn hófu samstarf fyrir nokkrum árum í kjölfarið á Gay Pride í Reykjavík. Afrakstur samstarfsins má berja augum í Smáralind á laugardaginn, en þá hefst sýningin Páll Óskar eftir Oddvar.**



MYND/ODDVAR

**HIRÐLJÓSMYNDARI** **Oddvar** og **Páll Óskar** hafa unnið saman síðustu ár. Oddvar lætur Pál meðal annars bregða sér í hlutverk gagnkynhneigðs handboltakappa, skáta og pitsusendils.

„Þetta er ógeðslega gaman. Við hlæjum endalaust í tökunum enda með svipaðan húmor," segir listamaðurinn Oddvar Örn Hjartarson um vinnu sína með Páli Óskari Hjálmtýssyni.

Ljósmyndasýningin Páll Óskar eftir Oddvar hefst í Smáralind á laugardaginn. 34 sviðsettar ljósmyndir sem Oddvar tók af poppstjörnunni verða sýndar og af því tilefni kemur út bók í formi stórra póstkorta.

Oddvar hefur verið hirðljósmyndari Páls undanfarin ár og segir hann vera frábæra fyrirsætu. „Hann er náttúrulega rosalega myndarlegur og með öll þessu flottu hlutföll sem módel þurfa að hafa," segir Oddvar. „Svo er hann með sjálfstraustið í lagi og það skiptir rosalega miklu máli."

En er Páll einhvern tíma með dívutakta í myndatökunum?

„Jú, jú, stundum er hann alveg á túr. Ég fæ stundum að finna fyrir því."

Páll Óskar bregður sér meðal annars í hlutverk flugmanns, skáta, ofurhetju, sjómanns, pitsusendils og gagnkynhneigðs handboltakappa á myndunum. Oddvar segist kunna ótrúlega vel að meta síðastnefndu myndina. „Hún virkar eins og týpísk Fréttablaðsmynd. Kannski er þetta einkahúmor – Palli er náttúrulega megahommi og maður hefur svo oft séð þessa gaura, ótrúlega káta með aðalskvísuna og nýfætt barn," útskýrir Oddvar. „Svo eru þeir að lifa tvöföldu lífi; spila með báðum liðum án þess að gera það opinbert. Það er tilfinning okkar Palla og margra samkynhneigðra. Það er svo mikið af karlmönnum sem koma aldrei út úr skápnum, þannig að það er flott að setja Palla í þennan búning. Það vita allir að hann er ekki *straight*." Oddvar ítrekar þó að allir geti túlkað myndirnar á sinn hátt.

Oddvar játar að það sé frábært tækifæri fyrir sig sem ungan listamann að vinna með Páli Óskari og vonast til þess að vinnan opni fleiri dyr. „Ef ekki, þá held ég áfram að gera mína list. Á meðan ég er hamingjusamur er ég sáttur," segir hann.

Í tilefni af opnuninni treður Páll Óskar upp og áritar í Hagkaupum Smáralind klukkan 14 á laugardaginn.

atlifannar@frettabladid.is.




# Tvær íslenskar heimildarmyndir frumsýndar

Tvær íslenskar heimildarmyndir verða frumsýndar um helgina. Gnarr, heimildarmynd Gauks Úlfarssonar um Besta flokks framboð Jóns Gnarr og félaga, hefur þegar vakið mikla athygli og deilur. Gaukur fylgir þar eftir lygilegri velgengni framboðsins sem hægt og bítandi varð stærsta stjórnmálaaflið í Reykjavík með ólíkindatólið Jón Gnarr fremstan í flokki. Gaukur er auðvitað fyrst og fremst þekktur fyrir að vera einn af sköpurum Sylvíu Nætur ævintýrsins og sumir hafa viljað meina að vera Jóns Gnarr í borgarstjórastólnum sé eitt stórt grínatriði að hætti íslensku dívunnar sem Ágústa Eva Erlendsdóttir lék svo eftirminnilega.

Hin myndin er kannski á ögn alvarlegri nótum þótt stjórn höfuðborgarinnar sé vissulega ekkert gamanmál. Hún heitir Feathered Cocaine og er eftir þá Þorkel Harðarson og Örn Marinó Arnarson. Myndin var frumsýnd á Tribecakvikmyndahátíðinni í New York fyrr á þessu ári og fór í kjölfarið á Hot Docks-hátíðina í Kanada. Þar að auki verður hún sýnd eftir viku á IDFA-heimildarmyndahátíðinni í Hollandi sem er sú stærsta sinnar tegundar. „Auðvitað er ég með smá fiðring í maganum yfir því að frumsýna hér á Íslandi og ég hlakka mikið til," segir Örn í samtali við Fréttablaðið. Myndin fjallar um ólögleg fálkakaup olíufursta í arabaríkjunum og hvernig þau hafa nánast gengið af fálkastofninum dauðum í sumum löndum. **- fgg**

**ÓLÍKAR MYNDIR** Heimildarmynd Gauks Úlfarsson um Jón Gnarr og Feathered Cocaine eru ólíkar íslenskar heimildarmyndir sem verða frumsýndar um helgina.



# AÐ TAKA FLUGIÐ






Unga litla líður vel í hreiðrinu hjá mömmu sinni. Það er því viðeigandi að mamma hans nefnir hann Hreiðar! Mamma gerir allt sem Hreiðar biður um en einn daginn fær hún nóg ...

Hugljúf og glæsileg bók eftir hinn ástsæla höfund Guðrúnu Helgadóttur.

Anna Cynthia Leplar myndskreytti.



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is




Fimmtán mínútna lestur á dag styrkir barnið þitt í námi.

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

Bókatíðindi koma út 15. nóvember.

# Keppt til úrslita í Leiktu betur

„Þetta leikhússport er rosa mikið „költ“,“ segir Bryndís Ingvarsdóttir, einn af skipuleggjendum Leiktu betur keppninnar í ár. Úrslit keppninnar verða annað kvöld.

Leiktu betur er spunakeppni framhaldsskólanna. Keppnin gengur þannig fyrir sig að tvö lið með fjórum keppendum koma upp á svið og framkvæma spuna út frá nokkrum fyrir fram gefnum atriðum. „Það eru oftast mestu kjánarnir og vitleysingarnir sem taka þátt fyrir sinn skóla,“ segir Bryndís, en tíu skólar keppa í ár. Það eru MH, MR, Kvennó, MK, MS, MA, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Mosfellsbæjar og Verzlunarskólinn. Spurð af hverju fáir kannist við keppnina, sem þó hefur verið haldin frá 2002, segir hún leikhússportið einfaldlega ekki henta öllum. „Það virðast fáir þora að taka þátt og kannski er það þess vegna sem fólk mætir ekki til að horfa á,“ segir Bryndís og bætir við að keppnin eigi ekki heima í sjónvarpi eins og Gettu betur. „Þetta yrði bara ekki eins flott í sjónvarpi.“

Sigurliðið frá því í fyrra, MH, hefur oftast unnið keppnina og því er vert að vita hvort liðsmenn Hamrahlíðarliðsins stefna á sigur í ár. „Ég held að við eigum alveg jafn mikinn séns og aðrir skólar á að vinna í ár,“ segir Benjamín Björn Hinriksson, liðsmaður MH, og segist ekkert vita við hverju eigi að búast af hinum skólunum. „Við hittumst bara á hverjum degi og förum yfir þá spuna sem við erum sterkust í,“ segir Björn spurður út í undirbúninginn.

Keppnin fer fram í Tjarnarbíói klukkan 20 annað kvöld, föstudagskvöld, og kostar ekkert inn. **- ka**



**EIGA TITIL AÐ VERJA** Birkir Sigurjónsson, Benjamín Björn Hinriksson og Ingunn Lára Kristjánsdóttir eru í liði MH í ár. Á myndina vantar Unu Hildardóttur sem einnig er í liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Björgvin lætur gott af sér leiða

„Ég tel mjög mikilvægt að allir sem geta glatt eða látið gott af sér leiða til þess að sem flestum líði vel, geri það. Sérstaklega á þessum erfiðu tímum í kringum jól og áramót,“ segir handboltakappinn Björgvin Páll Gústavsson.

Björgvin var staddur á landinu á dögunum og lét gott af sér leiða. Hann ákvað fyrir nokkrum misserum að hefja samstarf við Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna og gefa einhverjum úr þeirra hópi áritaða treyju í hvert skipti sem hann kæmi til landsins. „Ég gaf einmitt strák að nafni Steinar áritaða treyju í síðustu viku en hann hefur verið í langri og erfiðri meðferð,“ segir Björgvin. „Sú heimsókn sýndi mér einnig hversu frábært starf er unnið þarna og alla jákvæðnina sem streymir þarna um. Þarna er fólk sem er bókstaflega að berjast fyrir lífi sínu með jákvæðnina og bjartsýnina að vopni. Við gætum lært mikið af fólkinu þarna inni á tímum sem þessum í samfélaginu frekar en að væla yfir því hversu slæmt allt er og ömurlegt.“

Björgvin og Logi Geirsson hafa styrkt ýmis góð málefni með hagnaði á sölu Silver-gelsins. „Við munum láta enn meira að okkur kveða í þeim efnum á næstu vikum og mánuðum og vil ég hvetja alla til að gera slíkt hið sama ef þeir sjá sér það fært.“ **- afb**



**GAF TREYJU** Björgvin gaf Steinari Jónssyni áritaða treyju á dögunum.


NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

DE NIRO NORTON STONE — SPENNUMYND AF BESTU GERÐ — JOVOVICH

MACHETE — Úti er ævintýri 2 — AULINN ÉG

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STONE | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| MACHETE | 8 og 10.15 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 | L |
| SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN

ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS

ROBERT DOWNEY JR. OG ZACH GALIFIANAKIS EIGA EFTIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ GRENJA ÚR HLÁTRI

FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER

DUE DATE — LEAVE YOUR COMFORT ZONE — COMING SOON

RED ★★★★ HOLLYWOOD REPORTER ★★★ EMPIRE — BRUCE WILLIS, MORGAN FREEMAN, JOHN MALKOVICH OG HELEN MIRREN ERU STÓRKOSTLEG Í ÞESSARI ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGU GRÍNMYND

ÆVINTÝRI SAMMA 3D Leynigöngin

THE SWITCH — 14.000 gestir ★★★★ H.S. MBL ÓRÓI — LET ME IN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 | 16 |
| THE TOWN | kl. 5:30 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 10:30 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| RED | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali | kl.3.50 og 5.50 | L |
| DUE DATE | kl. 4 - 5.45 - 8 - 9.10 og 10.25 | 10 |
| RED | kl. 4.30, 8.05 og 10.30 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 3,40 | L |
| ÓRÓI | kl. 9.20 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BON JOVI – THE CIRCLE TOUR Tónleikar | kl. 8 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 5:50 - 8 | L |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótex. Ensku | kl. 5:50 | 16 |
| THE TOWN | kl. 10:20 | L |

BON JOVI — TÓNLEIKAR Í KVÖLD — AÐEINS EIN SÝNING! — KRINGLUNNI KL. 20.00

NÝTT Í BÍÓ!

You Will Meet A Tall Dark Stranger — MACHETE ★★★ -H.S.S., MBL LÚXUS — Úti er Ævintýri 2 750 kr. ÍSLENSKT TAL — THE KIDS ARE ALL RIGHT ANNETTE BENING JULIANNE MOORE MARK RUFFALO MIA WASIKOWSKA JOSH HUTCHERSON — INHALE ★★★★ -B.S., Fréttablaðið ★★★★ -J.V.J, DV ★★★★ -S.V., MBL — BRIM — ★★★★ -B.S., Fréttablaðið ★★★★ -T.V., kvikmyndir.is ★★★★ -Þ. Þ., Fréttatíminn

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAKERS | kl. 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 10 | 12 |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 8 - 10* Síðasta sýning | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 8 - 10* Síðasta sýning | 16 |

facebook.com/smarabio — AUKAKRÓNUR 5%

BÍÓ PARADÍS CAFÉ BAR

| | |
|---|---|
| SUBMARINO (14) | 18:00, 20:10 |
| HÖLLIN (L) | 18:30, 19:30 |
| MEÐ HANGANDI HENDI (L) | 18:10 |
| ÁFRAM STELPUR! (L) | 18:20 |
| NORD VESTUR (L) | 20:20 |
| ENTER THE VOID (INNÍ TÓMIÐ) (14) | 20:30 |
| PÁLL ÓSKAR: KYNLÍF, DÓP, KJARNORKA! (L) | 20:00 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
Meðlimakort: 10% afsláttur
Áskriftarkort: allt að 37% afsláttur
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / WWW.BIOPARADIS.IS / MIÐI.IS

MEÐ HANGANDI HENDI — FRIKADIR FIMMTUDAGAR MEÐ PÁLI ÓSKARI — KYNLÍF, DÓP OG KJARNORKA! — SUBMARINO EFTIR THOMAS VINTERBERG

MYND Í LEIKSTJÓRN BALTASARS KORMÁKS
INHALE
Dermot MULRONEY Diane KRUGER Sam SHEPARD Vincent PEREZ Rosanna ARQUETTE
★★★★ - B.S., Fréttablaðið ★★★★ - T.V., kvikmyndir.is ★★★★ - Þ. Þ., Fréttatíminn ★★★★ - Ó.H.T., Rás 2
Nú í bíó SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ sena

# REYKJAVÍKURNÆTUR

# NOVA

## TÓNLEIKARÖÐ Á NASA Í NÓVEMBER!

11. NÓVEMBER KL. 21:00 Í KVÖLD!

# DIKTA OG CLIFF CLAVIN

18. NÓVEMBER KL. 21:00

# HJALTALÍN OG FELDBERG

25. NÓVEMBER KL. 21:00

# HJÁLMAR OG RETRO STEFSON

FRÍTT INN FYRIR VIÐSKIPTAVINI NOVA Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR!

MIÐAVERÐ FYRIR AÐRA: 1.000 KR. 20 ÁRA ALDURSTAKMARK.

SÝNDU NOVA FARSÍMANN VIÐ INNGANGINN. HÚSIÐ OPNAR KL. 21.00.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

DAGUR & STEINI

# sport

sport@frettabladid.is



**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON** er í toppbaráttunni á Condado Open mótinu í golfi sem er liður í spænsku Hi5-mótaröðinni. Birgir Leifur hefur leikið tvo fyrstu hringina á þremur höggum undir pari og er í fimmta sæti, þremur höggum á eftir efsta manni fyrir lokahringinn. Birgir Leifur lék fyrsta hringinn á pari og var þá í áttunda sæti.

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| West Ham United-West Bromwich Albion | 2-2 |
| 0-1 Peter Odemwingie, víti (39.), 1-1 Scott Parker (43.) 2-1 Frédéric Piquionne (50.), 2-2 Pablo Ibáñez (71.) | |
| Wigan Athletic-Liverpool | 1-1 |
| 0-1 Fernando Torres (7.), 1-1 Rodallega (52.) | |
| Wolves-Arsenal | 0-2 |
| 0-1 Marouane Chamakh (1.), 0-2 Marouane Chamakh (90.+3) | |
| Aston Villa-Blackpool | 3-2 |
| 1-0 Stewart Downing (28.), 1-1 Marlon Hare wood (45.), 2-1 Nathan Delfouneso (60.), 2-2 DJ Campbell (86.), 3-2 James Collins (88.) | |
| Chelsea-Fulham | 1-0 |
| 1-0 Mickael Essien (30.) | |
| Newcastle United-Blackburn | 1-2 |
| 0-1 Morten Gamst Pedersen (3.), 1-1 Andrew Carroll (47.), 1-2 Jason Roberts (82.) | |
| Everton-Bolton | 1-1 |
| 0-1 Ivan Klasnic (79.), 1-1 Jermaine Beckford (90.) | |
| Manchester City-Manchester United | 0-0 |

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **12** | **9** | **1** | **2** | **28-5** | **28** |
| Man United | 12 | 6 | 6 | 0 | 24-13 | 24 |
| **Arsenal** | **12** | **7** | **2** | **3** | **24-11** | **23** |
| ManCity | 12 | 6 | 3 | 3 | 15-10 | 21 |
| **Newcastle** | **12** | **5** | **2** | **5** | **21-16** | **17** |
| Bolton | 12 | 3 | 7 | 2 | 18-17 | 16 |
| **Tottenham** | **12** | **4** | **4** | **4** | **14-15** | **16** |
| Sunderland | 12 | 3 | 7 | 2 | 12-13 | 16 |
| **Liverpool** | **12** | **4** | **4** | **4** | **13-15** | **16** |



**DAGNÝ SKÚLADÓTTIR** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eimskipsbikar kvenna:

## Valur á tvö lið í 8 liða úrslitum

**HANDBOLTI** Valur 2 og ÍBV tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum Eimskips bikar kvenna í gær.

Dagný Skúladóttir skoraði 9 mörk þegar b-lið Vals vann átta marka sigur á N1 deildar liði ÍR, 30-22. A-lið Vals sat hjá í sextán liða úrslitum og það verða því tvö Valslið í pottinum þegar dregið verður í átta liða úrslitin.

Hornamennirnir Þórsteina Sigurbjörnsdóttir og Guðbjörg Guðmannsdóttir skoruðu saman 18 mörk þegar ÍBV vann 36-29 sigur á Haukum í Eyjum og hefndi fyrir deildartapið á dögunum.

Þórsteina skoraði 10 mörk í leiknum en Guðbjörg gerði 8 mörk. Ester Óskarsdóttir lék einnig vel með Eyjaliðinu og skoraði 7 mörk. - óój

# Markaleysi í Manchester

**Chelsea náði fjögurra stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í gærkvöldi og naut góðs af markalausu jafntefli í Manchester-slagnum. Marouane Chamakh tryggði Arsenal sigur á Wolves og sigurganga Liverpool endaði.**

**FÓTBOLTI** Chelsea hefur aldrei tapað tveimur leikjum í röð undir stjórn Carlo Ancelotti og það var engin breyting á því í gær. Chelsea er því aftur komið með fjögurra stiga forskot á Manchester United.

Mickael Essien kom aftur inn í lið Chelsea eftir meiðsli og skoraði eina markið í 1-0 sigri á Fulham á Brúnni. Markið kom eftir hálftíma leik þegar hann skallaði inn fyrirgjöf Salomon Kalou. Essien mun þó missa af næsta leik eftir að hann fékk sitt annað gula spjald og var rekinn út af í uppbótartíma.

Manchester-slagurinn var langt frá því að standa undir væntingum. City og United gerðu markalaust jafntefli í tíðindalitlum leik. Það var lítið um opin færi í leiknum og hvorugt liðið tók mikla áhættu enda virtust stjórarnir leggja aðaláhersluna á það að fá ekki á sig mark. Manchester United vann alla þrjá leiki sína á móti City á síðasta tímabili en sigurgöngunni lauk í gær. Liðið er eftir sem áður eina liðið í ensku úrvalsdeildinni sem hefur ekki tapað leik en hefur nú gert jafntefli í helmingi leikja sinna á tímabilinu til þessa.

Arsenal kom til baka eftir sárt tap á móti Newcastle United um síðustu helgi. Marouane Chamakh skoraði bæði mörk Arsenal í 2-0 útisigri á Úlfunum og komu mörkin á fyrstu mínútu leiksins og svo í uppbótartíma. Marouane Chamakh var fljótur að koma Arsenal í 1-0 en hann skallaði inn fyrirgjöf Tomas Rosicky áður en mínúta var liðin. Chamakh innsiglaði síðan sigurinn í uppbótartíma. Eftir þennan sigur er Arsenal í þriðja sæti deildarinnar fimm stigum á eftir toppliði Chelsea.

Liverpool náði ekki að fylgja sigrinum á Chelsea eftir því liðið náði aðeins að taka með sér eitt stig frá Wigan eftir 1-1 jafntefli. Liverpool var fyrir leikinn búið að vinna fjóra leiki í röð í öllum keppnum en er eftir leikinn í 9. sæti.

Fernando Torres kom Liverpool í 1-0 eftir sjö mínútur eftir að hafa fengið frábæra sendingu inn fyrir frá Steven Gerrard og það virtist stefna í einn sigur til viðbótar. Heimamenn gáfust þó ekki upp og Hugo Rodallega jafnaði á leikinn á 52. mínútu þegar hann nýtti sér slæm markvarðarmistök Pepe Reina. Wigan er samt áfram í fallsæti þrátt fyrir jafnteflið.



**HART BARIST** Þessi mynd er táknræn fyrir leikinn í gærkvöldi því leikmenn liðanna börðust fyrir hverjum bolta. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Jermaine Beckford tryggði Everton 1-1 jafntefli á móti Bolton á 90. mínútu og aðeins sex mínútum eftir að Marouane Fellaini hafði verið rekinn út af. Ivan Klasnic kom Bolton í 1-0 á 79. mínútu en áður hafði Grétar Rafn Steinsson farið meiddur af velli á 50. mínútu.

Aston Villa komst þrisvar yfir á móti Blackpool og vann 3-2 sigur. James Collins skoraði sigurmarkið tveimur mínútum fyrir leikslok.

Jason Roberts tryggði Blackburn 2-1 útisigur á Newcastle þegar hann skoraði sigurmarkið átta mínútum fyrir leikslok.

ooj@frettabladid.is



**THEODÓR ELMAR** Kom að 8 mörkum IFK á tímabilinu.

Theodór Elmar Bjarnason:

## Bestur hjá IFK

**FÓTBOLTI** Theodór Elmar Bjarnason var valinn besti leikmaður IFK Gautaborgar á tímabilinu af gestum heimasíðunnar Alltid Blåvitt, sem er aðalstuðningsmannasíða liðsins.

Theodór Elmar fékk 34 prósent atkvæða í kjörinu, tveimur prósentum meira en Tobias Hysén sem var valinn bestur í sömu kosningu í fyrra. Ragnar Sigurðsson fékk átta prósent atkvæða og varð í fjórða sæti.

Theodór Elmar lék 22 leiki með IFK á tímabilinu og var með 4 mörk og 4 stoðsendingar í þeim. Hann er mjög vinsæll hjá stuðningsmönnum IFK en hann var kosinn bestur þrátt fyrir að fá sjaldnast að spila sína uppáhaldsstöðu á vellinum.

Theodór Elmar var valinn í landsliðshópinn fyrir leikinn á móti Portúgal á dögunum en er ekki í landsliðinu sem mætir Ísrael í næstu viku. - óój

Íslandsmótið í 25 m laug:

## Hefst í kvöld

**SUND** **Íslandsmeistaramótið í 25 metra laug hefst í Laugardalslauginni í kvöld og að venju er byrjað á keppni í langsundunum, 800 metra skriðsundi kvenna og 1.500 metra skriðsundi karla.**

**Búast má við gríðarlega harðri keppni um Íslandsmeistaratitilinn í mörgum greinum þar sem nokkrir af okkar sterkustu sundmönnum eru við nám erlendis og því er tækifæri fyrir yngri sundmenn að stíga fram og gera atlögu að titlunum.**

**Mótið er einnig mikilvægt fyrir yngri kynslóð sundmanna því á Íslandsmeistaramótinu er gerð atlaga að lágmörkum fyrir stórmót erlendis eins og Norðurlandameistaramótið sem fer fram í Kaupmannahöfn og Evrópumótið sem fram fer í Eindhoven í Hollandi.** - óój


Tilvalin jólagjöf



Offroad - dömu og herra
Verð kr. 15.995
Stærðir: 35 - 50 | Vörunr. 69533/4



Xpedition II - dömu og herra
Verð kr. 27.995
Stærðir: 36 - 47 | Vörunr. 810013/4



Xpedition II - dömu og herra
Verð kr. 29.995
Stærðir: 36 - 47 | Vörunr. 810023/4

ecco KRINGLAN Sími 553 8050
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN SMÁRALIND Sími 551 8519
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN Sími 568 9212
ecco®


Sjötta umferð N1-deildar karla hefst í kvöld:

## Ólafur skorar mest

**HANDBOLTI** Sjötta umferð N1-deildar karla í handbolta hefst í kvöld með þremur leikjum. Topplið Akureyrar tekur á móti Selfossi, Haukar heimsækja HK í Digranes og Fram tekur á móti Aftureldingu. Heimaliðin í kvöld hafa öll verið á miklu skriði, Akureyri hefur unnið alla fimm leiki sína, HK er búið að vinna fjóra leiki í röð og Fram er búið að vinna Val og FH með samtals 22 marka mun í síðustu tveimur leikjum.

HK á markahæsta leikmann deildarinnar til þessa en Ólafur Bjarki Ragnarsson hefur átt frábæra endurkomu í HK-búninginn og er búinn að skora 43 mörk í fyrstu fimm leikjunum, 8,6 mörk að meðaltali í leik. Ólafur hefur eins marks forskot á Bjarna Fritzson hjá Akureyri, sem var markakóngur deildarinnar á síðasta tímabili. - óój



**ÓLAFUR BJARKI RAGNARSSON**

**Markahæstu menn**

| | |
|---|---|
| Ólafur Bjarki Ragnarsson, HK | 43 |
| Bjarni Fritzson, Akureyri | 42 |
| Ragnar Jóhannsson, Selfossi | 41 |
| Ólafur Andrés Guðmundsson, FH | 38 |
| Atli Ævar Ingólfsson, HK | 37 |
| Einar Rafn Eiðsson, Fram | 37 |
| Jóhann Gunnar Einarsson, Fram | 37 |
| Bjarki Már Elísson, HK | 36 |
| Björgvin Þór Hólmgeirsson, Haukum | 36 |
| Bjarni Aron Þórðarson, Aftureldingu | 36 |




LED · Pixel Precise HD · Clear Sound · DVB T C TERRESTRIAL/CABLE · solar remote control · 60% RECYCLED ALUMINIUM · zero power switch · 60% energy savings

# ÖRÞUNNT LED ENDURUNNIÐ ÁL

# FJARSTÝRING MEÐ SÓLAR-RAFHLÖÐU



**Philips 42PFL6805H**
42" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 20w RMS Invisible hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB - MP3, VGA, 2x Scart, 4x HDMI, JPEG og Video afspilun, CI/CI+ lesara ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
**KYNNINGARTILBOÐ**




LED

**Philips 19PFL3405H**
19" LCD LED Active Matrix sjónvarp með 1366x768p upplausn, HD-Ready, 150.000:1 skerpu, Digital Crystal Clear, Nicam Stereó hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**69.995**
FULLT VERÐ 89.995




LED

**Philips 22PFL3405H**
22" LCD LED Active Matrix sjónvarp með 1366x768p upplausn, HD-Ready, 150.000:1 skerpu, Digital Crystal Clear, Nicam Stereó hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**89.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Philips 32PFL5405H**
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD , 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**129.995**
FULLT VERÐ 169.995




**Vandaður Philips HDMI Gold kapall fylgir!**

**Philips 42PFL5405H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 249.995




LED

**Philips 32PFL7605H**
32" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

ambi light

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 229.995




**Philips 47PFL3605H**
47" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Digital Crystal Clear, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 5ms svartíma, 20w RMS Incredible Surround hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI, CI rauf ofl.

**TILBOÐ**
**219.995**
FULLT VERÐ 249.995

EISA AWARD Best Product 2010-2011
BEST EUROPEAN LCD-TV
Philips PFL9705

Philips er einn virtasti framleiðandi heims á sjónvörpum og hefur hlotið fleiri EISA verðlaun fyrir sjónvörp en nokkur annar.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2010.

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express kvenna*

Keflavík-Hamar 69-72 (42-32)
**Stig Keflavíkur:** Jacquline Adamshick 28 (23 frák.), Bryndís Guðmundsdóttir 17, Birna Valgarðsdóttir 10 (10 frák.), Pálína Gunnlaugs dóttir6, Rannveig Randversdóttir 3, Ingibjörg Jakobsdóttir 3, Hrund Jóhannsdóttir 2.
**Stig Hamars:** Jaleesa Butler 29 (10 frák. 6 varin), Kristrún Sigurjónsdóttir 17, Fanney Lind Guðmundsdóttir 12, Slavica Dimovska 12, Jenný Harðardóttir 2.

Snæfell-Grindavík 65-51 (24-26)
**Stig Snæfells:** Sade Logan 18, Berglind Gunnarsdóttir 17, Björg Guðrún Einarsdóttir 12, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 10, Inga Muciniece 4, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 3, Hildur Björg Kjartansdóttir 1.
**Stig Grindavíkur:** Agnija Reke 13, Alexandra Marý Hauksdóttir12, Helga Hallgrímsdóttir 12, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 7, Harpa Hallgrímsdóttir 4, Berglind Anna Magnúsdóttir 2, Mary Jean Lerry F. Sicat 1.

Fjölnir-Haukar 80-81 (31-42)
**Stig Fjölnis:** Natasha Harris 28 (12 stoðsendingar), Inga Buzoka 15 (14 fráköst, 5 varin), Bergþóra Holton Tómasdóttir 12, Gréta María Grétarsdóttir 7, Erla Sif Kristinsdóttir 7, Eva María Emilsdóttir 6, Birna Eiríksdóttir 3, Heiðrún Harpa Ríkharðs dóttir 2
**Stig Hauka:** Kathleen Snodgrass 27 (7 fráköst, 7 stoðsendingar), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15 (10 fráköst), María Lind Sigurðardóttir 10, Íris Sverrisdóttir 10, Gunnhildur Gunnarsdóttir 7, Margrét Rósa Hálfdánardótir 5, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 3, Dagbjört Samúelsdóttir 2, Guðrún Ósk Ámundardóttir 2.
Njarðvík-KR 77-84

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hamar** | **7** | **7** | **0** | **566-480** | **14** |
| Keflavík | 7 | 6 | 1 | 609-439 | 12 |
| **KR** | **7** | **4** | **3** | **530-449** | **8** |
| Haukar | 7 | 4 | 3 | 443-492 | 8 |
| **Njarðvík** | **7** | **4** | **3** | **529-470** | **8** |
| Snæfell | 7 | 2 | 5 | 431-526 | 4 |
| **Grindavík** | **7** | **1** | **6** | **403-489** | **2** |
| Fjölnir | 7 | 0 | 7 | 411-577 | 0 |

# Butler skaut Hamri á toppinn

**Hamar er ósigrað á toppi Iceland Express-deildar kvenna eftir sigur á Keflavík í gær í uppgjöri toppliðanna suður með sjó. Jaleesa Butler fór fyrir Hvergerðingum á lokasprettinum.**

**KÖRFUBOLTI** Lið Hamars er komið á topp Iceland Express-deildar kvenna eftir sigur í Keflavík í gær. Bæði lið voru ósigruð fyrir leikinn í gær en þökk sé þriggja stiga sigri Hvergerðinga, 72-69, er Hamar nú eitt í þeirri stöðu.

Bandaríkjamaðurinn Jaleesa Butler hjá Hamri fór hamförum þegar mestu máli skipti. Hún hafði verið nokkuð mistæk í fyrri hálfleik en í þeim síðari skoraði hún 21 stig af alls 29 í leiknum, þar af fjórtán í fjórða leikhluta.

Butler skoraði einnig fjögur síðustu stigin í leiknum – sniðskot þegar tólf sekúndur voru eftir og tvö víti á lokasekúndunum sem gerðu út um leikinn.

Kaninn í liði Keflavíkur, Jacquline Adamshick, fór einnig mikinn í leiknum en brást hins vegar á ögurstundu. Hún gat komið Keflavík yfir þegar sjö sekúndur voru eftir en klikkaði þá á báðum vítaköstunum sínum. Það reyndist einfaldlega of dýrkeypt fyrir heimamenn.

Keflavík hafði haft undirtökin lengst af í leiknum en lítið var skorað í leiknum. Leikmenn hittu nokkuð illa og það var lítið skorað en varnarleikurinn var lengst af ágætur.

„Við ræddum það fyrir fjórða leikhluta að við höfðum engu að tapa," sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars. „Við vorum ekki búnar að spila vel og fórum því í hann af fullum krafti til að sjá hvað það myndi gefa okkur. Jaleesa [Butler] var í engum takti við leikinn í fyrri hálfleik en það var svo allt annað að sjá til hennar í þeim síðari – sérstaklega í fjórða leikhluta þegar hún fór hamförum."

Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, sagði skýringuna á tapi sinna manna einfalda.

„Það vantar alla gleði í hópinn hjá mér. Þetta er ekki fyrsti leikurinn þar sem við lendum í vandræðum þó svo við höfum unnið alla okkar leiki. Það vantar samt gleði í hópinn og við erum ekki að hafa gaman af þessu og þegar það gerist næst ekki árangur. Það er bara svo einfalt," sagði Jón Halldór.

Ágúst segir að góð byrjun Hamars á tímabilinu komi sér ekki á óvart.

„Við vorum fjórum stigum frá titlinum á síðasta tímabili og það hafa vissulega verið breytingar í hópnum en sú reynsla mun reynast okkur dýrmæt nú. Liðið er alls ekki síðra en í fyrra og því tel ég að gott gengi okkar ætti ekki að koma á óvart."

eirikur@frettabladid.is



**MIKILVÆG Í GÆR** Jaleesa Butler tryggði Hamri sigurinn í Keflavík í gær. Hún hefur leikið frábærlega með Hamarsliðinu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

N1
N1 DEILDIN

ALLT AÐ GERAST Í BOLTANUM!

Það verður handagangur í öskjunni í dag og alla helgina í N1 deildinni.
Mætum öll á völlinn og hvetjum okkar fólk til sigurs!

N1 DEILD KARLA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Akureyri – Selfoss | Höllin Akureyri | 11. nóv. | kl. 19:00 |
| HK – Haukar | Digranes | 11. nóv. | kl. 19:30 |
| Fram – Afturelding | Framhús | 11. nóv. | kl. 19:30 |
| Valur – FH | Vodafone höllin | 13. nóv. | kl. 15:45 |

N1 DEILD KVENNA

| | | | |
|---|---|---|---|
| HK – Stjarnan | Digranes | 12. nóv. | kl. 18:00 |
| Haukar – Fylkir | Ásvellir | 12. nóv. | kl. 19:30 |
| Fram – ÍBV | Framhús | 13. nóv. | kl. 13:00 |
| Grótta – ÍR | Seltjarnarnes | 13. nóv. | kl. 13:30 |
| Valur – FH | Vodafonehöllin | 13. nóv. | kl. 13:45 |

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

# TÓMATADAGAR
## GLÆSILEGT ÚRVAL



43% AFSLÁTTUR

**199**kr/pk.
Áður 349 kr/pk..

**BASIL**
NÁTTÚRA



30% AFSLÁTTUR

**TOMMY SANTA**
279 KR/PK.
ÁÐUR **398** KR/PK.

**ERLENDIR Í LAUSU**
265 KR/KG
ÁÐUR **379** KR/KG

**ÍSLENSKIR Í BAKKA**
298 KR/PK.
ÁÐUR **425** KR/PK.

**KIRSUBERJA ÍSL.**
244 KR/PK.
ÁÐUR **349** KR/PK.

**KONFEKT**
244 KR/PK.
ÁÐUR **349** KR/PK.

# Nýtt kortatímabil!

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*

FRÁBÆRT VERÐ



**2.995**kr/kg

**LAMBAFILLE**
FERSKT M/FITU



31% AFSLÁTTUR

**1.597**kr/kg
Áður 2.298 kr/kg.

**OFNSTEIK**
M/DÖNSKUM BLÆ



29% AFSLÁTTUR

**590**kr/kg
Áður 831 kr/kg

**KJÚKLINGALEGGIR**
BBQ



**999**kr/kg

**BAYONNESKINKA**



**995**kr/kg

**GRÍSASNITSEL**
Í RASPI, FROSIÐ

FRÁBÆRT VERÐ



**298**kr/pk.

**ÍS Í BOXI**
VANILLU, SÚKKULAÐI EÐA JARÐARBERJA



30% AFSLÁTTUR

**69**kr/pk.
Áður 99 kr/pk.

**NÚÐLUSÚPUR**
ÝMSAR TEG.



**229**kr/pk.

**TOFFYPOPS**
300 G



**49**kr/stk.

**APPELSÍNUSAFI**
200 ML



30% AFSLÁTTUR

**69**kr/stk.
Áður 99 kr/stk.

**EMERGE ORKUDRYKKUR**
250 ML



31% AFSLÁTTUR

**199**kr/pk.
Áður 289 kr/pk.

**M&M'S**
115 G



**69**kr/stk.

**PEPSI**
33 CL

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!**

Verið velkomin í Nettó

**GILDIR 11. - 14. NÓV.**

MJÓDD · SALAVEGUR · HVERAFOLD · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍK · AKUREYRI · HÖFN

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**282** **URRIÐAR OG SJÓBIRTINGAR** 49 bleikjur og 35 laxar veiddust í Tungufljóti í Skaftárhreppi á nýliðnu veiðitímabili.

**550** **LAXAR** veiddust í Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi í sumar.

# Hefur það notalegt á ísnum

**„Um leið og maður fær líf byrjar það að vera þrælskemmtilegt,“ segir Þorsteinn Hafþórsson, stórveiðimaður og leiðsögumaður með meiru, um veiðar í gegnum ís.**

Þorsteinn Hafþórsson er ríkjandi Íslandsmeistari í ísdorgi frá því hann veiddi 27 fiska á þremur klukkutímum á Svínavatni í hitteðfyrra.

Þorsteinn býr á Blönduósi og gjörþekkir vatnasviðið í Húnavatnssýslum. Mest segist hann dorga í Langavatni á Skaga, í Hnausatjörn í mynni Vatnsdals, í Svínavatni og nú í seinni tíð einnig í Geitakarlsvötnum á Skaga.

„Ef ég ætla að fá stóra fiska fer ég á Svínavatnið út frá Auðkúlu og þar sem er dýpi. Fiskarnir eru kannski fáir en þeir eru stórir. En ef maður er bara að leika sér og vill hafa gaman er Hnausatjörnin skemmtilegust því hún býður upp á langmest af fiski,“ segir Þorsteinn.

Í dorginu veiðist langmest af bleikju en urriðinn gefur sig líka. Þorsteinn kveðst byrja í dorginu eftir áramót þegar ís sé orðinn traustur og fiskurinn fari á hreyfingu. Besti veiðitíminn sé frá miðjum febrúar og út mars. Menn þurfi ekki að óttast kulda, séu þeir vel búnir og vindkæling og snjófjúk sé ekki að plaga þá.

„Margir sitja og dorga eins og á bryggju en ég ligg bara á einangrunardýnu og hef það voðalega gott og sé allt sem er að gerast ofan í,“ segir Þorsteinn. Hann beitir rækju á tvíkrækju og hefur spún um fjörutíu sentímetrum þar fyrir ofan á færinu.

„Ég nota spúninn til að vekja athygli. Þegar fiskur kemur hægi ég á og dreg beituna upp. Stundum finnst manni rækjan vera miklu nær en hún er þegar hún fer að nálgast neðri brúnina. Þá kemur kannski kjaftur á móti manni eins og hákarl og maður fær sjokk,“ lýsir Þorsteinn.

Ef Þorsteinn verður ekki var við fisk í fyrstu holu borar hann nýja holu fimm metrum þar frá. „Ef það kemur einn fiskur og ég sé úr hvaða átt hann kom en fæ ekki fleiri fiska færi ég mig í áttina sem hann kom úr og bora nýja holu. Á endanum finn ég pottinn. Þetta er eins og að finna hylinn sem geymir fiskana í göngu,“ útskýrir hann.



**ÞORSTEINN HAFÞÓRSSON** Stórveiðimaðurinn Steini Haff veiðir jafnt fugl sem fisk og lætur ekki dagatalið stöðva sig. Hér er Steini á Hnausatjörn í Vatnsdal í mars 2007. MYND/ÚR EINKASAFNI



**VINIR Á SKAGANUM** Þessir kappar voru hér með Bandaríkjaher og féllu fyrir ísdorginu. Þeir eru hér í einu vatnanna norður á Skaga í heimsókn hjá Steina Haff árið 2004. MYND/ÚR EINKASAFNI

Dorg í gegnum ís er vannýtt veiðiaðferð hér að mati Þorsteins. Þó er eitthvað um skipulagða dorgveiði, til dæmis í Vestur-Húnavatnssýslu þaðan sem farið er upp á Arnarvatnsheiði. Þorsteinn segir að menn ættu endilega að prófa dorgið, það henti til dæmisvel fyrir fjölskyldur. Þá sé það skemmtilegra og tæknilegra en menn kannski ímyndi sér. „Maður er að horfa á fiskinn snúa sér, ráðast að beitunni og taka. Ef þeir eru margir fer maður að reyna að forða agninu frá þessum litlu og láta þann stærsta taka.“



**GÓÐAR TÍMAR Í HÖRÐUDALSÁ** Þórður Ragnarsson með sex fiska úr Hörðudalsá sumarið 2006. Fiskarnir eru jafn margir bleikjunum sem veiddust þar í allt sumar.

Ömurleg ördeyða í Hörðudal:

## Þrettán laxar og sex bleikjur

Hrikalega léleg veiði var í Hörðudalsá í sumar. Að því er fram kemur á vef leigutakans, Stangaveiðifélags Reykjavíkur, nam heildarveiðin í ánni aðeins þrettán löxum og sex bleikjum. „Fyrir rúmum áratug voru að veiðast yfir 1.000 bleikjur í Hörðudalnum,“ segir á svfr.is þar sem einnig kemur fram að árið í ár hafi verið lokasumarið af stuttum leigutíma félagsins í Hörðudal. Líklegast verði áin hvíld í náinni framtíð. Veiðin sumarið 2009 var 39 bleikjur og 42 laxar en í söluskrá SVFR fyrir sumarið 2010 var tekið fram að vorið 2009 hefði verið sleppt sex þúsund gönguseiðum „sem ættu að skila sér í aukinni laxveiði sumarið 2010“. - gar



**RJÚPA** Enn eru eftir fjórar helgar af rjúpnaveiðitímabilinu.

Óvenjulegar aðstæður:

## Skjálftahrina tvístrar rjúpum

Fyrstu helgina sem rjúpuveiði var leyfð var áberandi á veiðilendum í nágrenni Blöndulóns hversu rjúpan þar var tvístruð. Reka veiðimenn þetta beint til jarðaskjálftahrinu sem þá var undir Blöndulóni. Eftir að skjálftarnir fjöruðu út hefur rjúpan þó verið að hópa sig aftur. Gera menn sér vonir um góða veiði um komandi helgi, enda viðri vel fyrir þá sem gangi til rjúpna á þeim slóðum. - gar

**AF BAKKANUM**

### Laxveiðikeppni bræðra á DVD

Veturinn er yfirleitt mikil eyðimerkurganga fyrir stangveiðimenn. Margt getur þó stytt stundirnar. Meðal þess eru veiðimyndir frá liðnum sumrum. Á nýjum DVD-veiðidiski reyna tvíburarnr Ásmundur og Gunnar Helgasynir með sér í keppni á bökkum nokkurra laxveiðiáa. Um er að ræða sex þætti sem teknir voru upp sumarið 2009 og sýndir á Skjá einum í vor. - gar

### Nefnd gegn veiðitakmörkunum



Skotveiðifélag Íslands, sem mótmælt hefur harðlega fyrirhuguðum takmörkunum á veiðum á hreindýrum, gæsum og rjúpum á helstu veiðisvæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðsins, hefur sett á laggirnar landréttarnefnd til að leggja fram áætlun um hvernig skuli bregðast við stöðunni.




## Veiðistaðurinn – Faxi í Tungufljóti

Faxi í Tungufljóti í Biskupstungum (einnig nefndur Vatnsleysufoss) er magnaður veiðistaður. Þarna safnast jafnan mikið af laxi yfir sumarið og getur veiðin verið óheyrileg.

- Undir Faxa heyra reyndar þrír veiðistaðir, Fossstrengur, Eyja og Fossbrot, fæstir gera þó nokkurn greinarmun á þessum stöðum og skrá afla einfaldlega úr Faxa. Fossstrengur sést reynar ekki vel á myndinni, sjá má glitta í stein fyrir ofan hólmann og þar er strengurinn að deyja út. Strengurinn er veiddur af bakkanum og getur gefið ágætlega, sérstaklega við steininn.
- Veiðistaðurinn Eyja er eins og nafnið gefur til kynna við hólmann fyrir miðri mynd. Milli hólmans og bakka er tiltölulega lygn straumur og ágætt dýpi, litlar flugur og flotlína gefa vel þarna – oft gefst best að nota einhenduna. Eins má oft finna lax við neðri odda hólmans, ekki er ráðlegt að vaða lengra en svo að þú náir að kasta að hólmanum. Mörgum yfirsést þessi staður sem krefst tvíhendu með sökktaum og þungum túbum – sem alla jafna er staðalbúnaður í fljótinu.
- Fossbrotið er síðan gjöfulasti veiðistaðurinn í Faxa, oft er talað um efri og neðri stein á brotinu. Efri steinn er fast við land út frá neðri odda hólmans – kastað er í átt að fossinum og látið reka að bakka. Þannig veiðir maður sig niður að neðri steini, sem er um 20-30 metrum neðar, en við hann má oft finna mikið af laxi – ef ekki er búið að styggja hann. Af neðri steini er kastað í átt að fossinum og flugan látin reka að landi og veitt þannig niður á brotið



**GLÆSILEGUR VEIÐISTAÐUR** Þrjá gjöfula veiðistaði er að finna við fossinn. MYND/LAX-Á

# NOKIA N8



# hann er kominn!



- 12 Mp Carl Zeiss myndavél með Xenon flassi
- **frítt Ovimaps** með korti af Íslandi auk fjölda annarra landa
- innbyggt **16GB** minni **-** hægt að bæta við allt að **32GB** microSD-minniskorti
- öflug **leikjatölva** með aðgangi að fjölda leikja í Ovi-Store
- **HDMI** tengi - spilaðu bíómyndir eða leiki á stórum sjónvarpsskjá með 5.1 Dolby Digital
- FM-**útvarp** og einnig FM **sendir**
- deildu myndunum þínum á **Facebook**
- myndbandsupptaka í **háskerpu** og **stereo**
- **tónlistar-** og **vídeó**spilari
- **USB On The** Go (OTG) - tengdu minnislykil beint við símann
- Capacitive nHD AMOLED **snertiskjár**
- ... og svo auðvitað frábær **farsími**!

## hvað ætlar þú að gera við þinn N8 ?

PIPAR\TBWA • SÍA • 102778

## > Rebecca Romijn

„Ég verð bara að segja það, en almennt taka fyrirsætur sig allt of alvarlega. Í rauninni eru þær genafrík sem eyða allt of miklum tíma í hár og förðun“.

***Hin undurfagra Rebecca Romijn fer með eitt aðalhlutverka í gamanmyndinni Man About Town sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON KYSSIR PÓLITÍSKA RÉTTHUGSUN BLESS

# *Títuprjónskarlar í kórónafötum*

Það er gaman að rifja upp liðna tíð og hverfa þrjátíu til fjörutíu ár aftur í tímann. Sérstaklega fyrir sagnfræðinga eins og mig og áhugafólk um fortíðina. Ríkissjónvarpið gerir þetta fantavel í sjónvarpsþáttunum Á meðan ég man, þar sem áttatíu ára saga sjónvarps- og útvarpsútsendinga hér á landi er rifjuð upp í myndum og máli.

Eins og þættirnir sýna fór ekki mikið fyrir þeirri pólitísku rétthugsun sem síðustu ár hefur tröllriðið öllu. Vissulega eru það framfarir. Á sama tíma gefur þetta gömlu, skemmtilegu og svarthvítu sjónvarpsefni ennþá meira gildi; kalda stríðið í algleymi þar sem góðu karlarnir spiluðu með réttu liði og þeir vondu voru vondir og yfirleitt kommúnistar eða einhver útgáfa af jafnaðarmönnum, öskubakkar á borðum spjallþáttastjórnenda og Ómar Ragnarsson með hár – rauði liturinn sást reyndar ekki fyrr en upp úr 1980 eða rúmlega það. Ég man enn hvað hann kom mér á óvart eftir að pabbi keypti litasjónvarp til að sjá tónleika með Bay City Rollers í lit.



Ég sat beinlínis límdur yfir þættinum á mánudag. Það sem ég undraðist ekki var snjórinn, sem bókstaflega kyngdi niður fyrir þrjátíu árum í meira magni en nú, skortur á umferðarreglum og ofurhraði og einkennilegur talandi fréttaþula. Nei. Það sem fangaði mig var brot úr tónlistarþættinum Rokkveita ríkisins frá í kringum 1977 eða 1978. Ekki man ég eftir þættinum úr barnæsku, hvað þá tónlistinni, sem ég hafði aldrei heyrt áður og reikna ekki með að heyra aftur. Það sem heillaði mig við þáttinn var algjör skortur á smekkvísi – að sjálfsögðu miðað við nútímann, táningsstúlkur sem virðast hafa gleymt brjóstahöldum heima, með girt yfir nafla og leyfðu mjöðmunum að njóta sín í transútgáfu af bömpdansi og þvengmjóir karlar sem minntu frekar á títuprjóna í Kórónafötum, sem Sportver framleiddi á sínum tíma. Ég hef lengi velt því fyrir mér hvernig þessir karlmenn í kringum sjötíu og eitthvað náðu þessum vexti, en hef aldrei komist að niðurstöðu. Hvað sem þeir nota til að ná þessu þá panta ég það sama og þeir! Og meira af upprifjunum um liðna tíð, takk fyrir.

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðin til Gimli** Mynd um ævintýraferð fjórmenninganna Karls Ágústs Andréssonar fangavarðar, Friðþjófs Friðþjófssonar rafvirkja, Elínar Þórisdóttur hrossabónda og Vals Arnar Gíslasonar frá Íslandi í fótspor þeirra sem fluttu til Kanada upp úr 1870.
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Heilabrot** (2:8)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Bombubyrgið** (10:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Bræður og systur** (79:87) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (12:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**23.05 Himinblámi** (22:24) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Object of My Affection**
**10.00 Year of the Dog**
**12.00 Speed Racer**
**14.10 The Object of My Affection**
**16.00 Year of the Dog**
**18.00 Speed Racer**
**20.10 Man About Town**
**22.00 Carlito's Way**
**00.20 Miller's Crossing**
**02.15 Vantage Point**
**04.00 Carlito's Way**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (11:18)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (21:25)
**13.45 The O.C. 2** (7:24)
**14.30 La Fea Más Bella** (268:300) S
**15.15 La Fea Más Bella** (269:300)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.35 Latibær** (11:18)
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (7:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (7:24)
**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (7:12) Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
**20.45 NCIS: Los Angeles** (13:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**21.35 Human Target** (4:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
**22.20 The Forgotten** (17:17) Spennuþættir með Christian Slater í aðalhlutverki.
**23.10 Spaugstofan**
**23.40 Hlemmavídeó** (3:12)
**00.10 The Mentalist** (5:22)
**00.55 Numbers** (3:16)
**01.40 The Pacific** (8:10)
**02.35 Yesterday**
**05.20 The Simpsons** (6:21)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.05 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**18.50 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**19.15 Liverpool - Napoli** Evrópudeildin.
**21.00 24/7 Pacquiao - Margarito** Hitað upp með 24/7 fyrir bardaga Manny Pacquiao og Antonio Margarito.
**21.30 Ante Up For Africa 1** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.20 Ante Up For Africa 2** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**23.10 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. City - Man. Utd.**
**13.35 Everton - Bolton**
**15.20 Wolves - Arsenal**
**17.05 Chelsea - Fulham**
**18.50 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.45 Man. City - Man. Utd.**
**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**22.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**23.00 Football Legends - Fernando Hierro** Í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrum leikmann Real Madrid.
**23.25 Wigan - Liverpool**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (8:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (8:12) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Parenthood** (6:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 America's Next Top Model** (6:13) (e)
**18.50 Real Hustle** (4:10)
**19.15 Game Tíví** (9:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway** (16:20)
**20.10 The Office** (12:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
**20.35 Parks & Recreation** (22:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**21.00 House** (12:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**21.50 CSI** (7:23) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Þriðji og síðasti þátturinn í CSI-trílogíunni.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 Nurse Jackie** (6:12) (e)
**23.55 United States of Tara** (6:12) (e)
**00.25 CSI: New York** (7:23) (e)
**01.15 Last Comic Standing** (9:14) (e)
**02.00 CSI: Miami** (15:25) (e)
**02.45 Parks & Recreation** (22:24) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**08.00 JBwere Masters 2010** (1:4)
**17.50 Golfing World**
**18.40 JBwere Masters 2010** (1:4) (e)
**23.10 Golfing World** (e)
**00.00 European Tour - Highlights 2010** (5:10) (e)
**00.50 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.15 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.00 Entourage** (5:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincents og félaga í Hollywood.
**20.30 Little Britain USA** (5:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, ætlar að þessu sinni að grínast í Bandaríkjunum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Gossip Girl** (1:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa á Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**22.35 Grey's Anatomy** (7:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.20 Medium** (7:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
**00.05 Nip/Tuck** (6:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalækna.
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**18.30 Helgarpakkinn með Rúnari Eff** Norðlenskir viðburðir helgarinnar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Jafet Ólafsson og Yngvi Örn Kristinsson.
**21.00 Undir feldi** Frosti og Heimir með hressandi Evrópuumræðu.
**21.30 Rokk og tja tja** Íslensk tónskáld og tónverk á ÍNN.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Heimilistækjadögum lýkur um helgina

ÖLL heimilistæki á allt að 50% afslætti.

byggtogbúið
KRINGLUNNI Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is

Nýtt kortatímabil

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Eldsnöggt með Jóa Fel



Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel kitlar bragðlaukana með gómsætum réttum. Í kvöld matreiðir hann bolognese eins og á að gera það og á matseðlinum er pasta og lasanja. Jói leikur sér einnig með skemmtilegar og ljúffengar útfærslur af hafrakexi sem allir ættu að njóta.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Heimur hugmyndanna **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Bláar nótur í bland **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.00** Vem kann segla förutan vind? **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Útvarpsperlur: Að vera skemmtilegur **23.20** Til allra átta **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Absolutely Fabulous **15.45** Last of the Summer Wine **16.15** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Fawlty Towers **19.30** QI **20.00** Harry and Paul **20.30** New Tricks **21.20** Fawlty Towers **21.55** QI **22.25** Harry and Paul **22.55** Come Dine With Me **23.20** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** Lad tømmeret flyde **13.00** Ha' det godt **13.30** Hammerslag på Nordfyn **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Skæg med bogstaver **16.50** Laban det lille spøgelse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Lewis **22.30** Onsdags Lotto **22.35** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **23.20** OBS **23.25** Mission Ledelse **23.55** Naruto Uncut

### NRK 1

**12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** En Noman i Pakistan **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Solgt! **19.15** Folk **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Joanna Lumley. Draumen om Nilen **23.00** Filmbonanza **23.30** Trekant **00.00** Viggo på lørdag

### SVT 1

**12.05** Harry - med pappa i köket **12.35** Paris, je t'aime **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Våra vänners liv **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Brottet **21.00** Nurse Jackie **21.30** Nurse Jackie **22.00** Våra vänners liv **23.00** Vem tror du att du är? **00.00** Ebbas stil


fb ferbox Sturtuhurðir TENGI

25% kynningarafsláttur af neðangreindum verðum

DESIGNED & MADE IN ITALY

ADRIA sturtuhorn án botns. 80x80 og 90x90 cm.



80x80 cm - Verð: 58.900,- kr.
90x90 cm - Verð: 59.900,- kr.

GULLIVER bogahurð. 90x90 cm.



90x90 cm - Verð: 74.900,- kr

OASIS bogahurð, án botns. 90x90 cm.



90x90 cm - Verð: 89.900,- kr

Hert öryggisgler - állitaðir prófílar

STAR sturtuhorn án botns. 90x90 cm.



90x90 cm - Verð: 69.900,- kr

FLIPPER 1 baðhurð. 85 cm.



85 cm - Verð: 29.900,- kr

FLIPPER 2 baðhurð. 70+40 cm.



70+40 cm - Verð 39.900,- kr

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is



FRÁBÆRT VERÐ

Verðdæmi m.v. 15% staðgreiðsluafslátt
175/65 R 14 – Frá kr. 9.775
185/65 R 14 – Frá kr. 10.498
185/65 R 15 – Frá kr. 11.475
195/65 R 15 – Frá kr. 11.815
205/55 R 16 – Frá kr. 14.365

VETRARDEKK

mikið úrval fyrir
allar gerðir bíla
góð greiðslukjör



VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
VAXTALAUST
VISA & MASTERCARD

ÞRJÁR FULLKOMNAR ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

www.pitstop.is

pitstop

Rauðhellu 11, Hfj. ☎ 568 2035
Hjallahrauni 4, Hfj. ☎ 565 2121
Dugguvogi 10 ☎ 568 2020



*„Ég á auðvitað í ástarsambandi við Grey's Anatomy og það er í raun sorglegt að segja það en mér finnst sá þáttur nánast meira spennandi en mitt eigið líf. Svo er ég hrikalega hrifin af Modern Family og Glee.“*

Greta Mjöll Samúelsdóttir knattspyrnukona.

# Óvænt upprisa leikarans Gíós

„Ég myndi auðvitað segja að þetta væri aðalhlutverkið. Sem það er náttúrulega ekki. En ég fæ að segja nokkrar setningar og Baltasar sýndi mér mikla þolinmæði á tökustað,“ segir Guðjón Pedersen, fyrrverandi leikhússtjóri Borgarleikhússins. Hann leikur lækninn Erling í kvikmyndinni Djúpinu eftir Baltasar Kormák, þar sem mögnuð saga Guðlaugs Friðþórssonar er höfð til hliðsjónar.

Guðjón, eða Gíó eins og hann er jafnan kallaður, hefur lítið látið til sín taka á leiklistarsviðinu og raunar eiga elstu menn erfitt með að muna eftir honum í hlutverki leikarans. Einhverja kann þó að ráma í að Guðjón lék þögla þjófinn sem stal Áramótaskaupinu árið 1985. Og Guðjón staðfestir það. „Þær eru ekki margar myndirnar sem ég hef leikið í, það er alveg rétt. Við gerðum samt einu sinni mynd, leikhópur sem hét Svart og sykurlaust, og tókum hana upp á Ítalíu.“

Guðjón segist í raun ekki vita hversu stórt hlutverkið verði í myndinni. Og viðurkennir að hann hafi haldið að Baltasar væri að stríða sér þegar hann hringdi og bað hann um að taka hlutverkið að sér. „Og ég held reyndar enn að hann sé að stríða mér. Við Baltasar höfum þekkst í mörg ár,“ segir Guðjón, sem efast um að hann verði klipptur út úr myndinni því læknirinn Erlingur er sá sem skoðar aðalleikarann Ólaf Darra þegar hann kemur í land eftir sundið til Eyja. Guðjón segist ánægður með að þessi mynd skuli vera gerð því ungt fólk sé ekki meðvitað um þessa sögu. „Og það verður að halda henni til haga.“ - fgg



**LEIKUR LOKSINS Guðjón Pedersen** leikur lækninn Erling í kvikmyndinni Djúpinu eftir **Baltasar Kormák**. Leikhússtjórinn fyrrverandi heldur enn að Baltasar sé að stríða sér með hlutverkinu þótt það verði erfitt að klippa það út.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 27.11. Kl. 13:00 U | Sun 5.12. Kl. 11:00 Ö | Sun 12.12. Kl. 14:30 Ö |
| Lau 27.11. Kl. 14:30 Ö | Sun 5.12. Kl. 13:00 Ö | Lau 18.12. Kl. 11:00 Ö |
| Sun 28.11. Kl. 11:00 U | Sun 5.12. Kl. 14:30 Ö | Lau 18.12. Kl. 13:00 Ö |
| Sun 28.11. Kl. 13:00 U | Lau 11.12. Kl. 11:00 | Lau 18.12. Kl. 14:30 Ö |
| Sun 28.11. Kl. 14:30 U | Lau 11.12. Kl. 13:00 Ö | Sun 19.12. Kl. 11:00 |
| Lau 4.12. Kl. 11:00 U | Lau 11.12. Kl. 14:30 | Sun 19.12. Kl. 13:00 |
| Lau 4.12. Kl. 13:00 U | Sun 12.12. Kl. 11:00 | Sun 19.12. Kl. 14:30 |
| Lau 4.12. Kl. 14:30 Ö | Sun 12.12. Kl. 13:00 | |

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn U | Lau 20.11. Kl. 20:00 U | Sun 28.11. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 12.11. Kl. 20:00 U | Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.t. Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 |
| Fös 19.11. Kl. 20:00 Ö | Lau 27.11. Kl. 20:00 Ö | Sun 5.12. Kl. 20:00 |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.11. Kl. 13:00 Ö | Lau 20.11. Kl. 15:00 Ö | Sun 28.11. Kl. 15:00 100 sýn. U |
| Lau 13.11. Kl. 15:00 Ö | Sun 21.11. Kl. 13:00 Ö | Sun 5.12. Kl. 13:00 br. sýn.t. |
| Sun 14.11. Kl. 13:00 Ö | Lau 27.11. Kl. 13:00 | Sun 5.12. Kl. 15:00 |
| Sun 14.11. Kl. 15:00 U | Lau 27.11. Kl. 15:00 Ö | Mið 29.12. Kl. 16:00 br. sýn.t. |
| Lau 20.11. Kl. 13:00 Ö | Sun 28.11. Kl. 13:00 | Fim 30.12. Kl. 16:00 br. sýn.t. |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 11.11. Kl. 20:00 U | Fös 19.11. Kl. 20:00 Ö | Lau 27.11. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 12.11. Kl. 20:00 U | Lau 20.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 13.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 Ö |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 10.11. Kl. 19:00 U | Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas. Ö | Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. Ö |
| Sun 14.11. Kl. 19:00 U | Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. Ö | |
| Mið 24.11. Kl. 19:00 Aukas. U | Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. U | |

GERPLA

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 Ö |
| Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. U | Fim 2.12. Kl. 20:00 Aukas. | |

**Lér konungur** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö |
| Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 21.1. Kl. 20:00 |
| Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |

**Íslandsklukkan – á Akureyri** (Hof, menningarhús)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 19.11. Kl. 20:00 U | Lau 20.11. Kl. 20:00 Ö | Sun 21.11. Kl. 14:00 Ö |

Rómantík og rekkjubrögð

Ný bók eftir daðurdrottninguna og kynlífsgúrúinn **Tracey Cox**





FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
vísir.is

VILHJÁLMUR ÞÓR: FÆR LÚXUSFERÐ TIL NEW YORK Í SÁRABÆTUR

# Fór á nammifyllerí þegar Herra hinsegin var slegin af

„Ég var kominn út um dyrnar, með allan farangurinn, vegabréf og flugmiða og var á leiðinni til ættingja minna í Keflavík þar sem ég ætlaði að gista daginn fyrir brottför. Ég ákvað hins vegar að tvítékka hvort ég væri ekki með allt, fór í fartölvuna og fyrsti póstur var að keppninni hefði verið aflýst,“ segir Vilhjálmur Þór Davíðsson, Hr. hinsegin okkar Íslendinga.

Mr. Gay Europe-keppnin, sem fara átti fram í Genf í Sviss á dögunum, var slegin af. Ástæðan var sú, að sögn Vilhjálms, að hótelið sem átti að hýsa keppnina ákvað að draga sig út sökum þess að það taldi sig ekki vera að græða nógu mikið á keppninni. „Skipuleggjendur og aðstandendur keppninnar reyndu allt hvað þeir gátu en fundu ekki keppnisstað með svona skömmum fyrirvara og þess vegna varð ekkert úr þessu.“

Vilhjálmur segir þetta vissulega vera svekkjandi, hann hafi verið búinn að fá sig lausan úr vinnu til að taka þátt og eytt ómældum tíma í undirbúning. „Ég tók þetta alla leið, æfði tvisvar á dag, sleppti allri óhollustu og var í flottu formi. Ég fór náttúrulega á algjört nammifyllerí þegar þetta var staðfest.“ Vilhjálmur er einnig með keppnisrétt í Mr. Gay World sem fram fer í Manila á Filippseyjum. Hann segir meiri líkur en minni á að hann taki þátt í þeirri keppni þótt hann viðurkenni að hann sé aðeins brenndur af fyrri reynslu. „Mér þykir líklegra að ég fari,“ segir hann.

Vilhjálmur getur hins vegar brosað í gegnum tárin því fyrir algjöra tilviljun var norskur hóteleigandi, Jarl Haugedal, staddur hér á landi ásamt vinkonu sinni Heru Björk, Eurovision-stjörnu. Haugedal þessi á lúxusíbúðarhótelið NYC-JC og situr í dómnefnd Mr. Gay Europe og fann til með Vilhjálmi sökum þess hversu mikla vinnu hann hafði lagt í keppnina. „Þannig að Iceland Express og hann ætla að bjóða mér til Bandaríkjanna. Ég fæ að gista í svítu hótelsins. Sem er ekkert slæmt og bætir þennan missi algjörlega upp.“ freyrgigja@frettabladid.is



**EKKERT SVO SVEKKTUR** Vilhjálmur Þór var á leiðinni á Mr. Gay Europe þegar keppnin var slegin af. Hann fær hins vegar ferð til New York og fría gistingu á glæsilegu íbúðahóteli í New Jersey í sárabætur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dr. Gunni klikkaði á Herra Rokk

„Þetta er ótrúlegt. Ég veit ekki alveg hvar klikkið átti sér stað, en þetta er að sjálfsögðu mér að kenna,“ segir tónlistarsérfræðingurinn og spilagerðarmaðurinn Dr. Gunni.

Nýja Popppunktsspilið er komið í valdar verslanir. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum átti draumur Rúnars Júlíussonar heitins að rætast með útgáfu spilsins, en hann átti að vera eitt af tólf spilapeðum. Hann datt út úr fyrra spilinu á síðustu stundu og sagan endurtók sig við útgáfu nýja spilsins.

„Ég ætlaði að hafa Rúnar en svo hef ég ekki gert það. Ég skrifa þetta á fyrstu einkenni Alzheimer. Það er frekar fúlt að þessi Alzheimer light-sjúkdómur hafi komið í veg fyrir að Rúnar væri með í Popppunktsspilinu,“ segir doktorinn.

Hvarf Rúnapeðsins var þó ekki eins dularfullt í fyrra spilinu, eins og Gunni útskýrir. „Í fyrra spilinu var allt klappað og klárt. Ég var búinn að tala við fullt af fólki og þar á meðal Rúnar,“ rifjar hann upp. „Svo fannst útgefandanum sniðugt að hafa Herbert [Guðmundsson] með og ég var ekkert búinn að tala við hann. Þannig að hann setti Herbert inn og tók Rúnar út. Svo var Herbert alveg brjálaður því að það var ekki búið að tala við hann. Og Rúnar var frekar fúll líka.“

Spilið kemur í fleiri verslanir í lok nóvember, en þeir sem vilja vera goðsögnin Rúnar Júlíusson í spilinu verða að taka upp föndurkassann. - afb



**PEÐIÐ HVARF AFTUR** Dr. Gunni kennir sjálfum sér um að Rúnapeðið var ekki heldur með í nýja Popppunktsspilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Aldrei meira úrval af gjafavöru!
Ath. Allar vörur með 25% afslætti!
LSA International
Diskur á fæti
+ hjálmur
11.950,- nú 8.963,-
Skál
8.600,- nú 6.450,-
Skál á fæti
7.500,- nú 5.625,-
Diskur á fæti
9.200,- nú 6.900,-
6.600,- nú 4.950,-
Skálar 2 stk.
Kanna
2.800,- nú 2.100,-
12.800,-
nú 9.600,-
5.800,-
nú 4.350,-
Margar gerðir af
vösum verð frá 4.200,-
13.500,-
nú 10.125,-
Glös 4 stk.
7.600,-
nú 5.700,-
Glös 4 stk.
Diskur á fæti (40 sm)
17.900,- nú 13.425,-
Skál
7.500,- nú 5.625,-
Kanna
5.800,- nú 4.350,-
Kanna
5.900,- nú 4.425,-
Krús m. loki
6.800,- nú 5.100,- stk.
Bolli + undirskál
1.980,- nú 1.485,-
2.300,- nú 1.725,-
Litlar skálar 2 stk.
Matardiskur 1.550,- nú 1.163,-
10.950,- nú 8.213,-
Skál 7.500,- nú 5.625,-
Skál m. glerausu 6.500,- nú 4.875,-
Full búð af nýjum vörum!
25% afsláttur af öllum vörum.
Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
HEIMA HÚSIÐ
Öndvegi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

NOVA


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eldar söðlar um

**Eldar Ástþórsson** er hættur störfum hjá tónlistarsíðunni Gogoyoko.com. Auk þess lætur hann á næstunni af störfum sem framkvæmdastjóri tónlistarsjóðsins Kraums. Ástæða þessa er að Eldar hefur ráðið sig til starfa hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP og hefur hann störf þar í næstu viku. Eldar mun starfa í markaðsdeild fyrirtækisins. Eins og kunnugt er hefur Eldar verið afkastamikill í tónleikahaldi hér á landi undanfarin misseri, meðal annars sem framkvæmdastjóri Iceland Airwaves hátíðarinnar, en nú hyggst hann draga sig í hlé á þeim vettvangi.



### Hætti við framboð – samt rekin af RÚV

Margir hafa furðað sig á því eftir að listi yfir frambjóðendur til stjórnlagaþings var birtur að þar skuli hvergi vera að finna nafn eins atkvæðamesta samfélagsrýnisins á Íslandi í dag – bloggarans **Láru Hönnu Einarsdóttur**. Nú er komin skýring á fjarverunni. Í tölvubréfi sem Lára Hanna sendi útvarpsstjóra og birt var á vefnum í gær upplýsir hún að hún hafi hætt við framboð sitt til að geta áfram flutt reglulega pistla í Morgunútvarpi Rásar 2 gegn greiðslu. Henni hefur nú verið launuð tryggðin með uppsögn. Og framboðsfrestur til stjórnlagaþings er löngu liðinn.



- hdm, sh

## Mest lesið vísir.is

1. Sagði föður Helgu hafa afneitað dóttur sinni
2. Sérstakar mæðgur
3. Rekinn eftir áratug á RÚV
4. Helga og Vickram funduðu með Obama
5. Kastaði einhverfu barni með valdi út úr Hólabrekkuskóla





